Vetrarferð Jóhanns

Menning ➤ 24

Náin vinátta Olgu og Árna

Lífið ➤ 30

Bleika slaufan fæst í Nettó
nettó

FRÉTTABLAÐIÐ

202. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR frettabladid.is FIMMTUDAGUR 14. OKTÓBER 2021

Bæjarstjóri var ekki upplýstur um minnisblað

Minnisblað vísindamanna um skriðuhættu á ellefu þéttbýlisstöðum veldur bæjarstjórum þar áhyggjum.

elinhirst@frettabladid.is

Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri í Bolungarvík

NÁTTÚRUVÁ „Mér finnst sérstakt að ég sé að heyra þetta fyrst í fréttum, ég veit ekki til þess að neinn hafi haft samband við mig eða önnur bæjaryfirvöld," segir Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri í Bolungarvík, um fregnir af minnisblaði um hættumat vegna skriðufalla sem Fréttablaðið sagði frá í gær.

„Ég heyrði þetta líka í útvarpinu í bílnum á leið í vinnuna og hugsaði með mér: Hvaða staðir skyldu þetta vera? en datt ekki í hug Bolungarvík," segir Jón Páll.

Bolungarvík er einn ellefu þéttbýlisstaða sem skoða þarf með tilliti til skriðuhættu, eins og fram kemur í minnisblaði vísindamanna til umhverfisráðuneytisins.

Eftir snjóflóðin í Súðavík og á Flateyri árið 1995 urðu straumhvörf í snjóflóðamálum á Íslandi. Ofanflóðasjóður var efldur og þróuð ný aðferðafræði við hættumat, byggðar upp varnir og vöktun efld.

Mest áhersla hefur verið lögð á varnir og vöktun snjóflóða. Ofanflóð eru hins vegar samheiti yfir snjóflóð og skriðuföll og í minnisblaði vísindamannanna segir að nú sé nauðsynlegt að gera svipað átak í skriðumálum á Íslandi og gert var í snjóflóðamálum eftir 1995.

„Þetta er alveg nýr veruleiki sem þarf að rannsaka," segir Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri á Ísafirði.

„Auðvitað erum við með ofanflóðavarnir hér fyrir ofan bæinn sem taka í einhverjum tilfellum líka við grjóthruni. En þetta er eitthvað alveg nýtt. Það átti til dæmis enginn von á skriðuföllum í Kinnarfjöllum á dögunum," segir Birgir.

Elías Pétursson, bæjarstjóri í Fjallabyggð, tekur í sama streng.

„Mér líst eðlilega ekki nógu vel á þá þróun sem merkja má í skriðuföllum undanfarin misseri," segir Elías.

„Einnig er það ákveðið áhyggjuefni að kerfið sem á að takast á við þennan málaflokk virðist tæplega vera í stakk búið til að gera það með ásættanlegum hraða og krafti. Þar ræður að einhverju leyti sú staðreynd að á undanförnum árum hefur einungis hluti þess markaða tekjustofns sem ætlað er að standa undir ofanflóðavörnum skilað sér." ■

Vilja ekki háhýsi

SKIPULAGSMÁL Íbúar í Neðra-Breiðholti eru uggandi yfir því að borgaryfirvöld ætli sér að byggja fjögurra til sjö hæða byggingar í Mjóddinni.

Um 96 prósent íbúa skrifuðu undir mótmæli gegn fyrirætlunum borgarinnar.

„Borgin vinnur fyrir okkur en er ekki þarna til að valta yfir okkur og gera eitthvað án samráðs við íbúa," segir Sóley sem býr í Stekkjahverfi.

SJÁ SÍÐU 4

Karlar og MeToo

SAMFÉLAG Fyrirspurnir til Stígamóta, frá karlmönnum sem óska eftir fræðslu um hvernig þeir geti tekið þátt í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi, hafa aukist eftir að önnur bylgja #MeToo hófst.

„Þetta snýst um að gefa karlmönnum verkfæri til að taka þátt í umræðunni," segir Hjálmar G. Sigmarsson, ráðgjafi hjá Stígamótum, sem fer fyrir námskeiðum fyrir karla, 18 ára og eldri, sem vilja taka virkan þátt í baráttunni. SJÁ SÍÐU 2



„Ég ek oft hérna fram hjá. Það voru vinir mínir sem máluðu síðasta Flatus og hann var orðinn hálf ljótur þannig að mig langaði að gera nýjan og fékk til þess leyfi," sagði Edda Karólína Ævarsdóttir við ljósmyndara Fréttablaðsins. Veggjakrotið fræga við Esjurætur er löngu orðið hluti af vegamenningu landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kennsla í Fossvogi fer nú fram í færanlegum kennslustofum.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Arkitekt segist ekki tefja verk

arib@frettabladid.is

REYKJAVÍK Arkitekt Fossvogsskóla hafnar því að hafa valdið töfum á endurbótum. Ákveðið var að taka allt húsnæðið í gegn þar sem hálfs milljarðs króna framkvæmdir dugðu ekki til að vinna bug á myglu.

Foreldrar sem sóttu fund með fulltrúum borgarinnar og verkfræðistofu í vikunni, segja að fram hafi komið að tafir á verkinu megi rekja til arkitekts hússins. Til dæmis hafi tekið langan tíma að ná sátt um nýja klæðingu.

Helga Gunnarsdóttir, arkitekt á teiknistofu Gunnars Hanssonar, segir það ekki rétt að hún eða hennar stofa hafi valdið töfum á framkvæmdum við Fossvogsskóla. Búið sé að vanda vel til vinnunnar.

Reykjavíkurborg segir í svari við fyrirspurn að lögbundinn hönnunarréttur sé á skólabyggingunum. Viðræður standi yfir við handhafa réttinda vegna þeirra framkvæmda sem fram undan eru. ■

5-0 tap í Madríd

Heiðdís Lillýardóttir, miðvörður Breiðabliks, bar höfuð og herðar yfir Athenea del Castillo, leikmanni Real Madrid, í Meistaradeildarleik liðanna á Spáni í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA.

Friðrik heimsótti kolefnisförgun

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Friðrik krónprins Danmerkur heimsótti Hellisheiðarvirkjun Orku náttúrunnar í gær, þar sem hann fór fyrir danskri viðskiptasendinefnd sem er að kynna sér orkumál og kolefnisförgun Carbfix við virkjunina. Umbreyting rafmagns í aðra orkubera, þar á meðal vetni, er einmitt á meðal sérstakra áhugamála Dananna í viðskiptasendinefndinni. ■

Friðrik krónprins Danmerkur

Árás með boga og örvum í Noregi

kristinnhaukur@frettabladid.is

NOREGUR Að minnsta kosti fjórir eru látnir og nokkrir særðir í bogaárás í bænum Kongsberg, 80 kílómetrum vestan við höfuðborgina Osló, í gærkvöldi.

Ekki löngu eftir að ríkismiðillinn NRK hafði sagt fréttir af því að maður gengi berserksgang í bænum, staðfesti lögreglustjórinn að maðurinn hefði verið handtekinn. Hann er talinn hafa verið einn að verki og hóf árásina í Coop Extra matvörumarkaði.

„Og svo heyrum við í þyrlunum og herinn er kominn," sagði Guðrún Elsa Giljan Kristjánsdóttir sem býr í Kongsberg ásamt tólf ára syni sínum, við frettabladid.is í gærkvöldi þegar árásin var að eiga sér stað. ■

Kennir körlum að berjast gegn kynbundnu ofbeldi

Hjálmar G. Sigmarsson fer fyrir námskeiði í Stígamótum þar sem karlar fá fræðslu um það hvernig þeir geti tekið þátt í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Aðsókn á námskeiðið hefur aukist í kjölfar annarrar bylgju #metoo.

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG Fyrirspurnir til Stígamóta, frá karlmönnum sem óska eftir fræðslu um hvernig þeir geti tekið þátt í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi, hafa aukist eftir að önnur bylgja #metoo hófst. Hjálmar G. Sigmarsson, ráðgjafi hjá Stígamótum, fer fyrir námskeiðum fyrir karla, 18 ára og eldri, sem vilja taka virkan þátt í baráttunni.

„Þetta snýst um að gefa karlmönnum verkfæri til að taka þátt í umræðunni," segir Hjálmar. Á námskeiðinu er meðal annars farið yfir baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi og starfsemi Stígamóta, hvernig unnið er með brotaþolum og hverjar afleiðingar kynferðisofbeldis eru.

„Afleiðingar kynferðisofbeldis eru kjarninn í okkar starfsemi og það hversu mikilvægt það er að vinna með þær og skilja hversu margbrotnar og flóknar þær eru," segir Hjálmar. „Á námskeiðinu förum við meðal annars yfir það hvað vinna með brotaþolum felur í sér og hugmyndafræðina á bak við hana."

Hjálmar segir að á námskeiðinu læri karlar hvernig taka megi þátt í umræðum tengdum kynbundnu ofbeldi. Svarið við því hvernig þeir geti tekið þátt í baráttunni sé þó misjafnt fyrir hvern og einn. Sumir leitist eftir því að fá verkfæri til að ræða kynbundið ofbeldi og #metoo í sínu nánasta umhverfi, við vini, ættingja og vinnufélaga en aðrir

Hjálmar segir ekki hægt að líta framhjá kynjaslagsíðunni. Fréttablaðið/Ernir

> Við karlar þurfum að tala um þetta við aðra karla af því að þó að það sé erfitt að kyngja því þá er þetta karlavandamál.
>
> Hjálmar G. Sigmarsson

starfi á sviði þar sem mikilvægt sé að þekkja málaflokkinn vel til að sinna skyldum sínum.

„Einhverjir vinna til að mynda í stjórnmálum og vilja vita hvernig hægt sé að koma málefninu betur á framfæri og bregðast rétt við," segir Hjálmar.

Hann segir umræðuna í kjölfar #metoo hafa orðið til þess að fleiri brotaþolar leiti sér hjálpar og segi frá ofbeldi sem þau hafi orðið fyrir, fleiri karlar vilji fræðast um það hvernig þeir geti tekið þátt í baráttunni gegn ofbeldi og að fleiri sem beiti ofbeldi leiti sér einnig hjálpar. Fyrir síðastnefnda hópinn bendir Hjálmar á að meðal annars sé hægt að leita aðstoðar hjá Heimilisfriði og á vefsíðunni taktuskrefið.is.

„Þó að við séum að færast frá því að tala um það hvað brotaþolar geti gert til að koma í veg fyrir ofbeldi þá er það því miður ekki búið, en ef við ætlum að koma í veg fyrir ofbeldi þá verðum við að tala um gerendur og getum ekki horft fram hjá því að þeir eru flestir karlar," segir Hjálmar.

„Hugmyndafræði námskeiðsins snýr að því að karlar taki umræðuna um kynbundið ofbeldi í sínu umhverfi, en segist ekki bara styðja baráttuna þegar konur heyri til. Við karlar þurfum að tala um þetta við aðra karla af því að þó að það sé erfitt að kyngja því þá er þetta karlavandamál, við berjumst gegn ofbeldi gegn öllum kynjum, en við getum ekki horft fram hjá þessari kynjaslagsíðu, hún er bara of mikil," segir Hjálmar.

Næsta námskeið hefst laugardaginn 16. október og fer skráning fram á heimasíðu Stígamóta. ■

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

● **Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is**

Suzuki á Íslandi YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Hlutfallið hækkar í iðngreinum eins og sjávarútvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þrjú prósent sem lentu í vinnuslysi

kristinnpall@frettabladid.is

VINNUMARKAÐUR Um 3,2 prósent Íslendinga sem eru við atvinnu tilkynntu vinnuslys á síðasta ári, en það er örlítið hærra en meðaltalið í Evrópu. Hlutfallið er þó talsvert lægra en í Finnlandi þar sem um 9,6 prósent tilkynntu vinnuslys og er það hæsta hlutfallið í Evrópu.

Þetta kemur fram hjá Eurostat, tölfræðiveitu Evrópusambandsins.

Hlutfallið var örlítið hærra hjá körlum en konum, 3,6 prósent karla sögðust hafa tilkynnt vinnuslys en 2,8 prósent kvenna, sem er sjötta hæsta hlutfall í Evrópu.

Ef litið er til starfsgreina var hæsta hlutfallið í greinum sem tengjast landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði og öðrum skyldum starfsgreinum, eða 7, 7 prósent. Þegar kemur að sérfræðingum og yfirmönnum lækkaði hlutfallið niður í 1,7 prósent. ■

Efast um lögmæti komugjaldsins

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Íslendingar greiddu að meðaltali 878 milljónir króna í sérstakt komugjald til sérfræðilækna síðastliðin þrjú ár og 780 milljónir að meðaltali til sjúkraþjálfara.

Þetta kemur fram í skýrslu Öryrkjabandalags Íslands, ÖBÍ, þar sem segir að innheimta sérstaks komugjalds sé mótleikur sérfræðilækna og sjúkraþjálfara við óbættum vaxandi rekstrarkostnaði.

ÖBÍ spyr hvort þetta sérstaka gjald sé löglegt, í ljósi þess að það er líkara sértækum veltuskatti.

Niðurstaðan fáist aðeins fyrir dómstólum.

Síðan sérfræðilæknar og sjúkraþjálfarar sögðu upp samningum við Sjúkratryggingar Íslands hafa þeir innheimt komugjöld milliliðalaust af sjúklingum til að dekka það sem þeim finnst upp á vanta. ■

Stjórnin hugsi meir um olíufélögin en loftslagið

bth@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Fara þarf aftur til metáranna 2011 og 2012 til að finna eins hátt verð á bensínlítra, allt að 275 krónur. Þetta kemur illa við neytendur, ekki síst láglaunafólk. Félag íslenskra bifreiðaeigenda telur ólíklegt að verð lækki á næstunni.

Orkuskipti úr jarðefnaeldsneyti yfir í vistvæna orkugjafa eru eitt brýnasta mál samtímans, að sögn vísindamanna. Því vakna spurningar um hvort hærra bensínverð kunni að draga úr akstri. Árni Finnsson, hjá Náttúruverndarsamtökum Íslands, segir erfitt að meta það, honum sé til að mynda ekki kunnugt um að áhrif hækkunar kolefnisgjalds á akstur innanlands hafi verið rannsökuð.

Árni Finnsson, hjá Náttúruverndarsamtökum Íslands

„Mér er ekki kunnugt um að nein rannsókn hafi verið gerð á áhrifum þessarar hækkunar á kaupmátt, neyslu eða losun gróðurhúsalofttegunda frá vegasamgöngum. Allir stjórnmálaflokkar sem tala fyrir hækkun kolefnisgjalds mæla einnig fyrir réttlátri skiptingu byrða þannig að hinir tekjuminni taki ekki meiri ábyrgð á losun en þeir neytendur sem losa mest, það er að segja hinir efnuðu," segir hann.

Árni segir að burtséð frá bensínhækkunum megi kolefnisgjald á eldsneyti ekki bitna á láglaunahópum. Fráfarandi ríkisstjórn hafi lagt höfuðáherslu á að niðurgreiða nýinnflutta rafbíla og tengiltvinnbíla, sem einungis hinir tekjuhærri geta keypt. Á hinn bóginn hafi ríkisstjórnarflokkarnir lagst gegn hækkunum sem gætu bitnað á olíufélögum eða bílaumboðum. „Bílaumboð hafa mestar tekjur af sölu stórra jeppa. Þau hagnast síður á sölu sparneytinna bíla." ■

Vilja ekki fá háhýsi í Neðra-Breiðholt

Í aðalskipulagi sem samþykkt var í síðustu viku er gert ráð fyrir fjögurra til sjö hæða byggingum í Mjódd. Það þýðir um 800 íbúðir og 600 þúsund fermetra af atvinnuhúsnæði. Íbúar óttast að nýja byggðin verði á skjön við hverfið.

benediktboas@frettabladid.is

Sóley Kristjánsdóttir fyrir utan heimili sitt, en bak við hana má sjá hina fornfrægu Mjódd, sem mun víkja í nýju aðalskipulagi borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

SKIPULAGSMÁL Íbúar í Neðra-Breiðholti eru uggandi yfir því að borgaryfirvöld ætli sér að byggja fjögurra til sjö hæða byggingar í Mjóddinni. Um 96 prósent íbúa skrifuðu undir mótmæli gegn fyrirætlunum borgarinnar.

Sóley Kristjánsdóttir og Gunnhildur Karlsdóttir hafa bent íbúum í Neðra-Breiðholti á hvað borgin ætli að gera. Gunnhildur, sem er grafískur hönnuður, bjó til kynningarefni sem gengið var með hús úr húsi. Þær segja samráð af hálfu borgarinnar hafa verið nánast ekkert.

„Þetta var svo illa kynnt og Gunnhildur var í raun að búa til kynningarefni fyrir borgina," segir Sóley, sem býr í Stekkjahverfi. Hún nýtur sólarinnar í garðinum sínum nánast frá morgni til kvölds.

Freyr Frostason, eiginmaður Sóleyjar og arkitekt, bendir á að gangi áætlanir eftir missa þau Sóley sólina vegna skugga um klukkan fjögur á jafndægri.

„Svo eru það umferðarmálin miðað við svona margar íbúðir og eru nú þegar miklar teppur á álagstímum við Stekkjarbakka og víðar í hverfinu. Einnig tel ég að skipulögð verði randbyggð með inngarði þar sem svæðið er mjög þröngt, sem þýðir að byggingar verða byggðar út í götu sem gerir enn verra skuggavarp til austurs," segir Freyr.

Gunnhildur bendir á að hönnun Neðra-Breiðholts sé þannig að byggðin sé lágreist og fimm til sjö hæða hús séu mjög á skjön við hönnun hverfisins.

Hér má sjá með rauðum lit hvar blokkirnar eiga að rísa. MYND/REYKJAVÍKURBORG

„Það er talað um í skipulaginu að taka tillit til nærliggjandi byggða sem okkur finnst ekki verið að gera. Hverfið er byggt í halla og allir íbúar fá góða dagsbirtu og gott útsýni. En það sem er alvarlegast er að okkur íbúum finnst skorta á samtal við borgaryfirvöld," segir Gunnhildur, sem vill ræða við borgaryfirvöld áður en framkvæmdir hefjast við hús með 800 íbúðum og 600 þúsund fermetra af atvinnuhúsnæði.

„Við höfum verið að kalla eftir því en svörin sem við höfum fengið hafa verið loðin," segir Gunnhildur.

Þær eru sammála um að þetta sé andstæða grunnskipulags hverfisins, sem er barnvænt með góðum göngu-leiðum og góðri miðju, þar sem börn þurfa nánast aldrei að fara yfir götu.

„Við erum ekki á móti uppbyggingu, alls ekki. Við viljum að sjálfsögðu fá einhverja hugguleg uppbyggingu og góða þjónustu. Þetta er mikilvægt svæði sem þarf að byggja upp, en það má hafa það hugguleg og ekki á skjön við allt. Að allt í einu rísi hér einhver Manhattan-eyja hinum megin við götuna, sem þarf sér leikskóla, skóla og aðra grunnþjónustu," segir Gunnhildur.

Í aðalskipulagi borgarinnar til 2040 eru flestar nýbyggingar undir fimm hæðum með undantekningum, sem eru yfirleitt í úthverfum.

„Borgin vinnur fyrir okkur en er ekki þarna til að valta yfir okkur og gera eitthvað án samráðs við íbúa," segir Sóley.

Aðalskipulag Reykjavíkur er á dagskrá borgarráðs í dag. Í bókun meirihlutans í skipulags- og samgönguráði segir að eðlilegt sé að við mótun byggðar sé leitast við að skala byggðina niður næst hinni lágreistu íbúðabyggð.

Þær Sóley og Gunnhildur segja að best væri ef borgin hlustaði á vilja 96 prósenta íbúa sem skoruðu á borgina að heimila ekki hærri byggð en fimm hæðir. ■

Hagspá Landsbankans

Kröftugur efnahagsbati hafinn

Landsbankinn býður til morgunfundar þar sem meðal annars verður kynnt ný þjóðhags- og verðbólguspá Hagfræðideildar bankans til næstu þriggja ára. Fundurinn verður haldinn í Silfurbergi í Hörpu, miðvikudaginn 20. október kl. 8.30–9.45 en hann verður einnig í vefstreymi á streymi.landsbankinn.is.

Skráning á landsbankinn.is.



Dagskrá fundar

Setning fundar Lilja B. Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans.

Þjóðhags- og verðbólguspá Landsbankans Daníel Svavarsson, forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans.

Hefur toppnum verið náð? Þróun og horfur á fasteignamarkaði. Una Jónsdóttir, hagfræðingur í Hagfræðideild Landsbankans.

Tekist á við byltingu: Eftirköst faraldursins og áhrif hans að flýta breytingum sem fylgja fjórðu iðnbyltingunni Paul Donovan, aðalhagfræðingur hjá UBS banka (UBS Global Wealth Management).

Bandaríska sendiráðið í höfuðborg Kólumbíu. MYND/EDITORCOLUMBIA

Afar dularfull veikindi sem herja á bandaríska sendiráðsstarfsmenn

helenaros@frettabladid.is

KÓLUMBÍA Undanfarið hefur starfsfólk bandaríska sendiráðsins í Bogota, höfuðborg Kólumbíu, kvartað yfir sambærilegri vanlíðan og vart hefur orðið á Kúbu og víðar. Málið hefur verið rannsakað árum saman, án árangurs.

Hljóð sem valda sársauka í eyrum, þreyta og svimi, eru meðal einkenna, en veikindin hlutu viðurnefnið Havana-heilkennið, eða UHI, eftir að þeirra varð fyrst vart í bandaríska og kanadíska sendiráðinu í Havana á Kúbu árið 2016.

Síðan þá hafa bandarískir diplómatar um allan heim fundið fyrir einkennum heilkennisins og nú síðast í Kólumbíu.

Forseti Kólumbíu staðfesti við New York Times að málið væri rannsakað í samvinnu við bandarísk stjórnvöld, þau leiði rannsóknina.

Alls hafa um 200 manns látið vita af sambærilegri vanlíðan, sumir hverjir hafi fundið fyrir einkennum svo mánuðum skiptir. Meira en helmingur þeirra eru starfsmenn bandarísku leyniþjónustunnar, CIA.

Í sumar greindu bandarískir starfsmenn í Vínarborg, höfuðborg Austurríkis, frá einkennum heilkennisins. Þá er einnig verið að rannsaka sambærilegt mál í Berlín í Þýskalandi.

Ýmsar getgátur hafa verið uppi um orsakir veikindanna, meðal þeirra sem nefndar hafa verið eru einhvers konar örbylgjur sem hafi áhrif á heilastarfsemi. ■

Ekki er ljóst hvort lögregla veiti undirbúningsnefnd kjörbréfanefndar Alþingis upplýsingar um rannsókn sína. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Atkvæði meðhöndluð áður en yfirkjörstjórn kom saman

Karl Gauti Hjaltason, fyrrverandi alþingismaður, segir lögregluna þurfa að rannsaka staðhæfingar um að átt hafi verið við atkvæðabunka áður en formleg endurtalning vegna alþingiskosninganna hófst í Norðvesturkjördæmi.

gar@frettabladid.is
adalheidur@frettabladid.is

KOSNINGAR Karl Gauti Hjaltason, fyrrverandi alþingismaður, sendi lögreglunni á Vesturlandi nýjar ábendingar á þriðjudag í kjölfar kæru sinnar vegna endurtalningar í alþingiskosningunum í Norðvesturkjördæmi.

Karl Gauti segir ábendingar sínar í fyrsta lagi snúa að meðhöndlun atkvæða á talningarstað áður en fundur yfirkjörstjórnar hófst klukkan 13.00 á sunnudeginum. Þá átti að endurtelja atkvæði í kjördæminu.

„Samkvæmt heimildum voru þeir sem mættu í talningarsal fyrir klukkan 13.00 búnir að meðhöndla atkvæðabunka í salnum fyrir fundinn. Bendi ég lögreglu á að þessar staðhæfingar þurfi skilyrðislaust að kanna og upplýsa í minnstu smáatriðum," segir Karl Gauti. Fleira þurfi að kanna, eins og hvar í salnum atkvæðin hafi verið geymd – bæði afgangsseðlar, notuð atkvæði, ógild og önnur.

Í öðru lagi kveðst Karl Gauti benda á gerðarbók yfirkjörstjórnarinnar og ritun fundargerða yfirkjörstjórnarinnar. Varðandi það vakni fjölmargar spurningar, til dæmis hvað varði vöntun á undirritunum í gerðarbókina, sérstaklega í ljósi þess að heimildir séu um að einhverjir kjörstjórnarmenn hafi neitað að undirrita fundargerð þennan dag.

„Einnig berast fréttir af meintum ágreiningi innan kjörstjórnarinnar um endurtalninguna og þá er eðlilegt að sú spurning vakni af hverju sá ágreiningur kemur ekki fram í bókunum yfirkjörstjórnarinnar," segir Karl Gauti. Einnig veki athygli að engar bókanir, hvorki frá umboðsmönnum né einstökum kjörstjórnarmönnum, sé að finna í fundargerðinni.

Karl Gauti undirstrikar að talning atkvæða fylgi lögbundnu ferli sem sé skýrt afmarkað með fjölmörgum ákvæðum í kosningalögum.

„Fyrir liggur að fjölmörg þessara ákvæða voru ekki virt af hálfu yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis. Hæst ber áskilnað um að kjörgögn skuli ávallt innsigluð og ákvæði um skipun umboðsmanna framboða í talningu, en síðartalda atriðið taldi Hæstiréttur alvarlegan annmarka á framkvæmd talningar í dómi sínum 2011 um kjör til stjórnlagaþings. Ég á von á að lögregla upplýsi betur atburðarásina, svo unnt verði að sjá nákvæmlega hvernig þetta fór allt saman fram," segir Karl Gauti Hjaltason.

Eins og fram hefur komið hefur lögreglan á Vesturlandi lokið rannsókn sinni vegna kæru Karls Gauta og sent málið áfram til ákærusviðs embættisins til ákvörðunar um næstu skref.

Fundað var í undirbúningsnefnd kjörbréfanefndar Alþingis í gær. Engar gestakomur voru á fundinn en nefndin hefur óskað eftir upplýsingum frá lögreglunni á Vesturlandi um rannsókn hennar á talningunni í Norðvesturkjördæmi, meðal annars um upptökur úr eftirlitsmyndavél á Hótel Borgarnesi þar sem talningin fór fram. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins liggur ekki fyrir hvort lögregla mun veita nefndinni upplýsingar úr rannsókninni, eða hvort nefndin þurfi að afla sömu upplýsinga sjálf.

Samkvæmt nýsamþykktum verklagsreglum nefndarinnar mun hún almennt afla upplýsinga skriflega, en slík upplýsingaöflun getur samkvæmt reglunum meðal annars falið í sér beiðni til kjörstjórna og annarra opinberra aðila um tiltekin gögn, eða svör við tilteknum spurningum. ■

> Bendi ég lögreglu á að þessar staðhæfingar þurfi skilyrðislaust að kanna og upplýsa í minnstu smáatriðum.

Karl Gauti Hjaltason, fyrrverandi alþingismaður

Börn á símavakt alla nóttina

bth@frettabladid.is

LÝÐHEILSA Erla Björnsdóttir sálfræðingur segir ótvírætt að símar hafi mjög mikil áhrif á svefn barna og unglinga. Endalausar tilkynningar kunni að raska ró þeirra, mörg börn leggist til svefns með kveikt á símum og noti símann sem vekjaraklukku. Það síðasta sem mörg börn og ungmenni geri áður en þau leggist með höfuðið á koddann sé að tékka á símanum. Skjábirtan og áreitið örvi heilann þegar mestu varði að börnin slaki á.

„Það er mjög mikilvægt að foreldrar reyni að takmarka skjánotkun á kvöldin, best væri að sleppa henni alveg síðasta klukkutímann. Við verðum að athuga að börn hafa oft aðgengi að öllum vinum sínum í gegnum símann inni í svefnherberginu," segir Erla.

Fréttablaðið hefur síðustu daga fjallað um svefnmál barna og ungmenna. Ein leið sem sögð er fær til að auka hvíld barna og bæta heilsu og námsárangur er að seinka fyrstu tímum í skólum á morgnana.

Annar vandi, samkvæmt rannsóknum, er skjánotkun barna. Erla mælir með að foreldrar setji börnum sínum reglur strax við fyrstu farsímaeign þeirra. Erfiðara sé að setja strangari reglur síðar. Þá kunni foreldrar í sumum tilvikum að sofna í þeirri trú að börnin séu sofnuð þegar þau séu í raun í símanum.

„Við foreldrar vanmetum áhrif skjánotkunar á svefn. Ég held að það sé alveg ljóst." ■

Erla Björnsdóttir sálfræðingur segir að foreldrar vanmeti áhrif skjánotkunar á svefn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust

Kynningardagar 14. - 20. október.

20% afsláttur

af öllum CLINIQUE vörum

Glæsilegur kaupauki frá CLINIQUE fylgir* ef keyptar eru CLINIQUE vörur fyrir 7.900 kr. eða meira.

*á meðan birgðir endast

NÝTT OG ENDURBÆTT

Smart Clinical Repair Wrinkle Correcting Serum.
Sérlega áhrifaríkt hvernig það vinnur á línum og hrukkum.
Sjáanlegur munur á húð eftir 10 daga.

HAGKAUP
Snyrtivara

Teikn á lofti um bólumyndun

magdalena@frettabladid.is

Már Wolfgang Mixa, lektor í fjármálum við Háskólann í Reykjavík, sagði að ákveðin teikn væru á lofti um að bólumyndun væri á mörkuðum.

Þetta sagði hann í sjónvarpsþættinum Markaðinum sem sýndur var í gærkvöldi á Hringbraut.

Már talaði á fundi á vegum Viðskiptaráðs og Samtaka fjármálafyrirtækja, þar sem hann sagði meðal annars að væntingar fólks sem væri að stíga sín fyrstu skref á hlutabréfamarkaði ættu frekar að vera minni en meiri.

Már Wolfgang Mixa, lektor í fjármálum við

Í Markaðnum var Már spurður hvort það væri of seint fyrir fólk sem væri að stíga sín fyrstu skref á hlutabréfamörkuðum að komast inn á markaðinn, sagði hann að hann teldi svo ekki vera. „Nei, ég tel ekki að það sé of seint en það er eins með hlutabréf og margt annað að það er betra að taka skrefin hægt. Það er líka mikilvægt að halda til haga að það er stór munur á því að fjárfesta í bréfum sem eru áhættusöm og síðan því sem ég vil kalla að fjárfesta í „leiðinlegum“ fyrirtækjum.“

Hann sagði jafnframt að hann hefði mestar áhyggjur af því að fólk setti stóran hluta af sparnaði sínum í áhættumiklar fjárfestingar. „Fólk ætti að eiga mest í „leiðinlegum“ fyrirtækjum. Fyrirtækjum sem eru með stönduga afkomu. Ég hef mestar áhyggjur af því að fólk sé að fara með stóran hluta síns sparnaðar í áhættumiklar fjárfestingar. Það eru ýmis teikn á lofti um að það sé bóla að myndast.“

Aðspurður hver hann teldi að þróunin yrði á mörkuðum á komandi misserum, sagðist hann telja að vaxtastig yrði tiltölulega stöðugt. „Ég myndi veðja á það að vaxtastig verði frekar stöðugt og þó verðbólga muni hækka til skemmri tíma mun hún verða tiltölulega lág. Ég tel að ytri aðstæður séu jákvæðar fyrir hlutabréfamarkaðinn en að því sögðu er ómögulegt að spá fyrir um slíkt.“ ■



Steingrímur Arnar segir að nú hafi þeir erlendu fjárfestar, sem höfðu hug á því að selja hlutabréf sín á Íslandi, gert það. „Við erum búin að núllstilla kerfið fyrir árið 2021.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Erlendir fjárfestar horfi í meiri mæli til að fjárfesta á íslenska markaðnum

Íslenska ríkið á möguleika á að vera með betra lánshæfismat en flest önnur vestræn ríki. Seðlabankinn greip ekki til magnbundinnar íhlutunar eins og margar aðrar þjóðir gerðu, segir framkvæmdastjóri verðbréfafyrirtækis.

helgivifill@frettabladid.is

Efnahagshorfur á Íslandi eru mun bjartari en margra annarra ríkja á Vesturlöndum. Af þeim sökum munu erlendir fjárfestar horfa í meira mæli til Íslands. Þetta segir Steingrímur Arnar Finnsson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta, hjá Fossum mörkuðum.

„Við erum í úrvalsdeild þegar litið er til getu hagkerfisins til að vinna sig úr Covid-19 heimsfaraldrinum, hvort sem litið er til hagvaxtarhorfa eða aðstöðu til að greiða niður ríkisskuldir,“ segir Steingrímur Arnar. „Íslenska hagkerfið á mun betri möguleika á kröftugri viðspyrnu en önnur þróuð lönd,“ bætir hann við.

Steingrímur Arnar segir að íslenska ríkið geti á næstu tveimur til þremur árum greitt niður lán sem taka þurfti til að takast á við Covid-19. Við það muni lánshæfiseinkunn ríkisins verða betri en margra annarra vestrænna ríkja. „Það vinnur einnig með Íslandi að Seðlabankinn varð ekki að grípa til magnbundinnar íhlutunar sem margar aðrar þjóðir hafa orðið að beita í miklum mæli,“ segir Steingrímur Arnar. Magnbundin íhlutun er ígildi peningaprentunar en slíkt stuðlar alla jafna að verðbólgu.

Sérfræðingar á markaði hafa sagt við Markaðinn að það að hagvaxtarhorfur hérlendis hafi ekki verið betri en annars staðar hafi dregið úr áhuga erlendra fjárfesta hér á landi.

Steingrímur Arnar tekur ekki að öllu leyti undir það og segir að margvíslegar ástæður liggi að baki því að erlendir fjárfestar hafi dregið úr umsvifum sínum á íslenska hlutabréfamarkaðnum. „Þegar óvissan í efnahagslífinu var hvað mest í mars, apríl í fyrra, var íslenski hlutabréfamarkaðurinn ekki ódýr í samanburði við önnur lönd,“ segir hann og nefnir að við það hafi ýmsir erlendir fjárfestar kosið að selja hér á landi og kaupa hlutabréf í öðrum löndum.

Hann segir að nú hafi þeir erlendu fjárfestar sem höfðu hug á því að selja hlutabréf sín á Íslandi gert það. „Við erum búin að núllstilla kerfið fyrir árið 2021.“

Aðspurður hvort mat erlendra fjárfesta á hver gengisþróun krónu verði á næstunni muni hafa mikið að segja um hvort þeir fjárfesti hérlendis, bendir hann á að fjárfestar geti varið sig gagnvart gengisáhættu. „Flestir fjárfestar sjá tækifæri ef það er meðvindur og hér eru góðar aðstæður hvað það varðar. Auk þess hefur Seðlabankinn tekið hlutverk sitt alvarlega og dregið úr gengissveiflum. Það hefur aukið tiltrú á krónuna og nú er verðmyndun á gjaldeyrismarkaði mun dýpri en áður. Það eykur áhuga erlendra fjárfesta,“ segir Steingrímur.

Steingrímur Arnar segir að útflutningur frá Íslandi sé orðinn fjölbreyttari en fyrir fáeinum árum þegar ferðaþjónustan varð stærsta atvinnugreinin þegar kemur að gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins. Ferðaþjónusta verði áfram umsvifamikil en þó ekki jafn hlutfallslega stór og þegar mest var. Sjávarútvegur, meðal annars fyrir tilstuðlan laxeldis, líftækni og hugverkaiðnaðar, fari hratt vaxandi. ■

> **Íslenska hagkerfið á mun betri möguleika á kröftugri viðspyrnu en önnur þróuð lönd.**

Steingrímur Arnar Finnsson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta hjá Fossum mörkuðum

FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR

TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA

Kynntu þér árangur og úrval ÍV sjóða á WWW.IV.IS

ÍSLENSK VERÐBRÉF

síðan 1987

Aukinn stuðningur verði varanlegur

magdalena@frettabladid.is

Mikilvægt er að binda varanlega í lög hækkun á endurgreiðsluhlutfalli og þak á skattafrádrætti vegna rannsókna og þróunar. Þetta segir Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs Samtaka iðnaðarins, í samtali við Markaðinn. Nú er um tímabundið ákvæði að ræða.

Skattafrádráttur tölvuleikjafyrirtækisins CCP á síðustu tveimur árum var umfram lögbundinn hámarksfrádrátt á hvert fyrirtæki, að því er fram kom í frétt Kjarnans. Í fyrra gat hámarksfrádráttur orðið 180 milljónir króna, en árið 2019 nam hámarkið 90 milljónum króna. Upplýsingafulltrúi CCP rakti ástæðuna til þess að fyrirtækið ynni að tveimur þróunarverkefnum. Embætti ríkisskattstjóra sagði við vefmiðilinn að hámarkið væri hugsað þvert á fyrirtæki.

Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI

Sigríður segir, aðspurð hvort frádrátturinn ætti fremur að miðast við verkefni en fyrirtæki, að það sé aðeins útfærsluatriði. „Markmiðið með skattafrádrættinum er að auka fjárfestingu í nýsköpun sem skilar sér margfalt til baka í formi nýrra starfa, meiri útflutnings og verðmætasköpunar til framtíðar. Hvort skatturinn miðast við fyrirtæki eða verkefni er útfærsluatriði og ætti ekki að þrengja rammann of mikið enda skilar fjárfestingin sér ríkulega til baka.“

Hún segir að tímabundin hækkun vorið 2020 hafi strax haft jákvæð áhrif, þar sem fyrirtæki í hugverkaiðnaði blésu til sóknar, fjölguðu starfsfólki og juku fjárfestingu í nýsköpun, en það sé ávísun á aukna verðmætasköpun.

„Vaxtartækifræin eru mikil í hugverkaiðnaði, sem er orðinn fjórða stoðin í útflutningstekjum þjóðarbúsins. Við hvetjum næstu ríkisstjórn til þess að halda áfram á þeirri braut af fullum krafti að efla samkeppnishæfni Íslands á sviði nýsköpunar og festa skattahvata í sessi til frambúðar og í raun lýsa því yfir að þeir séu komnir til að vera.“

Sigríður segir jafnframt að það muni koma til með að auka fyrirsjáanleika og leiða til þess að fyrirtæki haldi áfram að fjárfesta hér á landi og gera langtíma áætlanir. „Það er það sem skiptir öllu máli, þá sérstaklega fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.“ ■

NÓI SÍRÍUS

KÖKUBÆKLINGURINN ER KOMINN!

cocoa HORIZONS

VÖRÁR

Sirius Sælkerabakstur

Bökunarvörurnar frá Nóa Síríus eru fullkomnar í baksturinn.
Hvort sem það er silkimjúkt rjómasúkkulaði, kraftmikið suðusúkkulaði eða ljúffengt lakkrískurl, þá verður þinn sælkerabakstur enn betri með vörunum frá Nóa Síríus.

Horft suður í átt að Mývatni með þverhnípta hamraveggi Stóra-Vítis í forgrunni og Litla-Víti aðeins sunnar. Stærð gíganna sést vel á smæð fjallahjólafólksins neðst á myndinni. MYNDIR/ÓMB

Víti sem er hola í höggi

Tómas Guðbjartsson
hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi

Ólafur Már Björnsson
augnlæknir og ljósmyndari

Á Íslandi eru allnokkur örnefni sem vísa til helvítis, líkt og Víti, sem af einhverjum ástæðum eru langflest á Norðausturlandi. Frægast þeirra er sprengigígurinn Víti í Öskju sem myndaðist við eldsumbrotin miklu 1875. Við rætur fjallsins Kröflu er annað Víti sem varð til í Mývatnseldum 1724 og er vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Færri þekkja hins vegar til Stóra-Vítis, Litla-Vítis og Langa-Vítis á Þeistareykjabungu. Hún er flatvaxin dyngja (564 m) sem myndaðist fyrir rúmlega 10.000 árum síðan þegar þunnfljótandi hraunlög runnu hvert yfir annað úr toppgígnum Stóra-Víti. Þvermál gígsins, sem klæddur er þverhníptum hamraveggjum, er tæpur kílómetri og dýpi um það bil 100 m. Norðan hans er aflangur eldgígur, Langa-Víti, en frá honum rann hraun sem er yngra en Þeistareykjabunga. Sunnan Stóra-Vítis er síðan Litla-Víti. Það gefur stóra bróður ekkert eftir nema stærðina, en gígurinn er tæplega 150 m að breidd og 40 metra djúpur. Reyndar er Litla-Víti ekki eiginlegur gígur heldur fallgígur (pit crater) en hann varð til þegar þak á hraunrás frá toppgígnum gaf sig og skildi eftir fallega formaða gígskálina. Hún er næstum fullkomlega hringlaga og gígurinn eins og stansaður út úr yfirborði dyngjunnar, þannig að úr lofti minnir hún helst á risastóra holu á golfvelli.

Það er óhætt að mæla með ferð að Stóra- og Litla-Víti, annað hvort akandi eða ríðandi, en skemmtilegast er að notast við fjallahjól, enda frábær fjallahjólaleið. Frá Húsavík er ekið upp að Þeistareykjum og þaðan fylgt jeppaslóða í austur að gígunum tveimur. Á leiðinni er tilvalið að kíkja inn í helli sem heitir Togarahellir, en háhitasvæðið við Þeistareyki er lítið fyrir augað eftir að það varð virkjun að bráð. Þar var á árum áður unninn brennisteinn sem hreinsaður var á Húsavík og síðan fluttur til Kaupmannahafnar. Efst á Þeistareykjabungu er gaman að ganga í kringum báða gígana, og sést þá vel hversu snotur sá minni er. Gígana er einnig hægt að heimsækja að vetri til á ferðaskíðum en fara verður með gát því holurnar sjást illa á snjóþungri heiðinni. Þarna er rétt að hafa Víti til varnaðar og forðast óvænt ferðalag til hins neðra. Hægt er að halda sömu leið til baka eða halda áfram för eftir torfærum jeppaslóðum í átt að Kröflu eða Axarfirði. ■

Úr lofti er Litla-Víti nánast fullkomlega hringlaga og minnir á risastóra golfholu.

Leiðin yfir Þeistareykja- og Krófluhraun að Litla-Víti eru frábærar fjallahjólaleiðir.

Ný sending

af HEAD reiðhjólum

- Rafhjól
- Fjallahjól
- Hybrid hjól
- Sparkhjól

Mikið úrval - Frábær verð
Gerðu verðsamanburð

HEAD X-Rubi Cross
Hybrid - Shimano Deore 3x10
97.995,-

Head X-Rubi IV
29" - Shimano SLX 1x12
179.995,-

HEAD Adapt Edge Lady
Carbon - Shimano Deore 1x12
419.995,-

HEAD E I-Peak RM W
Rafhjól - Shimano Altus 3x8
219.995,-

HEAD E I-Peak RM M
Rafhjól - Shimano Altus 3x8
219.995,-

HEAD E-Revelo RM W
Rafhjól - Shimano Altus 3x8
219.995,-

HEAD I-Peak I W
Hybrid - Shimano TX 3x8
69.995,-

HEAD I-Peak I M
Hybrid - Shimano TX 3x8
69.995,-

HEAD Faro
Sparkhjól - Frábært í jólapakkann
19.995,-

FISCHER RUDY PROJECT STEVENS BIKES KV+ alpina swix Vango HEAD Everest

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is | facebook.com/everestverslun

Byrjum seinna

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Tæplega helmingur íslenskra unglinga í 8. til 10. bekk sefur aðeins 7 klukkustundir eða minna á nóttu og er meðalsvefntími 15 ára unglinga aðeins um sex klukkustundir. Hér er átt við virka daga, þegar vakna þarf til skóla, sem víðast hvar hefst á slaginu 8.30.

Samkvæmt landlækni ættu ungmenni að ná átta til tíu tíma svefni, svo ljóst er að við erum langt undir þeim viðmiðum. Eins og frægt er breytist eitt og annað þegar blessuð börnin umturnast yfir í unglinga og eitt af því er svefninn. Á meðan þörfin eykst, meðal annars vegna orkunnar sem fer í kynþroskann, eykst áhuginn á að vaka. Vinir, snjalltæki, sjónvarp, tómstundir og heimalærdómur tekur meiri tíma en áður og þarf að rúmast innan vökutíma sem þannig vill lengjast.

Meðaleinstaklingur ver þriðjungi ævinnar í svefn og það ekki að ástæðulausu, enda hvílist þá kroppurinn, endurnýjar sig og styrkir ónæmis- og taugakerfið. Skortur á svefni aftur á móti eykur líkur á margvíslegum heilsukvillum, auk þess sem svefnskortur hefur mikil áhrif á vinnuframlag og andlega líðan. Geðræn vanlíðan á unglingsárum getur svo leitt til langvarandi vanheilsu á fullorðinsárum. Rannsókn á heilsu og lífskjörum unglinga, sem gerð er í 44 Evróputöndum á fjögurra ára fresti sýndi árið 2019 að nærri 40 prósent íslenskra 10. bekkinga fundu fyrir depurð vikulega. Eins hefur verið sýnt fram á að íslenskir unglingar neyti ótæpilegs magns orkudrykkja sem innihalda koffín.

Unglingarnir okkar eru daprir, þreyttir og þyrstir í koffín. Hvað er til ráða? Augljós lausn virðist vera að leyfa þeim að sofa lengur og mæta seinna í skólann, enda líklegra til árangurs en að berjast við snjalltækin sem sannarlega skerða svefninn. Samkvæmt frétt Fréttablaðsins á þriðjudag virðast flestir hlutaðeigandi vera sammála um að færa upphaf skóladags til klukkan níu – hvað er það þá sem stoppar? ■

> Unglingarnir okkar eru daprir, þreyttir og þyrstir í koffín.

Bleiki dagurinn

Bleiki dagurinn er á morgun, föstudag, svo það fer hver að verða síðastur að draga fram úr fataskápnum fagurbleikar flíkurnar eða baka bleikt bakkelsi til að bjóða upp á í tilefni dagsins. Bleiki dagurinn er haldinn árlega til að sýna konum sem greinst hafa með krabbamein stuðning og samstöðu. Til að dreifa fagnaðarerindinu sem víðast er um að gera að birta bleikar myndir á samfélagsmiðlum og merkja #bleikaslaufan. ■

Halldór

Frá degi til dags

kristinnhaukur@frettabladid.is

Bágtið
Gærdagurinn var áfall fyrir þá sem héldu að Þórólfur myndi slaka á kórónuklónni. Það er nú af og frá. Hvers vegna ekki? Jú, út af inflúensu og RS-veiru. Svo hefur heyrst að berklar séu farnir að láta á sér bera og bókað farið að bóla á bólusótt. Kólera er á kreiki og mislingar mjög margir. Alnæmi er á allra vörum og einnig einkirningasótt og ebóla. Svo er auðvitað helvítis hellingur af hettusótt, holdsveiki og hlaupabólu. Nei, það verður ekki aflétt í bráð. Því ef þetta bregst þá er létt að vísa í þágufallssýki og léttasótt. Eða aðskilnaðarkvíða og valdasýki?

Tveir þriðju
7,6 prósent landsmanna vilja Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins, sem forsætisráðherra samkvæmt nýrri könnun. Sem er merkilegt í ljósi þess að 24,4 prósent kusu flokkinn þann 25. september. Ef við gerum ráð fyrir því að allir þeir sem vilja Bjarna í embættið séu kjósendur Sjálfstæðisflokksins, gerir það aðeins rúmlega 31 prósent. Katrín Jakobsdóttir mælist langhæst allra með 58 prósent og aðrir formenn halda betur í kjörfylgið en Bjarni. Þýðir þetta því að stærstur hluti Sjálfstæðismanna, um tveir þriðju hlutar, vilja frekar sjá vinstri sósíalista í sæti forsætisráðherra en sinn eigin formann. ■

Tryggvagata – listagata

Hjálmar Sveinsson
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og formaður menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs

Tryggvagata er að verða ein flottasta gata bæjarins. Búið er að steypa stórt torg við Tollhúsið sem teiknað var af Gísla Halldórssyni. Óhætt er að segja að hið magnaða mósaíkverk Gerðar Helgadóttur njóti sín afar vel þegar allir bílarnir eru farnir. Það tók Gerði um tvö ár að vinna verkið, sem var sett upp á árunum 1972 og 1973. Gerður lést tveimur árum eftir að verkið var klárað, aðeins 47 ára gömul.

Þar sem áður var bílastæði verður mannlífstorg. Ef að líkum lætur munu meðal annars liststúdentar spranga um torgið með möppur undir handleggnum því til stendur að Listaháskóli Íslands verði þarna. Torgið er sólríkt og í skjóli fyrir norðanáttinni. Það verður mikill happafengur fyrir miðborgina að fá Listaháskólann í Tryggvagötuna

Undanfarið ár hafa borgin og Veitur unnið að endurgerð Tryggvagötu. „Lífleg og fjölbreytileg almenningsrými“ og „aðlaðandi borgarbragur“ eru leiðarljós við endurgerðina. Mósaíkverkið verður lýst upp.

Endurnýting húsa
Hafnarhúsið er næsta hús. Þar er Listasafn Reykjavíkur til húsa. Borgin hefur nú keypt allt húsið. Það verður hús myndlistar. Nú er að fara af stað hugmyndavinna um nýtingu hússins og hvernig myndlistinni verður gert sem hæst undir höfði. Í húsinu verður meðal annars safn Nínu Tryggvadóttur, en á dögunum var skrifað undir samninga vegna höfðinglegrar gjafar Unu Dóru Copley, dóttur Nínu.

Næsta hús við Tryggvagötu, Grófarhúsið, verður hús orðlistarinnar. Þarna eru höfuðstöðvar Borgarbókasafnsins. Nú er verið að undirbúa arkitektasamkeppni um miklar umbætur á húsinu. Ætlunin er að safnið verði enn meira menningarhús, eins og bókasöfn hafa verið að þróast á Norðurlöndunum.

Tollhúsið, Hafnarhúsið og Grófarhúsið voru byggð sem vöruskemmur og skrifstofur á sínum tíma. Þau hafa smám saman gengið í endurnýjun lífdaga sinna. Sama má segja um Tryggvagötu sem var heldur grá, en mun nú hafa mikið aðdráttarafl. ■

> Þar sem áður var bílastæði verður mannlífstorg.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*,
FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Samtal um stöðugleika

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Með inngöngu þingmanns Miðflokksins í Sjálfstæðisflokkinn á dögunum er hluti Miðflokksins sjálfkrafa kominn með aðild að stjórnarsamstarfinu.

Það mun þó ekki hafa merkjanleg áhrif á samtal stjórnarflokkanna um framhald á samstarfinu.

Vægi frjálslyndra hugmynda minnkar

Hitt er annað að þessi vistaskipti styrkja til muna íhaldssamari væng Sjálfstæðisflokksins. Vægi frjálslyndra viðhorfa léttist að sama skapi. Eins veikir þetta siðferðilega ímynd Sjálfstæðisflokksins því engum getur dulist að þingmaðurinn, sem í hlut á, villti á sér heimildir í kosningunum.

Þó að þessi sérstaki pólitíski viðburður hafi ekki áhrif á viðræður um framhald stjórnarsamstarfsins er líklegt að aukinn styrkur íhaldssamrar hugmyndafræði muni hafa áhrif á framkvæmd þess, sem um verður samið og lausn þeirra viðfangsefna, sem upp koma.

Það sem tengt hefur stjórnarflokkana þrjá eru íhaldssöm viðhorf í þeim öllum gegn hvers kyns breytingum á ákveðnum sviðum. Að því leyti styrkist grundvöllur samstarfsins.

> Fram til þessa virðast viðræður stjórnarflokkanna mest snúast um liðna tíð; þau mál, sem þeir gátu ekki leyst á síðasta kjörtímabili.

Samstaða um að vera á móti

Vandi stjórnarflokkanna hefur hins vegar falist í hinu, að undirstaða þeirra byggir á ólíkri hugmyndafræði. Þeir geta því ekki komið sér saman um heilsteypta og markvissa stjórnarstefnu nema um þá hluti, sem þeir eru á móti.

Þetta kom ekki verulega að sök fyrir fjórum árum. Þegar ríkisstjórnin tók við hafði samkeppnisstaða útflutningsgreina verið bætt talsvert. Hagvöxtur var umtalsverður. Að auki hafði ríkissjóður skömmu áður tekið við gífurlegum fjárhæðum frá erlendum kröfuhöfum.

Við þessar aðstæður var unnt að mynda ríkisstjórn án þess að fylgja markvissri efnahagsstefnu. Kjósendur vildu pólitískan stöðugleika. Og stjórnin svaraði því kalli. Úrslit kosninganna 2017 gáfu ekki kost á öðrum raunhæfum möguleikum.

Fleiri möguleikar

Núna eru möguleikarnir fleiri. Það er unnt að mynda ríkisstjórnir, sem eiga ríkari hugmyndafræðilega samleið. En pólitískar aðstæður af ýmsu tagi eru þrándur í Götu þess.

Fyrir kosningar lá til að mynda í loftinu að VG og Framsókn myndu eiga áframhaldandi samleið, hvort sem stjórnin héldi velli eða ekki. Sigur Framsóknar virðist ekki hafa breytt þessari stöðu.

Ein afleiðing af því er sú að Sjálfstæðisflokkurinn á ekki möguleika á að komast í ríkisstjórn nema með VG.

Sé þetta mat rétt hefur forsætisráðherra alla þræði í hendi sinni í þeim samtölum sem nú fara fram. Fróðlegt verður að sjá hvort það hefur meiri áhrif á skiptingu verkefna eða stefnumótun.

Breyttar aðstæður

Það verður tiltölulega auðvelt fyrir stjórnarflokkana að ná saman um áframhaldandi pólitískan stöðugleika. Aftur á móti verður miklu snúnara að tryggja efnahagslegan stöðugleika. Aðstæður til þess eru með allt öðru móti nú en fyrir fjórum árum.

Strax árið 2019 var kominn halli á ríkissjóð. Sá slaki breyttist svo í gríðarlegan skuldavanda í heimsfaraldrinum. Hjá því var ekki komist.

Verðbólgan er nærri tvöfalt meiri en viðmið stjórnvalda gerir ráð fyrir.

Viðspyrna efnahagslífsins hefur verið heldur slakari en hjá helstu samkeppnislöndunum. Samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja er einfaldlega ekki nógu sterk.

Stjórnarflokkarnir ræddu ekki ríkisfjármál og efnahagsmál í kosningabaráttunni. En nú þarf að móta mjög skýra stefnu, sem líkleg er til að styrkja samkeppnishæfni atvinnulífsins. Eins þarf að móta skýra og trúverðuga stefnu í ríkisfjármálum.

Pólitískur stöðugleiki án efnahagslegs stöðugleika?

Efnahagslegur stöðugleiki verður heldur ekki tryggður nema ríkisstjórnin geri strax í upphafi grein fyrir launastefnu sinni. Stefnumótun á því sviði mun hafa afgerandi þýðingu fyrir framhaldið.

Formaður BHM vakti athygli á því nýlega að laun þyrftu að hækka um allt að níu prósent til þess eins að halda óbreyttum kaupmætti þegar samningar þess renna út eftir rúma fjórtán mánuði. Stjórnarsáttmáli þarf að geyma svar við því hvort það er mögulegt og þá með hvaða ráðum, ef ekki á að raska stöðugleikanum.

Fram til þessa virðast viðræður stjórnarflokkanna mest snúast um liðna tíð; þau mál, sem þeir gátu ekki leyst á síðasta kjörtímabili. Litlar fréttir hafa enn verið sagðar um mótun heildstæðrar efnahagsstefnu fyrir framtíðina.

Svo gæti því farið að þjóðin fái framhald á pólitískum stöðugleika án efnahagslegs stöðugleika. ■

Þegar ástandið verður yfirþyrmandi

Þorsteinn Jónsson
sérfræðingur í gjörgæsluhjúkrun

Ég er starfandi hjúkrunarfræðingur á Landspítala og hef starfað ýmist á bráðamóttöku- eða gjörgæsludeild yfir um 20 ára skeið. Að undanförnu hefur ástand Landspítala verið áberandi í fréttum og er sú umræða því miður síst orðum aukin.

Vakt eftir vakt er það mín tilfinning að ég nái ekki að sinna starfi mínu vel. Og nú er svo komið að mér líður þannig að mér finnst ég þurfa að biðja þá sjúklinga sem ég annast afsökunar á því að geta ekki veitt þeim nauðsynlega og mannsæmandi hjúkrun.

Mig langar að biðja aldraðan einstakling með slæma kviðverki afsökunar á að hafa ekki getað verkjastillt hann almennilega, vegna þess að samtímis kom inn sjúklingur með brjóstverk sem þurfti tafarlausa aðstoð.

Mig langar að biðja alla þá sjúklinga afsökunar sem ég hef þurft að aðstoða við að afklæðast á gangi deildarinnar, vegna þess að ekkert rúmstæði var laust fyrir viðkomandi.

Mig langar að biðja aldraðan, illa áttaðan sjúkling afsökunar á því að hann þurfti að dvelja rúmlega 40 klukkustundir í gluggalausu sjúkrarými með 10 öðrum einstaklingum á bráðamóttökunni, sökum þess að ekkert annað pláss var laust á legudeildum spítalans.

Mig langar að biðja sjúklinginn með háa hitann afsökunar á því að hafa ekki haft tök á því að meta ástand hans eins ítrekað og þurfti, vegna þess að aðrir fárveikir og slasaðir sjúklingar í minni umsjón þurftu á athygli og tíma mínum að halda.

Mig langar að biðja aðstandendur sjúklinga sem ég hef verið að annast afsökunar á að hafa ekki haft tíma í að sinna þeim eins vel og þeir þurftu, oft á verstu og viðkvæmustu stundum lífs þeirra. Ég get því miður haldið lengi áfram.

Það er búið að setja okkur heilbrigðisstarfsfólk í vonlausa stöðu og við látin bera of þungar byrgðar. Við erum að sligast undan ástandinu og kerfið okkar sömuleiðis. Stjórnvöld verða að axla sína ábyrgð og það ætti að vera þeirra að biðjast afsökunar á stöðunni og fyrir að hafa flotið sofandi að feigðarósi.

Það átta sig allir á, sem að málinu koma, að við þessar aðstæður er öryggi sjúklinga á Landspítala ógnað. Það er ekki hægt að segja það skýrar. Eftir hverja vakt geng ég út, andlega úrvinda og líkamlega uppgefinn – með það efst í huga hvort eitthvað hafi farið fram hjá mér eða ég misst einhverja bolta, og ég þakka fyrir að ekki hafi orðið stórslys, því geta bráðadeildar til að takast á við slíkt undir þessum aðstæðum er afar takmörkuð, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Vakt eftir vakt er bráðamóttaka Landspítala starfrækt eins og stærsta legudeild landsins, þrátt fyrir að aðbúnaður og eðli starfsemi deildarinnar bjóði ekki upp á slíkt. Margar rannsóknir hafa sýnt að við framangreindar aðstæður eykst óáttun sjúklinga og sjúkrahúsdvöl lengist.

Ég kem einnig töluvert að kennslu heilbrigðisvísindanema í klínísku starfi og kenni við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Margar vaktir horfi ég í brostin augu nemenda, sumir grátandi og andlega úrvinda, vegna þess að verkefnin sem þeim er ætlað að sinna, eru þeim ofviða. Það getur ekki talist eðlilegt að nemendur sem eru að stíga sín fyrstu skref í klínísku starfi sýni kulnunareinkenni áður en þau útskrifast, það er þau sem á annað borð halda áfram námi.

Myndlíkingar geta verið góðar til að setja hlutina í samhengi. Fráfarandi forstjóri Landspítala líkti ástandi á bráðamóttöku við það að elta strætó. Mig langar að líkja Landspítala við lítið fiskiskip þar sem ekki er í boði að hætta veiðum, þrátt fyrir að skipið sé drekkhlaðið. Það kemst þar af leiðandi ekki í höfn til að landa aflanum og sekkur að lokum með manni og mús. Er virkilega ekki hægt að bregðast betur við heldur en að „teikna“ ástandið upp í töflureikni – út frá forsendum um aukna framleiðni í heilbrigðiskerfinu?

Það er eitt að upplýsa um ástandið, annað að benda á rót vandans og lausnir. Í mínum huga er þetta nokkuð skýrt. Ákvarðanir dagsins í dag hafa afleiðingar síðar. Stjórnvöld hafa nýverið í tvígang niðurlægt hjúkrunarfræðinga í kjarabaráttu, meðal annars með því að setja lög á þá og þannig neitað stærstu heilbrigðisstétt landsins um sanngjarnar og réttlátar kjarabætur. Þetta er án efa einn stærsti orsakaþátturinn í því ástandi sem nú ríkir á Landspítala, og útskýrir að öllum líkindum hvers vegna fjórði til fimmti hver hjúkrunarfræðingur starfar við annað en hjúkrun fimm árum eftir útskrift. Allar aðrar lausnir eins og að fjölga hjúkrunarrýmum, fjölga legudeildum, fjölga nemendum í heilbrigðisvísindum eða stækka húsnæði, hanga á þessari sömu spýtu. Heilbrigðisstofnanir verða aldrei starfræktar án hjúkrunarfræðinga.

Með þessum skrifum vonast ég til að leggja lóð á vogarskálarnar í umræðunni og taka undir með samstarfsfólki mínu sem þegar hefur tjáð sig, í þeirri einlægu von að stjórnvöld átti sig á þeim alvarlegu aðstæðum sem þau hafa leyft að raungerast.

Það þarf að bregðast við án tafar, en ekki með fleiri skýrslum eða nefndum, og ekki fresta aðgerðum með því að skýla sér á bak við hugsanleg ráðherraskipti eða benda enn og aftur á stjórnendur Landspítala. Ríkisstjórnin þarf að gera upp við sig hvernig Landspítala við sem þjóð viljum eiga.

Viljum við fjársveltan spítala sem getur ekki sinnt hlutverki sínu, þar sem ástandið minnir meira á sjúkrastofnun í stríðshrjáðu landi? Eða viljum við vera stolt af þjóðarsjúkrahúsinu okkar, þar sem mannleg reisn og öryggi sjúklinga er tryggt? Þá þarf að grípa til aðgerða strax. ■

> **Viljum við fjársveltan spítala sem getur ekki sinnt hlutverki sínu, þar sem ástandið minnir meira á sjúkrastofnun í stríðshrjáðu landi?**

Stefnt að áframhaldandi velgengni Íslands í samstarfsáætlunum Evrópusambandsins

Lucie Samcová – Hall Allen
sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi

Hallgrímur Jónasson
forstöðumaður Rannís, Rannsóknamiðstöðvar Íslands

Framleiðsla metanóls úr CO2 til eldsneytisnotkunar flutningaskipa. Greining á orsökum meðgöngueitrunar sem getur verið lífshættuleg fyrir barnshafandi konur og börn þeirra. Gróðursetning nýrra tegunda plantna á sjálfbæran hátt, sem nýtast sem lífeldsneyti. Þetta eru aðeins fá dæmi um rannsókna- og nýsköpunarverkefni með þátttöku íslenskra aðila, sem hafa hlotið styrki úr samstarfsáætlunum Evrópusambandsins.

Ísland tók mjög virkan þátt í Horizon 2020 rannsókna- og nýsköpunaráætlun ESB á árunum 2014-2020. Af þeim rúmlega 1500 umsóknum um styrki, sem íslenskir aðilar tóku þátt í á þessu tímabili, hlutu um 20% þeirra styrk en það er vel yfir meðaltali árangurshlutfalls allra þátttökulanda í áætluninni sem var um 12%. Heildarfjárhæð styrkja var samtals um 20 milljarðar íslenskra króna, sem féllu í hlut fjölbreyttra íslenskra verkefna á öllum sviðum vísinda og nýsköpunar. Ef þessi tala er skoðuð út frá höfðatölu, jafngildir það því að hver Íslendingur hafi fengið meira en 50.000 krónur í sinn hlut, eingöngu úr Horizon 2020 áætluninni – sem er þrisvar sinnum meira en meðaltal Evrópusambandsríkjanna.

Þann 24. september síðastliðinn tilkynnti sameiginlega EES-nefndin formlega ákvörðun um áframhaldandi þátttöku Íslands í næstu kynslóð metnaðarfullra samstarfsáætlana ESB, sem sagt Horizon Europe, Erasmus+ og Creative Europe, fyrir næsta sjö ára tímabil.

Nýsköpun til framtíðar

Frá og með 2021 taka nýjar samstarfsáætlanir við, þar á meðal Horizon Europe, sem er langstærsta og metnaðarfyllsta rannsókna- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins til þessa, en fjármagn áætlunarinnar er ríflega 14.000 milljarðar íslenskra króna, eða 95,5 milljarðar evra. Helstu markmið Horizon Europe eru að takast á við loftslagsbreytingar, auka samkeppnishæfni og hagvöxt og styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Eitt af því sem heimsfaraldur COVID hefur kennt okkur er mikilvægi þess að fjárfesta í vísindum og nýsköpun. Faraldurinn hefur einnig reynt á getu okkar til að bregðast skjótt við með því að tengja saman þá þekkingu og sérfræðikunnáttu sem er fyrir hendi um alla Evrópu.

> Samvinna við aðrar Evrópuþjóðir er einkar mikilvæg fyrir lítið samfélag eins og Ísland til að vera betur í stakk búið til að takast á við örar breytingar í þjóðfélaginu.

Fleiri tækifæri til að stunda nám erlendis

Af samstarfsáætlunum ESB er Erasmus+ líklega best þekkt á Íslandi, en hún veitir ungu fólki meðal annars tækifæri til að taka hluta af námi sínu erlendis. Reyndar hefur einn af hverjum tíu Íslendingum nú tekið þátt í þessari vinsælu áætlun sem þykir einstaklega vel heppnuð, en heildarávinningur Íslands af þátttöku í Erasmus+ á tímabilinu 2014-2020 var milli 1,2 og 1,9 milljarðar íslenskra króna. Nám og þjálfun milli landa á vegum Erasmus+ hefur leitt til persónulegra tengsla og byggt upp langvarandi vináttu, sem er einmitt kjarni þess farsæla sambands sem er á milli Íslands og Evrópusambandsins. Frá og með 2021 hefst nýtt tímabil Erasmus+ áætlunarinnar sem mun hafa um tvöfalt hærra fjármagn til umráða en fyrri áætlun, eða um 3.900 milljarða íslenskra króna, sem þýðir að enn fleira ungt fólk mun njóta góðs af þátttökunni.

Sameiginleg sýn

Evrópskar samstarfsáætlanir eru eins fjölbreyttar og þær eru margar, en allar byggja þær á sömu hugmyndinni: Að okkur gangi betur þegar við vinnum saman. En fyrir utan Horizon Europe og Erasmus+ tekur Ísland þátt í fjölda annarra samstarfsáætlana.

Creative Europe mun áfram styðja við kvikmyndagerð og menningu og stuðla þannig að verndun evrópsks menningararfs og auka samkeppnishæfni skapandi greina. Ísland mun í fyrsta sinn taka þátt í LIFE áætluninni, sem veitir styrki til umhverfis- og loftslagsmála, og einnig í Digital Europe sem styður við þá stafrænu umbyltingu sem nú á sér stað um alla Evrópu. Ísland mun taka þátt í áætlunum eins og Single Market, sem snýr að innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins, og í Evrópsku geimáætluninni. Þá mætti nefna nýmæli eins og InvestEU, rescEU, og EU4Health. Einnig verður Ísland með í nýsköpunarþætti atvinnu- og félagsmála í Félagsmálasjóði Evrópu.

European Solidarity Corps veitir ungu fólki tækifæri til að taka þátt í sjálfboðaliðastarfi og ýmsum samfélagsverkefnum í öðrum Evrópulöndum. Samstarf á vegum áætlunarinnar er þegar komið af stað á Íslandi og víða um land má sjá unga sjálfboðaliða á vegum hennar sem til dæmis vinna við að bæta gönguleiðir á hálendinu, gróðursetja tré eða hreinsa fjörur. Samstaða og samvinna milli landa og þvert á kynslóðir, er einmitt það sem mun hjálpa okkur að takast á við þær áskoranir sem framtíðin ber í skauti sér.

Samvinna við aðrar Evrópuþjóðir er einkar mikilvæg fyrir lítið samfélag eins og Ísland, til að vera betur í stakk búið til að takast á við örar breytingar í þjóðfélaginu og byggja upp sterkara samfélag á grunni heimsmarkmiða um sjálfbæra þróun. ■

Dagsbirta í borg

Anna Sigríður Jóhannsdóttir
arkitekt cand. arch. FAÍ

Íslenska sumarið er tími dagsbirtunnar. Við sjúgum til okkar sólarljósið á meðan þess er kostur eftir langa og dimma vetrarmánuði. Tímann sem við njótum dagsbirtu og útiveru á björtum og skjólsælum stöðum getum við lengt með vönduðu borgarskipulagi sem tryggir að dagsljósið nái niður í götur og torg. Með tilkomu borgarlínu verða breytingar í skipulagi og nýir borgarkjarnar munu rísa með höfuðáherslu á „Græn gildi“: sjálfbærni, endurnýtingu, lýðheilsu og heilsueflingu. Þá er mikilvægt að tryggja að grundvallargæði eins og hreint loft, birta og vatn skerðist ekki.

Á sólríkum sumardegi í grænni borg tylla fuglar sér á trjágreinar í björtum göturýmum og smágerður gróður teygir sig á móti geislunum. Við setjumst út í skjóli húsveggja, látum sólina ylja okkur og virðum fyrir okkur iðandi mannlífið. Mannfjöldinn færist sólarmegin á götuna og óðar erum við farin að taka fólk tali og dásama veðurblíðuna. Svona staði eigum við í höfuðborginni en því miður hefur ekki nægjanlega verið tekið tillit til stöðu sólar á okkar breiddargráðu í mótun margra nýbyggðra svæða og á það bæði við í miðborginni og í öðrum hverfum. Háar byggingar kasta löngum skuggum niður í göturýmin og dagsbirta nær ekki inn í neðri hæðir húsa. Göturnar verða án gróðurs og mannlífið færist á aðra og bjartari staði.

Höfundur kynnti á Hönnunarmars niðurstöður rannsóknar sinnar á skuggavarpi á tveimur mögulegum torgsvæðum í miðborginni, annars vegar í eldri byggð og hins vegar í nýbyggðu umhverfi. Þetta eru gatnamót Laugavegar og Vatnsstígs borin saman við gatnamót Kolagötu og Reykjastrætis á Hafnartorgi. Bæði þessi svæði eru rýmislega þannig mótuð að þau eru mjög vel fallin til torgmyndunar. Stefna gatnanna er nánast sú sama, sem gerir möguleg birtuskilyrði sambærileg. Hornið á Kolagötu og Reykjastræti gæti því notið sólar til jafns við Laugaveg/Vatnsstíg. Rannsóknin sýnir að svo er alls ekki. Skipulag svæðisins kemur í veg fyrir að það geti orðið. Byggingar við Kolagötu eru tvöfalt hærri en byggingar við Laugaveg, en á sama tíma er Kolagata 2,5 metrum mjórri en Laugavegur. Rannsóknin fólst í því að meta skuggavarp á báðum stöðum og bera saman umfang þess á mismunandi tímum dags, við sumarsólstöður og við jafndægur að vori og hausti. Einnig voru gerðir útreikningar á dagsbirtumagni innanhúss á neðri hæðum húsa á sömu tímum við bæði gatnamótin. Rannsóknin sýnir skýrt að langir skuggar að vori og hausti takmarka mjög dagsbirtu bæði á Laugavegi og í Kolagötu. Helsti munur á þessum tveimur svæðum að vori og hausti er að þegar sól skín, ná geislar hennar inn í neðstu hæðir á norðurhlið Laugavegar, en norðanmegin Kolagötu nær skuggi vel upp á þrjár hæðir húsa og er því mjög takmörkuð dagsbirta innanhúss í þeim húsum.

Mjög áhugaverð niðurstaða af rannsókninni við sumarsólstöður 21. júní sýnir mismunandi gæði þessara tveggja staða sem mögulegra torgsvæða. Vegna hæðar húsa og takmarkaðrar breiddar Kolagötu er sólarljós í Kolagötu einungis að morgni um hásumar. Strax á hádegi hefur skuggi lagst yfir allt göturýmið og upp húsveggi fyrstu hæðar. Hádegissólin nær inn Reykjastræti en strax um klukkan 16 hefur skuggi hulið bæði göturými Reykjastrætis og Kolagötu. Göturnar eru auðar og mannlausar því íslensk dvalarsvæði þurfa sól og skjól.

> **Möguleikar á dagsbirtu í göturými fer að öllu leyti eftir hlutfalli milli hæðar húsa og breiddar göturýmis.**

Á sólríkum sumardegi á mótum Laugavegar og Vatnsstígs gæti torg lifnað við, þar sem við tyllum okkur á lítinn Parísarstól innan um blómguð sumarblóm og fuglasöng, spjöllum og horfum á sólargeislana glampa í hvítvínsglasinu. Einmitt á þessum stað Laugavegar eru lágreist hús sunnan götunnar sem tryggja að sólargeislar ná að skína yfir mænisþökin og niður í göturýmið frá snemmmorgni fram á kvöld. Enn frekara tilefni til torgmyndunar er á þessu svæði þar sem hús nr. 32 er dregið til baka á lóð og myndar með því aukið athafnarými og stækkar dagsbirtusvæðið á götunni.

Möguleikar á dagsbirtu í göturými fer að öllu leyti eftir hlutfalli milli hæðar húsa og breiddar göturýmis. Áhrif dagsbirtunnar á þessum tveimur svæðum eru mismunandi og gefa þeim því ólíka möguleika sem borgarrýma. Gatnamót Kolagötu og Reykjastrætis munu að öllum líkindum verða

gegnumstreymistorg þar sem fólk mætist á ferð sinni milli staða en dvelur ekki. Laugavegur við Vatnsstíg gæti aftur á móti skartað fjölbreyttu lífi sem dvalarstaður frá vori fram á haustdaga.

Dagsbirta þarf að vera sett til grundvallar góðu skipulagi og mannlífi í borg. Göngugata með leikandi sólargeislum léttir okkur lundina og við leitum tækifæra til að dvelja um stund, borgin lifnar við. Björt göngugata getur orðið leiksvæði, veitingastaður, gróðurlundur, skólastofa eða hvað sem okkur dettur í hug. Skuggsæl göngugata verður aldrei annað en umferðaræð þar sem við hröðum ferð okkar milli staða. Tímamótin nú í borgarskipulagi snúast ekki bara um borgarlínu, heldur um að skapa heilsusamlega og lifandi borg þar sem fólk nýtur þess að ferðast um og dvelja í sólríkum, hlýlegum borgarrýmum með mismunandi þjónustu og afþreyingarmöguleika. Borgarrými þarf að taka mið af lágri stöðu sólar og halda hlutfalli milli hæðar húsa og göturýma þannig að dagsbirtu njóti í göturýminu og í innrýmum allt niður á fyrstu hæð. Dagsbirtan er dýrmæt heilsu okkar og vellíðan og hún er ókeypis. Með nægri dagsbirtu getum við á norðurslóðum skapað heilsusamlega, lifandi og græna borg. ■

Atvinnufjelagið– engin spurning

Ómar Pálmason
framkvæmdastjóri og eigandi Aðalskoðunar hf. og stjórnarmaður í undirbúningsstjórn Atvinnufjelagsins

Nú líður að stofnfundi Atvinnufjelagsins, þar sem meginmarkmiðið fjelagsins er að efla lítil og meðalstór fyrirtæki og gera stjórnendum þeirra fyrirtækja kleift að hafa raunveruleg áhrif á stefnu fjelagsins í málum er varða leyfisgjöld, kjaramál og bætt aðgengi að lánsfé og fleira.

Veruleiki dagsins í dag

Eins og staðan er í dag þá stendur atvinnurekendum lítilla og meðalstórra fyrirtækja sú leið opin að fara í faðm samtaka innan SA (samtaka atvinnulífsins) eða FA (félag atvinnurekanda) og borga til þeirra háar upphæðir sem eru prósentur af greiddum launum síðastliðins árs í félagsgjöld.

Fyrir þann pening fær atvinnurekandinn aðgang að lögmönnum samtakanna, getur notið ráðgjafar og fleira. Allt er þetta góðra gjalda vert og ágætt svo langt sem það nær, en flest lítil og meðalstór fyrirtæki nýta sér ekki þjónustu þessara samtaka nema að mjög litlu leyti. Ef þau eru þá á annað borð í samtökunum, sem fæstir einyrkjar og fæst lítil og meðalstór fyrirtæki á Íslandi eru.

Ég sat í tæp 4 ár í stjórn SVÞ og þekki af eigin raun hvernig starfsemin er. Verandi atvinnurekandi í litlu fyrirtæki er rödd þín engin, lítið er hlustað og þú hefur ekkert að segja um strauma eða stefnur. Líkja má Samtökum atvinnulífsins við risaolíuskip og þú situr fyrir miðju skipsins með litla ár og reynir að róa í einhverja aðra átt eða skipta um kúrs á ferð skipsins. Stórfyrirtæki og sterkustu sérhagsmunaöflin í tilteknum atvinnugreinum sitja við stýrið. Við gerð síðustu kjarasamninga kom aldrei spurning til okkar í stjórn SVÞ um áherslur, eða spurning um hvað það væri sem helst brynni á minni fyrirtækjum.

Kjarasamningsumræðan var mjög lítið rædd innan SVÞ. Gera má ráð fyrir að umræðan hafi eingöngu farið fram í þröngum hópi stjórnar SA. Tilfinningin er sú að aldrei hafi annað staðið til en að fara beint og gagnrýnislaust að vilja stóru fyrirtækjanna innan SA í kjaramálum.

Uppbygging SA er með þeim hætti að vægi atkvæða ræðst af stærð fyrirtækjanna, sem gerir það að verkum að þeir stóru ráða. Þegar fréttist af stofnun Atvinnufjelagsins, það er félags lítilla og meðalstórra fyrirtækja, fór meðal annars FA skyndilega að kynna sig til að koma í veg fyrir flótta fyrirtækja úr samtökunum og draga til sín nýja félagsmenn. Það gera þau og höfða til þessa hóps sem aldrei hefur átt þar rödd, meðal annars með keyptri kynningu á Facebook. Samtök eins og SA og FA höfða fyrst og fremst til fámenns hóps stórfyrirtækja og er það hið besta mál fyrir þau. En nú er tækifæri fyrir hinn þögla meirihluta, um 2/3 launagreiðenda og launþega í landinu, að fá sterkari rödd.

> **Uppbygging SA er með þeim hætti að vægi atkvæða ræðst af stærð fyrirtækjanna, sem gerir það að verkum að þeir stóru ráða.**

Hvað ætlum við að gera?

Undirbúningsstjórn Atvinnufjelagsins ætlar að ljá öllum rödd, sem vilja vera í okkar liði, og hverjum félaga fylgir eitt atkvæði þegar kemur til kosninga um einhver mál. Ein skráning = eitt atkvæði. Einyrki hefur jafnmikið fram að færa og meðalstórt fyrirtæki. Saman ætlum við að stuðla að breytingu í lýðræðisátt og jafnræði og ná fram þeim stóru áherslumálum sem við metum mikilvægust eftir samtöl við atvinnurekendur lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Við erum sannfærð um að Atvinnufjelagið getur stuðlað að eflingu atvinnulífs, bæði fyrir launagreiðendur og launþega. Þannig stendur Atvinnufjelagið undir nafni og á eftir að verða mikilsvert framlag til atvinnusköpunar hér á landi. Við bjóðum alla einyrkja og fyrirtæki velkomin í Atvinnufjelagið. Nánari upplýsingar á www.atvinnufjelagid.is og þar verða fljótlega nánari upplýsingar um formlegan stofnfund félagsins. ■

Um endurmenntun atvinnubílstjóra

Guðni Sveinn Theodórsson
ökukennari í meiraprófum

Árið 2015 var námskrá fyrir endurmenntun atvinnubílstjóra staðfest af ráðherra. Í námskránni kemur fram að bílstjórar í vöru- og farþegaflutningum í atvinnuskyni skuli endurmennta sig með fimm ára millibili. Almennt er ánægja með uppfræðslu og upprifjun meðal atvinnubílstjóra og á námskeiðunum gefst þeim líka kostur á að skiptast á skoðunum og miðla af sinni reynslu.

Námskeiðshaldarar vinna eftir téðri námskrá og hafa námskeiðin að mestu leyti verið bókleg og núna síðustu misserin að mestu keyrð í gegnum fjarfundi.

Ökuland var fyrsti ökuskólinn sem fékk starfsleyfi til þess að halda námskeið og hefur frá upphafi boðið upp á bók- og verkleg endurmenntunarnámskeið. Frá árinu 2015 hafa verkleg námskeið verið haldin í Þýskalandi og nú nýverið á sérhönnuðu æfingasvæði við Álfhellu í Hafnarfirði þar sem Kvartmíluklúbburinn og Ö3 hafa byggt upp aðstöðu. Ökuland mun áfram bjóða upp á bók- og verkleg námskeið hér heima og í Þýskalandi og næsta ferð verður farin þann 18. nóvember. Nánari upplýsingar og ferðaáætlun er inni á okuland.is

> **Á meginlandi Evrópu hafa bílstjórar í gegnum árin geta valið mun meira af námskeiðum heldur en hér á landi sem henta þeirra störfum.**

Nú er og komið að því að nauðsynlegt er að Samgöngustofa uppfæri námskrána um endurmenntun. Bílstjórar í farþega- og vöruflutningum hafa margir lokið tilskilinni endurmenntun undanfarin ár og hjá mörgum styttist í næstu lotu. Ef ekki kemur til breytinga á námskrá blasir við einsleitt landslag í þeim námskeiðum sem atvinnubílstjórar hafa úr að velja. Á meginlandi Evrópu hafa bílstjórar í gegnum árin geta valið mun meira af námskeiðum heldur en hér á landi sem henta þeirra störfum, svo sem dýraflutningum, farmflutningum eða farþegaflutningum. Í maí sl. tóku við uppfærðar reglur hjá Evrópusambandinu um endurmenntun og þar koma fram ýmsar breytingar sem nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld kynni sér og taki mið af. ■

Lind stofnar sérstaka

Atvinnuhúsnæðisdeild

Lind Atvinnuhúsnæðisdeild

Yfir 50 ára reynsla í sölu og leigu á atvinnuhúsnæðum.
Vantar allar gerðir eigna á skrá, heyrðu í okkur eða sendu okkur tölvupóst á **atv@fastlind.is**

Nánari upplýsingar veita

Ísak V. Jóhansson
Sölustjóri
822 5588
isak@fastlind.is

Viðar Marinósson
Lögg. fasteignasali
898 4477
vidar@fastlind.is

Hannes Steindórsson
Lögg. fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA

Lind fasteignasala • Bæjarlind 4 • 201 Kópavogur • 510 7900 • fastlind.is

Er á stalli með bestu leikmönnum heims

Árið hefur vægast sagt verið frábært hjá Rut Arnfjörð Jónsdóttur á handboltavellinum. Eftir að Rut gekk til liðs við KA/Þór fyrir rúmu ári hefur norðanliðið unnið alla þá titla sem í boði eru. Þá lék Rut á dögunum tímamótaleik fyrir íslenska landsliðið.

hjorvaro@frettabladid.is

Rut var valin besti leikmaður deildarinnar á síðustu leiktíð eftir að hafa leitt KA/Þór að fyrsta Íslandsmeistaratitli félagsins. MYND/EGILL BJARNI FRIÐJÓNSSON

HANDBOLTI Rut Arnfjörð Jónsdóttir var í lykilhlutverki þegar KA/Þór braut blað í sögunni með því að vinna meistarakeppni HSÍ í fyrsta sinn fyrir ári. Það reyndist aðeins upphafið á mögnuðu ári þar sem Akureyringar unnu alla þá titla sem voru í boði.

KA/Þór varð deildarmeistari síðastliðið vor og fylgdi því eftir með því að landa Íslandsmeistaratitlinum nokkrum vikum síðar. Tímabilið var svo fullkomnað á dögunum þegar Akureyringar unnu bikarmeistaratitilinn, en fram að þessu hafði félagið aldrei unnið titil í efstu deild eða í bikar.

Með því urðu Akureyringar annað liðið í sögunni utan höfuðborgarsvæðisins til að vinna Íslands- og bikarmeistaratitilinn í kvennaflokki sama ár, á eftir ÍBV árið 2004 og fyrsta liðið utan höfuðborgarsvæðisins til að vinna Íslands- eða bikarmeistaratitilinn í fimmtán ár.

Þá náði Rut þeim merka áfanga á dögunum að leika sinn hundraðasta leik fyrir Íslands hönd og varð með því tíunda konan sem nær þessum áfanga. Hún var eini eftirstandandi leikmaður Íslands, í hópnum sem mætti Svíþjóð og Serbíu á dögunum, úr liðinu sem fór á þrjú stórmót í röð á árunum 2010-2012, en Karen Knútsdóttir og Arna Sif Pálsdóttir gætu bæst í þann hóp ef Ísland kemst í lokakeppni EM, sem fer fram í Slóveníu og Norður-Makedóníu á næsta ári.

Karen Knútsdóttir, liðsfélagi Rutar hjá landsliðinu, er jafnaldri hennar og léku þær saman upp öll yngri landsliðin. Karen segir hinn almenna íþróttaáhugamann ekki átta sig í hversu háum gæðaflokki Rut er.

„Rut er náttúrulega fyrst og fremst yndisleg manneskja en við kynntumst í kringum handboltann þegar við vorum ungar og við erum mjög góðar vinkonur. Það kom snemma í ljós hversu góð Rut er í handbolta og hún var strax þegar hún var í yngri flokkunum komin

> Það að Rut sé eini íslenski leikmaðurinn sem hefur orðið danskur meistari og að hún hafi leikið með bestu leikmönnum heims í einu af bestu liðum Evrópu, Esbjerg, sýnir það svart á hvítu á hvaða stalli hún er sem handboltakona.
>
> Karen Knútsdóttir

Rut var heiðruð af HSÍ fyrir leik Íslands og Serbíu um helgina, fyrir að hafa náð hundrað leikjum fyrir Íslands hönd. MYND/MUMMI LÚ

með leikskilning sem var í algerum sérflokki," segir Karen um liðsfélaga sinn í landsliðinu.

„Það sést ekki alltaf á tölfræðinni hversu frábær leikmaður Rut er þar sem hún hugsar mikið um samherja sína og það sem hún gerir inni á vellinum skilar sér ekki að öllu leyti inn í tölfræðina. Hún er algjör handboltaheili og það er gríðarlega gaman að spila með henni og tala við hana um handbolta," segir Karen.

„Þrátt fyrir að við Rut höfum spilað saman í landsliðinu í tæpa tvo áratugi þá er hún enn þá að koma mér á óvart með gæðum sínum og leikskilningi inni á vellinum. Það að Rut sé eini íslenski leikmaðurinn sem hefur orðið danskur meistari og að hún hafi leikið með bestu leikmönnum heims í einu af bestu liðum Evrópu, Esbjerg, sýnir það svart á hvítu á hvaða stalli hún er sem handboltakona," segir landsliðsfyrirliðinn.

„Rut á stóran þátt í árangri KA/Þórs, en hún kom á hárréttum tíma inn í ungt og efnilegt lið sem hafði verið í mótun þar í nokkurn tíma. Rut gerir samherja sína betri, auk þess að draga vagninn sjálf oft og tíðum. Bæði inni á vellinum og utan hans er hún líka frábær manneskja og mikill karakter sem gefur mikið af sér," segir Karen.

„Það er fátt annað sem kemst að hjá henni og okkur ef því er að skipta en handboltinn, en ég hlakka mikið til þess að við fáum tíma til að finna eitthvert áhugamál þegar handboltaferlinum lýkur.

Rut er mikil fjölskyldukona sem hugsar vel um sig og sína. Það er mjög gaman að vera í kringum hana," segir Karen um vinkonu sína. ■

Ætlar að eftirláta Víkingum að syngja og tralla í stúkunni

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Víkingur og ÍA eigast við í bikarúrslitaleik fótbolta karla á laugardaginn kemur. Víkingur mætir til leiks sem ríkjandi Íslandsmeistari, en Fossvogsfélagið hefur tvisvar orðið bikarmeistari í sögunni, síðast árið 2019.

Skagamenn búa hins vegar að ríkari bikarhefð, en liðið hefur níu sinnum orðið bikarmeistari en síðasti bikarmeistaratitillinn fór upp á Skaga árið 2003.

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar ÍA, segir mikla stemningu á Akranesi fyrir komandi leik, en meðbyr hefur skapast í þessu mikla fótboltasamfélagi í síðustu umferðum Íslandsmótsins þar sem Skagaliðið bjargaði sér frá falli.

„Það er búið að selja hátt í 5.000 miða og draumurinn hjá forráðamönnum beggja félaga er að fá 6.000 manns á Laugardalsvöllinn. Skagamenn þyrstir í titil eftir 18 ára bið sem þykir of löng á Skaganum. Skagamenn munu hita upp í Minigarðinum fyrir leikinn á laugardaginn kemur.

Skagamenn eiga þátt í áhorfendameti á bikarúrslitaleik en það var sett árið 1999, þegar 7.401 áhorfandi sá KR bera sigurorð af ÍA.

Árið 1997 mættu 6.200 á bikarúrslitaleik Keflavíkur og ÍBV sem er næstmesti fjöldi á bikarúrslitaleik.

KR-ingar munu fylgjast grannt með bikarúrslitaleiknum á laugardaginn kemur og styðja Víkinga þar sem sigur þeirra veitir Vesturbæingum sæti í Sambandsdeild Evrópu á næstu leiktíð.

Aðspurður segist Páll Kristjánsson, formaður knattspyrnudeildar KR, að sjálfsögðu vonast til þess að Víkingar vinni leikinn: ,,Það getur allt gerst í svona bikarúrslitaleik og staðan í deildinni skiptir engu máli.

Stuðningsmenn Víkings ærðust úr gleði þegar Íslandsmeistaratitillinn var í höfn. Nú fær Víkingur tækifæri að bæta öðrum titli í safnið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar ÍA

Það er meðbyr með báðum liðum.

Það er hins vegar ekkert leyndarmál að við KR-ingar vonumst til þess að Víkingar klári leikinn, enda myndi það skila okkur hinu eftirsótta Evrópusæti.

Ég er hins vegar ekkert að fara að klæða mig í Víkingstreyjuna og syngja og tralla í stúkunni. Þeir verða að sjá um það sjálfir. Ég vona bara við fáum skemmtilegan leik, með fjölmörgum áhorfendum og að úrslitin verði okkur KR-ingum hagstæð. Ég nenni samt engri spennu," segir Páll kíminn að lokum. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 14. október 2021

Dua Lipa er ein af þeim sem koma fram á Hróarskeldu á næsta ári.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Blásið í lúðra á Hróarskeldu 2022

elin@frettabladid.is

Margir verða líklega hoppandi glaðir að heyra að blásið verður í herlúðra fyrir Hróarskelduhátíðina 2022 í Danmörku, en miðasala hefst í dag. Þá verður haldið upp á 50 ára afmæli hátíðarinnar og boðið upp á mörg stór nöfn. Meðal þeirra eru Dua Lipa, Jada og rapparinn Tyler, sem átti að vera gestur bæði 2020 og 2021. Að auki hafa verið birt nöfn 20 annarra tónlistarmanna sem má finna á heimasíðu hátíðarinnar, þar á meðal er hin margverðlaunaða Jada, sem er dönsk. Eftir tveggja hátíða hlé eru örugglega margir sem bíða í ofvæni til næsta sumars því hátíðin verður sérstaklega vegleg í tilefni afmælisins.

Stjórnendur hátíðarinnar leggja mikla áherslu á að bjóða ungt fólk velkomið, fólk yngra en 25 ára sem hefur misst af herlegheitunum undanfarið. Teknir hafa verið frá 5.000 miðar sem eingöngu verða fyrir þann aldur. Sérstöku miðarnir fyrir unga fólkið fara þó ekki í sölu fyrr en 30. nóvember. Að meðaltali eru um 80% sem fara í fyrsta skipti á Hróarskelduhátíðina undir 25 ára. „Við viljum gera eitthvað skemmtilegt fyrir unga fólkið eftir erfiðan tíma," segja forsvarsmenn. Aðeins 5.000 af upphaflegum 80 þúsund seldum miðum í fyrra hafa verið endurgreiddir. Svo hafa þarf hraðar hendur til að ná sér í miða. ■

Kvikmyndagerðarkonan Ninna Pálmadóttir hefur náð undraverðum árangri á stuttum ferli og nú er kvikmynd í fullri lengd næst á dagskrá. Í bili nýtur hún þess að búa í Vesturbænum og spóka sig í kápunni sem hún fann í París í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fagurkeri sem vill hreyfa við fólki

Ninna Pálmadóttir er ung og upprennandi kvikmyndagerðarkona sem hefur náð miklum árangri. Fyrsta stuttmynd hennar vann til fjölda verðlauna, meðal annars Eddunnar, og hún fékk styrk frá Spike Lee til að gera næstu mynd. Nú er hún að undirbúa mynd í fullri lengd. 2

Thermomix á Íslandi
Opin kynning laugardaginn 16. október kl. 11-15 í Síðumúla 29

ELDHÚSTÖFRAR

Bylting í matargerð og eldamennsku

Einfalt og aðgengilegt með nýrri tækni

Thermomix lífstíllinn gengur út á að elda allt frá grunni, velja hráefnin sjálf, borða hreina fæðu, minnka matarsóun, bæta neysluvenjur, létta hversdagslífið og hafa gaman.

Eldhústöfrar | Síðumúla 29 | 108 Reykjavík
s. 696 7186 | iceland.thermomix.com
thermomixaislandi

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr
@frettabladid.is

Ninna Pálmadóttir er leikstjóri og kvikmyndatökukona sem hefur vakið mikla athygli á stuttum ferli. Þrátt fyrir að hún hafi aðeins gert tvær stuttmyndir til þessa, hafa verk hennar unnið til fjölda virtra verðlauna og hlotið mikið lof, svo þessi ungi og upprennandi leikstjóri á svo sannarlega framtíðina fyrir sér í kvikmyndabransanum.

„Ég ólst aðallega upp á Akureyri og flutti svo suður til að læra kvikmyndafræði í Háskóla Íslands þegar ég var 19 ára. Ástæðuna fyrir því að ég ákvað að leggja kvikmyndagerð fyrir mig má rekja til þess að þegar ég var yngri bjuggum við við hliðina á vídeóleigu og það var alltaf mikil hefð hjá fjölskyldunni minni að horfa á eitthvað saman um helgar," segir Ninna. „Mér þótti líka alltaf ótrúlega gaman að fara í bíó og stíga inn í þennan heim.

Þegar ég varð unglingur byrjaði ég svo að kynna mér alls konar kvikmyndir. Ég var alltaf mikið fyrir góðar sögur og með mjög virkt ímyndunarafl, en ég byrjaði að átta mig á því hvernig kvikmyndir hreyfðu við mér á ólíkan hátt með kvikmyndatöku, leik og fagurfræði og þá fór ég að hugsa um hvað þetta væri ótrúlega sterkur miðill til að segja sögur," útskýrir Ninna. „Ég áttaði mig á því að þarna væri hlutverk fyrir mig og ég var búin að ákveða að ég þyrfti að leggja kvikmyndagerð fyrir mig þegar ég var bara 17 ára."

Innblásin af hversdagslífinu

„Þegar ég var búin með BA-námið fór ég að skoða kvikmyndaskóla í Bandaríkjunum því mig langaði að fara þangað, og endaði með því að sækja um hjá Tisch School of the Arts," segir Ninna. „Þar fann ég nám í leikstjórn og kvikmyndatöku sem var akkúrat fyrir mig.

Ég fæ innblástur aðallega frá hversdagslegum augnablikum. Mér finnst oft gleymast hvað það er mikið af mögnuðum augnablikum allt í kring. Maður veit aldrei hvað fólkið sem maður mætir er að ganga í gegnum og maður getur séð áhugaverða hluti og hluti sem hreyfa við manni ef maður reynir að hafa auga fyrir því," segir Ninna. „Ég er líka mikið náttúrubarn, það er mikill kraftur í náttúrunni og umhverfinu og hvernig við speglum okkur í því. Svo finnst mér líka mikil þerapía fólgin í að skrifa um eitthvað persónulegt sem ég hef upplifað og umbreyta því í eitthvað fallegt sem hreyfir við fólki."

Fyrsta myndin fór á flug

Stuttmyndin Blaðberinn var verkefni Ninnu á öðru ári í náminu. Hún komst inn á kvikmyndahátíðir víðs vegar um heiminn, meðal annars á Seattle International Film Festival, þar sem hún var frumsýnd, og Share Her Journey – sérstakan viðburð TIFF Short Cuts í Toronto. Ninna vann líka verðlaun á Reykjavík International Film Festival, Stockfish, Euroshorts Young Filmmakers í Póllandi og vann svo Edduna 2020 fyrir stuttmynd ársins. Hún hlaut einnig Sólveig Anspach-verðlaunin fyrir myndina.

„Blaðberinn er fyrsta myndin sem ég gerði eitthvað með, en okkur er kennt í náminu að senda stuttmyndirnar okkar á kvikmyndahátíðir til að þær verði sýndar áhorfendum í kvikmyndasal, sem er í raun eini vettvangurinn þar sem þær fá að njóta sín. Það er ómetanlegt að fá að sýna afraksturinn af vinnu sinni á stóru tjaldi," segir Ninna. „Um leið fær maður að ferðast með myndunum, kynnast fólki og vekja athygli á sér.

Mig óraði ekki fyrir viðbrögðunum og mér þótti sérstaklega vænt um að hún fékk góð viðbrögð hérna heima. Ég var að flytja heim eftir að hafa verið erlendis í þrjú ár og þetta voru góðar móttökur," segir Ninna. „Það er líka gaman fyrir þá sem unnu með mér og hjálpuðu mér, að þetta hafi gengið svona vel.

Ég er enn að spyrja mig af hverju viðbrögðin voru svona ótrúlega góð, en ég held að það sé sagan, sem fjallar um tengsl á milli fólks sem þekkist ekki," segir Ninna. „Svo held ég líka að hann dásamlegi Trausti Hrafn, sem lék aðalhlutverkið, hafi hreyft mikið við fólki með sinni einlægni.

Þessi verðlaun eru afskaplega mikil hvatning til að halda áfram og vísbending um að maður sé á styrk, sem ég er enn að klípa mig yfir að hafa fengið," segir Ninna. „Ég notaði þennan styrk til að gera myndina Allir hundar deyja, sem var útskriftarmyndin mín. Hún var sýnd á RIFF í fyrra og líka á kvikmyndahátíð í Zagreb, en eftirvinnslan fór fram í Króatíu. Hún var svo sýnd á Nordisk Panorama í Svíþjóð í haust og á kvikmyndahátíðinni í Karlovy Vary í Tékklandi, þar sem ég var í hópi tíu ungra og efnilegra leikstjóra sem fengu athygli."

Ninna segir að viðbrögðin við Blaðberanum hafi komið sér á óvart, en henni hafi þótt sérstaklega vænt um hvað henni var vel tekið hér á landi. Myndin vann meðal annars Edduna fyrir bestu stuttmyndina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ninna fékk styrk frá hinum virta og áhrifamikla leikstjóra Spike Lee til að gera útskriftarmyndina sína, Allir hundar deyja.

Ninna segist ekki geta svarað því hvers vegna viðbrögðin við Blaðberanum voru svona góð, en hún telur að einlæg frammistaða Trausta Hrafns í aðalhlutverkinu hafi átt stóran þátt í því og hreyft við mörgum.

Stuðningur frá Spike Lee

Hinn virti kvikmyndaleikstjóri Spike Lee er einn af kennurunum í Tisch og stendur fyrir sjóði sem heitir The Spike Lee Film Production Fund. Ninna sótti um styrk þaðan og fékk í kjölfarið fund með leikstjóranum.

„Lee er alveg frábær. Ég hitti hann og sýndi honum Blaðberann og einhverra hluta vegna hafði hann trú á þessu og veitti mér gera eitthvað rétt," segir Ninna. „En mér finnst ég búin að vinna ef ég fæ að sýna verkin mín á hátíð, það er svo dýrmætt. Verðlaunin eru svo bara plús og þau gefa tilefni til að fagna góðum árangri með samstarfsfólki og gerir það vonandi líka stolt."

Mynd í fullri lengd næst

„Núna er ég að þróa kvikmynd í fullri lengd, en ég get ekki sagt mikið um hana annað en að þróunin er komin vel á veg og vonandi verður hún tekin upp á næstu tveimur árum, en ég er líka að skrifa og þróa fleiri verkefni," segir Ninna. „Mér finnst ég rosalega heppin að fá að gera það sem ég elska, að segja sögur, vinna með skemmtilegu fólki og búa til list og langar bara að halda því áfram.

Annars reyni ég líka að rækta áhugamálin og persónulega lífið og taka einn dag í einu. Einu sinni hugsaði ég tíu ár fram í tímann, en svo áttaði ég mig á því að það væri ekki raunsætt því lífið tekur mann í ýmsar óvæntar áttir," segir Ninna. „Það er ágætt að vera bara með plan sirka næsta árið.

Draumurinn minn er að myndirnar sem mig langar að gera verði að veruleika en svo held ég líka að það gæti verið gaman að gera einhvern tímann vísindaskáldsögumynd, mér finnst það áhugaverður miðill," segir Ninna.

Fagurkeri í eilífri fjársjóðsleit

Það er fátt sem Ninna gerir sem tengist ekki kvikmyndagerð.

„Lífið snýst að miklu leyti um vinnuna. Ég bý í gamla Vesturbænum með kærastanum mínum, kenni leikstjórn í Kvikmyndaskólanum og er að þróa verkefnin mín," segir hún. „Fyrir utan kvikmyndagerðina hef ég reyndar líka alltaf verið mikill tónlistarunnandi og ég var alltaf í hljómsveitum þegar ég var yngri, en ég syng og spila á píanó. Einhvern tímann fer ég örugglega aftur í tónlistina.

Mér finnst líka rosa gaman að fara í fjársjóðsleit í búðum sem selja notaðar vörur, hvort sem það eru hlutir fyrir heimilið eða föt. Mér finnst gaman að finna fallega muni fyrir heimilið, en ég er mikill fagurkeri, og megnið af fötunum sem ég kaupi er notað. Það er gott fyrir umhverfið, en mér finnst líka bara gaman að grafa eitthvað upp, sérstaklega í útlöndum, og tel mig hafa ágætt auga fyrir fjársjóðum," segir Ninna. „Ég er mikill jakkasafnari og fann til dæmis geggjaða kápu í París í sumar sem er strax í miklu uppáhaldi. Mér þykir líka mjög vænt um lopapeysu sem ég keypti frá litlu spænsku merki sem heitir Paloma Wool.

Mér finnst gaman að eiga flíkur sem standast tímans tönn, en ég klæði mig yfirleitt bara mjög þægilega þó að mér finnist líka gaman að klæða mig upp á við rétt tilefni og nota látlausa skartgripi eins og fallega eyrnalokka," segir Ninna. „Almennt er ég bara í þægilegum fötum og eiginlega alltaf í náttúrutónum.

Mér finnst geggjað að fara í verslunina Beacon's Closet í New York en hérna heima eru Wasteland og Hringekjan í uppáhaldi," segir Ninna. „Paloma Wool er líka í miklu uppáhaldi þegar ég get leyft mér aðeins." ■

> **Mér finnst ég búin að vinna ef ég fæ að sýna verkin mín á hátíð, það er svo dýrmætt. Verðlaunin eru svo bara plús.**
>
> Ninna Pálmadóttir

Hægt er að kynna sér verk Ninnu betur á heimasíðu hennar: ninnapalma.com.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

ZHENZI úlpujakki
Fæst líka í bleiku, beige og ólívugrænu
Stærðir 42-56
Verð kr. 11.990

ZE-ZE úlpujakki
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-48
Verð kr. 11.990

YEST /YESTA Úlpukápa
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-60
Verð kr. 22.980

NO SECRET pleðurkápa
Stærðir 42-56
Verð kr. 22.980

FRANDSEN dúnkápa
Fæst líka í grænu
Stærðir 40-52
Verð kr. 54.980

yesta BY X-TWO | yest | no secret | Q'neel | ROBELL | ZHENZI | ZE-ZE Nordic | OPHILIA

GOZZIP Hanne síð skyrta
Stærðir 40-56
Verð kr. 18.980

GOZZIP Kira kjóll
Stærðir 40-56
Verð kr. 21.980

STUDIO Klara tunika
Stærðir 40-56
Verð kr. 13.980

Q'NEEL tunica/skyrta græn mynstruð
Stærðir 40-56
Verð kr. 16.980

Q'NEEL skyrta
Stærðir 44-56
Verð kr. 13.980

SYBEL | festival DENMARK | STUDIO | GOZZIP | SANDGAARD | LASESSOR | FRANDSEN | Tamaris | Handberg | Jana

SUNDAY opin peysa
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-52
Verð kr. 13.980

STUDIO Lina opin peysa
Stærðir 40-56
Verð kr. 18.980

THAT'S ME Peysa
Stærðir 38-52
Verð kr. 16.980

ZE-ZE Náttkjóll
Fæst líka í bláu og beige
Stærðir 38-48
Verð kr. 5.990

Jana Grófar mokkasínur
Stærðir 37-42
Verð kr.

Tamari inniskór
Fást í fleiri litum
Stærðir 37-42
Verð kr. 9.990

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Veturinn nálgast og huga þarf að húðinni

Þótt sumum finnist sumarið aldrei hafa komið hér á sunnanverðu landinu þurfum við að horfast í augu við það að fyrsti vetrardagur er 23. október og hann nálgast óðfluga. Meðal vetrarverka er að huga að húðinni.

elin@frettabladid.is

Andlitshreinsun er alltaf afar mikilvæg og sérstaklega í vetrarmengun. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Veturinn getur verið kaldur og loftið þurrt. Það eru ekki þægilegar aðstæður fyrir húðina. Þeir sem búa á Austfjörðum eða á Norðurlandi þurfa að gæta að sólarskemmdum og ofþornun í andliti, á meðan við á hinum helmingi landsins þurfum að huga að því að vernda húðina. Vítamínskortur getur myndast vegna sólarleysis. Vörur sem innihalda A-vítamín gera húðinni gott, það örvar kollagen, lýsir bletti og kemur jafnvægi á fituframleiðslu. Einnig ætti að taka inn C- og D-vítamín. Leita ætti þó álits hjá snyrtifræðingum eða húðlæknum varðanda húðtýpuna. Ertu með feita eða þurra húð?

Vonandi notuðu þó allir góða sólarvörn í sumar en hana þarf að bera á sig allt árið, að því er húðlæknar benda á. Sólarvörnin kemur í veg fyrir ótímabæra öldrun húðarinnar. Næturserum eru með mikið næringargildi og gefa húðinni tækifæri til að næra sig á meðan þú sefur. Haustið er góður tími til að dekra við húðina og byggja hana upp fyrir vetrarkulda. Andlitshreinsun, jafnvel með grímu eða á snyrtistofu, er mikilvæg fyrir húðina. Nauðsynlegt er að nota vönduð rakakrem.

Það er mikil mengun í umhverfinu sem sest í húðina. Góð hreinsun er því afar mikilvæg ef halda á húðinni fallegri. Hreinsa þarf húðina jafnt að morgni sem kvöldi. Huga ber einnig að vörunum og bera þær á reglulega. Hendurnar verða oft þurrar í vetrarkulda, sumir fá exem og þá er nauðsynlegt að ganga með vettlinga eða hanska til að verjast kuldabola. Sömuleiðis er góður handáburður frábær eftir handþvott og sprittnotkun. Þeir sem eru með mjög slæmt exem og sár á höndum ættu að bera á sig feitt rakakrem á kvöldin og sofa í bómullarhönskum.

Oftast nota konur einhvers konar dagkrem yfir veturinn til að fá meiri ljóma í andlitið. Sólarpúður er síðan galdurinn til að gera andlitið eins og þú sért nýkomin úr sólarlandaferð. Alls kyns sólarpúður eru á markaðnum og það þarf að velja eftir því hvort húðin er feit eða þurr. Sólarpúður gefur náttúrulegt útlit sé það rétt borið á. Einnig dregur það úr gljáa farðans. Of mikið sólarpúður getur hins vegar látið mann líta eldri út svo það verður að setja það rétt á. Sólarpúðrið á að setja á kinnbein, stroku upp með augunum og á kjálkabein.

> **Vörur sem innihalda A-vítamín gera húðinni gott, það örvar kollagen, lýsir bletti og kemur jafnvægi á fituframleiðslu. Einnig ætti að taka inn C- og D-vítamín.**

Notaðu léttar hringhreyfingar með duftburstanum og passaðu að ekki myndist brúnir. Þá má bursta létt yfir hálsinn og jafnvel niður á bringu ef þú ert á leiðinni í veislu. Nauðsynlegt er að bera burstann létt yfir svæðin. Ekki velja of dökkt sólarpúður. Galdurinn við góða og fallega húð er ávallt umhirðan dags daglega. Ef hugsað er vel um húðina sem er eitt mikilvægasta líffæri okkar, þá verðum við ánægðari með útlitið. Þær konur sem fara reglulega á snyrtistofu, til dæmis til að lita augabrúnir eða plokka ættu að ráðfæra sig við sérfræðinga sem geta gefið góð ráð. ■

Endurvinnsla

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 14. október 2021

Kynningar: Gámafélagið, Grænir skátar, Umhverfisstofnun, Alur álvinnsla, Málma, Pure North Recycling.

„Nú erum við líka með húsnæði og svæði sem er betur sniðið að starfsemi okkar," segir Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Reyna að hámarka umhverfislegan ávinning fyrir samfélagið

Nýlega flutti öll starfsemi Íslenska gámafélagsins á höfuðborgarsvæðinu á einn stað, skammt frá Esjurótum. Eftir 20 ár í rekstri er enn meiri áhersla lögð á hráefnið sem fyrirtækið losar og verðmæti þess. 2

Íslenska gámafélagið var stofnað árið 1999 með það að markmiði að auka samkeppni á því sviði atvinnulífsins sem snýr að sorphirðu. Í dag starfa um 300 manns hjá félaginu víða um land og nýlega flutti öll starfsemin á höfuðborgarsvæðinu á einn stað, skammt frá Esjurótum.

Grunnstoðin í rekstri félagsins er almenn úrgangsþjónusta (e. waste management) sem snýr þá að leigu á gámum og ílátum og losun á þeim, segir Jón Þórir Frantzson forstjóri. „Við erum búin að vera í því í 20 ár og í dag er orðin aukin áhersla á hráefnið sem við losum og verðmæti þess. Þannig leggjum við okkur fram við að finna sem bestan farveg fyrir hráefnið okkar í anda hringrásarhagkerfisins, til að hámarka umhverfislegan ávinning. Við ítrekum því við okkar viðskiptavini, með fræðsluefni, að gæta þess að flokka vel og að hráefnið sé hreint, til þess að það sé endurvinnsluhæft.“

Þá er Íslenska gámafélagið einnig mjög umsvifamikið þegar kemur að annarri þjónustu, svo sem söltun, snjómokstri og götusópun, auk innflutnings á salti sem hálkuvörn.

Við erum búin að vera í því í 20 ár og í dag er orðin aukin áhersla á hráefnið sem við losum og verðmæti þess.

„Starfsemin breytist í raun ekki mikið, fyrir utan að við jarðgerum ekki á staðnum lengur,“ segir Jón Þórir Frantzson.


Heildarútflutningur hráefna er 35.000 tonn á ári.

Verkefnin eru næg á hverjum degi hjá starfsfólki Íslenska gámafélagsins, en það er um 300 manns, dreift um allt land.


Ný flokkunarlína eykur flokkunargetuna um 300%.

Starfsemin á einn stað

Hann segir mjög ánægjulegt að vera kominn með alla starfsemina á höfuðborgarsvæðinu á einn stað aftur. „Starfsemin breytist í raun ekki mikið, fyrir utan að við jarðgerum ekki á staðnum lengur. Nú erum við líka með húsnæði og svæði sem er betur sniðið að starfsemi okkar. Við erum að fara að bæta við nýrri flokkunarlínu fyrir blandað endurvinnsluhráefni úr Grænu tunnunni og þegar hún verður komin í gagnið þreföldum við flokkunargetuna.“

Síbreytilegur markaður

Helsta áskorun félagsins á næstunni er að fylgjast með þróun og nýrri tækni til að geta fylgt hráefnismarkaðinum eftir, segir Jón. „Þetta er síbreytilegur markaður og við viljum vera í forystu þar með að tileinka okkur bestu aðgengilegu tækni og veita þannig viðskiptavinum okkar góða þjónustu og sjá til þess að hráefnið frá þeim fari í réttan farveg með sem hæstan umhverfislegan ávinning. Nýja flokkunarlínan okkar mun til dæmis gera okkur kleift að flokka hráefnið betur og þannig aðskilja verðmætara hráefni frá öðru hráefni.“

Um leið segir hann það vera hlutverk fyrirtækisins að ýta á stjórnvöld til að líta eftir hagsmunum umhverfisins þegar kemur að þessum málaflokki, því þeir hagsmunir gagnast öllu samfélaginu. „Íslenska gámafélagið stóð til dæmis fyrir átakinu „Hættum að urða“ árið 2019 og það átak var hugsað sem hvatning til stjórnvalda að setja á urðunarskatt til að koma í veg fyrir að úrgangur yrði urðaður, heldur frekar færður skref upp í úrgangsþríhyrningnum og nýttur í orkuvinnslu.“

Ýmsar breytingar í vændum

Aðspurður um þróun greinarinnar á heimsvísu næstu árin, segir hann mat stjórnenda vera að eftirspurn eftir endurvinnsluhráefni eigi eftir að aukast næstu árin, sem og eftirspurn eftir almennu sorpi til orkuvinnslu.

„Tökum plast sem dæmi, en með auknum kröfum um að plastvörur innihaldi hærra hlutfall af endurunnu plasti eykst eftirspurn eftir plasti. Varðandi almenna sorpið þá er enn verið að byggja hátæknibrennslur í Evrópu og til að halda þessum brennslum gangandi þarf stöðugt magn inn í þær og því mun eftirspurn eftir þessu hráefni aukast, enda til mikils að vinna að halda hringrásarhagkerfinu gangandi og koma þannig í veg fyrir að kol og olía séu notuð til húshitunar og rafmagnsframleiðslu. Þá munu kröfur um rekjanleika hráefnisins aukast, þannig að hægt sé að rekja uppruna úrgangsins og að leiðarenda.“

Án efa mun þriggja tunnu kerfið verða fljótlega fjögurra tunnu kerfi þar sem íbúar þurfa að setja pappír og pappírsskyldar umbúðir í aðra tunnuna og plast í hina.

Hefur breitt úr sér

Þriggja tunnu kerfið, sem byggir á Grænu tunnunni fyrir endurvinnsluhráefni, Brúnu tunnunni fyrir lífrænan eldhúsúrgang og Gráu tunnunni fyrir almennt sorp, hefur breitt úr sér um landið og það flokkunarkerfi er meira og minna notað hringinn í kringum landið fyrir utan höfuðborgarsvæðið, að sögn Jóns.

„Þá höfum við einnig innleitt þetta kerfi í flest þeirra fyrirtækja sem við þjónustum. En auðvitað þróast þetta kerfi eins og önnur og án efa mun þriggja tunnu kerfið verða fljótlega fjögurra tunnu kerfi, þar sem íbúar þurfa að setja pappír og pappírsskyldar umbúðir í aðra tunnuna og plast í hina. Síðan munu að mínu mati verða til grenndarlausnir fyrir annan úrgang svo sem gler, málma og rafeindabúnað.“ ■

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

Júlíus Aðalsteinsson, rekstrarstjóri Grænna skáta, segir að fyrirtækið hafi eflt og aukið þjónustuna að undanförnu, sérstaklega þann hluta sem snýr að því að sækja umbúðir heim til fólks og til alls kyns fyrirtækja. Margir vilja losna við vinnuna og sóðaskapinn sem þessu fylgir, en samt fá peninga út úr umbúðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Viðbótarþjónusta í sorpgeymsluna

Grænir skátar reka grenndargáma og móttökustöð í Hraunbæ, en bjóða líka upp á þá þjónustu að setja upp ílát fyrir dósir og flöskur í fjölbýlishúsum, hjá félagasamtökum og fyrirtækjum. Grænir skátar sækja svo ílátin þegar þau eru full og skila peningagreiðslu til baka.

„Síðustu 2–3 ár höfum við verið að auka og efla þjónustuna okkar, sérstaklega þann hluta sem snýr að því að sækja umbúðir heim til fólks. Við komum í húsfélög og setjum upp ílát sem henta stærð og umfangi hvers félags og svo komum við og sækjum þau og setjum ný ílát þegar þau fyllast," segir Júlíus Aðalsteinsson, rekstrarstjóri Grænna skáta. „Margir gefa okkur umbúðirnar, en við bjóðum líka upp á að greiða út skilagjaldið og þá borgum við að hámarki 11 krónur fyrir hverja einingu, en skilagjaldið er 18 krónur, svo við höldum eftir 7 krónum fyrir okkar þjónustu.

Við getum bæði komið og sótt ílátin reglulega í samráði við fólk og líka boðið upp á ílát sem eru búin skynjurum, þannig að við sjáum hvenær við þurfum að koma," útskýrir Júlíus.

„Við bjóðum líka upp á þessa þjónustu fyrir félagasamtök og fyrirtæki og umfangið hefur verið að aukast hratt eftir að fyrirtæki fengu starfsmenn sína aftur inn á vinnustaðina," segir Júlíus. „Veitingahús og veitingaaðilar hafa líka verið að leita til okkar í auknum mæli, en þau hafa verið að átta sig á hve þægilegt það er að fá okkur til

Grænir skátar koma í húsfélög og setja upp ílát. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

að sjá um þennan hausverk.

Fyrirtækjaþjónustan okkar er í raun bara viðbót við almenna sorphirðu. Við erum byrjaðir að hasla okkur völl í þeim bransa," segir Júlíus. „Það er nýtt fyrir mörgum að það sé hægt að fá einhvern til að sækja þennan endalausa straum af umbúðum og margir vilja losna við vinnuna og sóðaskapinn sem þessu fylgir, en samt fá peninga út úr umbúðunum."

Þríþættur megintilgangur

„Grænir skátar er fyrirtæki sem var stofnað fyrir rúmlega 30 árum þegar skilagjald var sett á einnota drykkjarumbúðir og hét þá Þjóðþrif," segir Júlíus. „Undanfarin ár höfum við hægt og rólega verið að byggja fyrirtækið upp og verið með gáma á öllum grenndarstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Við höfum líka verið að víkka starfsemina út austur fyrir fjall í sveitirnar þar og hægt og rólega byggt upp netið okkar. Stefnan er að geta einnig þjónustað önnur svæði á landinu.

Grænir skátar hafa þríþættan megintilgang. Við viljum auka umhverfisvitund, afla fjár fyrir skátana, sem rennur óskert í uppeldis- og félagsstarf ungs fólks á vegum íslenskra skáta viðs vegar um landið og veita þeim vinnu sem þurfa stuðning í vinnu í samvinnu við verkefnið Atvinna með stuðningi hjá Vinnumálastofnun," segir Júlíus. „Við erum með yfir 30 starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli og langflestir starfsmenn

Fólk skilar líka umbúðum til Grænna skáta í gegnum grenndargámana og þá fá þeir að eiga þær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

> **Við getum bæði komið og sótt ílátin reglulega í samráði við fólk og líka boðið upp á ílát sem eru búin skynjurum.**
>
> Júlíus Aðalsteinsson

okkar koma úr þessu verkefni. Við leggjum áherslu á þessa grunnþætti í öllum ákvörðunum og vinnu innan fyrirtækisins."

Sparar tíma, vinnu og sóðaskap

„Fólk skilar líka umbúðum til okkar í grenndargámana og þá fáum við að eiga þær, en við tökum einnig við umbúðum í flöskumóttökunni í Hraunbæ, sem við rekum í samvinnu við Endurvinnsluna. Þar er hægt að skila umbúðum á sama hátt og fólk er vant og fá allan peninginn fyrir þær, en við fáum umboðsgjald frá Endurvinnslunni fyrir að sjá um stöðina," útskýrir Júlíus.

„Húsfélaga- og fyrirtækjaþjónusta okkar hefur notið vaxandi vinsælda að undanförnu, því fólki líkar vel að fá þessa þjónustu og þurfa bara að safna þessu saman og síðan ekki hugsa um það meir, því við sjáum um afganginn," segir Júlíus að lokum.

Nánari upplýsingar má finna á dosir.is

Við höfum bara örfá ár til stefnu

Tinna Hallgrímsdóttir er formaður Ungra umhverfissinna. Hún segir loftslagskvíða ungmenna alvörumál og að glugginn til aðgerða gegn loftslagsvánni sé að lokast.

thordisg@frettabladid.is

„Í draumaframtíðinni minni erum við öll meðvituð um að allt sem við gerum hefur áhrif á náttúruna, sem svo hefur bein áhrif á okkur til baka og það á hnattrænum skala. Við erum að díla við loftslagsbreytingar, hnignun líffræðilegs fjölbreytileika og vandamál sem ná langt út fyrir okkar eigin afmarkaða veruleika. Það skortir skilning á því að umhverfisvitund snýst ekki bara um mannkyn og áhrif þess á umhverfið, heldur erum við hluti af einni og sömu heildinni. Umhverfisvitundin má þó ekki valda einstaklingum nagandi samviskubiti og kvíða yfir því að vera ekki að gera nóg, því það er á ábyrgð valdhafa að grípa til aðgerða svo auðvelt sé fyrir okkur hin að bregðast við."

Þetta segir Tinna Hallgrímsdóttir, formaður Ungra umhverfissinna. Félagið var stofnað árið 2013 og eru félagsmenn yfir 1.200.

„Ég fékk áhuga á umhverfisvitund á menntaskólaárunum, þegar ég áttaði mig á að samfélagið væri ekki jafn upplýst og ég hefði kosið. Ég er nýtin að eðlisfari og trúlega talaði offramleiðslan og -neyslan í samfélaginu til mín. Mér blöskraði að við gengjum að nauðsynjalausu svo hratt á auðlindir jarðar og hefðum af þeim völdum slæm áhrif á náttúruna, þær lífverur sem deila með okkur plánetunni og okkur sjálf," greinir Tinna frá.

Tinna Hallgrímsdóttir er formaður Ungra umhverfissinna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hún segir ungt fólk hafa miklar áhyggjur af umhverfismálum. Í leit að lausnum við því leiti það inn á við, til dæmis með því að sneiða hjá dýraafurðum, eiga ekki bíl, fljúga minna og kaupa sér sjaldnar föt.

„Fókusinn verður inn á við og einstaklingsaðgerðir eru mikilvægar upp að vissu marki, en það er nauðsynlegt að átta sig á því að vandamálið liggur hjá samfélaginu sem heild og því þarf að hugsa stærra og valdefla ungt fólk til að geta beitt sér fyrir kerfislægum breytingum, í stað þess að einblína á eigin neyslu. Ungir umhverfissinnar eru einu þverpólitísku félagasamtökin fyrir ungmenni á sviði umhverfismála sem gefa þeim tækifæri til að beita sér fyrir kerfislægum breytingum, en það er það eina sem dugar til takast á við vandamálið af nægilegri festu. Því er gríðarlega mikilvægt að hafa vettvang sem okkar, því ungt fólk veit ekki alltaf hvernig það getur beitt sér fyrir breytingum á lýðræðislegan hátt."

Róttækar aðgerðir strax

Tinna segir loftslagskvíða algengan hjá ungum Íslendingum nú.

„Það er nauðsynlegt að beina loftslagskvíðanum í réttan farveg. Því er mikilvægt að hafa samtök eins og okkar til að grípa unga fólkið og hjálpa því að hafa raunveruleg áhrif. Auðvitað væri ákjósanlegast að staðan væri ekki þessi og stjórnvöld öxluðu ábyrgð með því að grípa strax til róttækra aðgerða svo unga kynslóðin þurfi ekki að þjást af áhyggjum af framtíð sinni og sinna."

Hún segir of marga tala léttúðugt um loftslagskvíða og ekki átta sig á að um íþyngjandi vanlíðan sé að ræða.

„Jafnvel ég, sem lifi og hrærist í þessum málaflokki, ber kvíðboga fyrir framtíðinni. Þótt man viti hversu alvarlegur loftslagsvandinn er, tekur alltaf jafn mikið á að lesa nýjustu loftslagsskýrslur og -spár. Við höfum bara örfá ár til stefnu og því miður skortir skilning á því hversu aðkallandi er að bregðast við. Við verðum að gera eitthvað strax og á stórum skala. Glugginn er einfaldlega að lokast og þegar það gerist verðum við orðin of sein til að snúa þróuninni við."

Ungir umhverfissinnar eru meðal annars aðildarfélag að loftslagsverkföllum ungs fólks sem fylkt hefur liði á Austurvöll til að knýja stjórnvöld til aðgerða.

„Jú, það er hlustað á okkur en ekki jafn mikið og við vildum og alls ekki brugðist eins hratt við og þyrfti. Stundum er ungmennaþátttaka notuð sem skrautfjöður, en til að koma í veg fyrir það skiptir máli að leyfa okkur að taka þátt á eigin forsendum. Mér finnst við þó fá æ meiri hljómgrunn innan samfélagsins og hjá stjórnvöldum."

Óafturkræfar breytingar

Ungum umhverfissinnum er fúlasta alvara og þeir ganga hart fram, enda er framtíðin þeirra.

„Við höfum drifkraftinn sem fylgir ungu fólki, sem er að hluta til vegna þess mannhverfa sjónarmiðs að hugsa um eigin framtíð. Við vitum að loftslagsmálin tvinnast saman við margvísleg málefni, líkt og samfélagslegan ójöfnuð, og er þetta allt partur af því að skapa mannvænni framtíð sem og farsælt líf fyrir þær lífverur sem deila með okkur plánetunni. Tíminn er hins vegar að renna út og því þurfa stjórnvöld að taka í taumana áður en það verður of seint. Ef við drögum lappirnar verður bæði dýrara og erfiðara að takast á við loftslagsvandann. Það er ódýrara og auðveldara að draga úr losun strax, í stað þess að takast á við afleiðingarnar seinna," segir Tinna.

Hennar helsti ótti, verði þróun loftslagsbreytinga ekki snúið við, er:

„Ef við förum yfir 1,5 gráðu hlýnun verða miklar líkur á, ef ekki óumflýjanlegt, að við förum yfir ákveðna þröskulda sem setja af stað neikvæðar keðjuverkanir og óafturkræfar breytingar sem okkur verður um megn að koma böndum á. Það er þessi óstöðugleiki sem veldur mér mestum áhyggjum. Við unga kynslóðin erfum samfélagið sem fyrri kynslóðir byggðu, en undirstöður þess munu molna ef við förum yfir ákveðna þröskulda hvað varðar losun." ■

Tækifæri til að endurhugsa umbúðir

Um mitt ár tóku gildi nýjar reglur um einnota plastvörur sem setja notkun þeirra ýmis takmörk.

Gró Einarsdóttir, sérfræðingur í teymi hringrásarhagkerfis hjá Umhverfisstofnun, segir að þessum nýju reglum fylgi sú krafa að rukka þarf fyrir einnota matar- og drykkjarílát úr plasti. Hún segir reglurnar kjörið tækifæri til að endurhugsa ílátin sem við veljum.

„Í stuttu máli eru nýju reglurnar þær að frá 3. júlí síðastliðnum mega sölustaðir ekki lengur gefa einnota matarílát og glös úr plasti. Þeir þurfa að taka gjald fyrir það. Þetta gildir ekki um allt plast heldur fyrst og fremst fyrir útrétti (e. take-away) og mat sem borðaður er á ferðinni. Þetta er svipað og endurgjaldskrafan á pokum, en núna gildir hún líka fyrir plastílát og plastglös," útskýrir Gró.

„Lögin taka á plastvörum sem líklegt er að endi úti í náttúrunni. Umbúðir af skyndibita og öðrum mat sem borðaður er á ferðinni eru líklegastar til að verða að rusli í náttúrunni. Plastið er þar til mestra vandræða af því það brotnar ekki niður og endar þá í lífríkinu á landi eða sjó. Þaðan kemur það svo aftur til mannfólksins og getur valdið alls kyns hormónaraskandi áhrifum."

Gró segir að krafan um gjald fyrir einnota plastumbúðir sé víðtækara en margir gera sér grein fyrir. Nokkur dæmi um þær einnota umbúðir sem eru gjaldskyldar eru:

- PLA-plastlok fyrir pappamál, til dæmis eins og fyrir kaffi.
- Lok úr plasti af sósum eins og kokteilsósu.
- Bréfpokar með plastglugga, eins og fást oft í bakaríum.
- Plasthúðuð pappamál, eins og fást oft í ísbúðum.
- Plasthúðaðir bréfpokar sem oft eru notaðir undir franskar kartöflur.

Gró segir gríðarlegt magn af einnota vörum enda í náttúrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Gjald fyrir plastumbúðir þarf að koma fram á kvittun. „Ef þú ert að sækja mat fyrir fjölskylduna þá getur þetta orðið ansi mikið af umbúðum, hamborgarinn er kannski í plasthúðuðum pappír, franskarnar í plasthúðuðum pappírspoka og gosið í máli með plastloki og kokteilsósan í plastboxi. Þetta eru fjórar mismunandi einnota umbúðir. Ef þetta er fjögurra manna fjölskylda þá eru þetta 16 umbúðir sem þarf að rukka fyrir," útskýrir Gró.

Framboðið endurskoðað

Gró segir að hægt sé að líta á þessar nýju reglur sem tækifæri fyrir sölustaði til að endurskoða framboð sitt.

> **Það er hægt að fara yfir framboðið og hugsa: Hvar er ég að nota einnota plastlok, matarílát og glös, og hvar er það óþarfi?**
>
> Gró Einarsdóttir

„Margir neytendur vilja ekki borga þetta gjald og sölustöðum er mjög í mun að vera með ánægða kúnna. Þá eru nokkrar lausnir í boði. Söluaðilar geta nýtt tækifæri sem fylgir breyttri löggjöf og endurhugsað umbúðirnar sínar," segir hún.

„Það er hægt að fara yfir framboðið og hugsa: Hvar er ég að nota einnota plastlok, matarílát og glös, og hvar er það óþarfi? Í sumum tilfellum er hægt að setja kokteilsósu við hliðina á frönskunum, eða sleppa plastlokinu á ílátum. Stundum er hægt að skipta yfir í margnota ílát. Það er hægt að leyfa viðskiptavinum að koma með eigin ílát og sleppa þannig við gjaldið. Ef engin af þessum aðferðum virkar er svo hægt að skipta plastinu yfir í pappír."

Gró segir að hægt sé að skipta þessum lausnum niður í græna, gula og rauða lausn. Græna er best fyrir umhverfið, gula næstbest en rauða er sú versta. Grænu lausnirnar eru hringrásarlausnir.

„Hérlendis eru Háskóli Íslands og Landspítalinn dæmi um fyrirmyndir, en þau fóru í gegnum sín mötuneyti fyrir nokkrum árum og bjóða bara upp á fjölnota plastmál og matarílát fyrir útrétti. Úti í heimi eru fyrirtæki sem gera þetta á stærri skala, til dæmis Cub Club, sem er þjónustuaðili fyrir skyndibita- og matsölustaði sem bjóða upp á deiliþjónustu fyrir fjölnota mál. Þú leigir málin með appi og skilar þeim svo á skilastöðvar með appinu í stað þess að henda þeim í ruslið. Þessi lausn er ekki komin til Íslands enn þá en þetta væri alveg möguleiki. Það gæti til dæmis einn aðili þjónustað öll kaffihús á Laugavegi og annar í Kringlunni eða Smáralind. Það er kannski framtíðin. Gula lausnin er að hafa einnota vörur minna aðgengilegar, svo þú takir ekki einnota plastlok og ílát að óþörfu."

Gró segir að rauða lausnin sé lögleg lausn, en ekki endilega sú besta fyrir um hverfið. „Vandamálið við að fara úr plasti yfir í pappír er að það er stærra kolefnisspor á pappírsumbúðum og pappírinn getur komið úr ósjálfbærri skógrækt, en kosturinn er að þær valda ekki skaða á lífríkinu. Það er ekki sjálfbært að fara úr einu einnota yfir í annað einnota," segir Gró. ■

Hægt er að lesa meira á https://samangegnsoun.is/einnota-plastvorur/

Afskráðu ónýta bílinn hjá okkur

... og við komum honum í endurvinnslu

Við sækjum **stóra** hluti,
tökum á móti brotajárni
og góðmálmum sem við
greiðum fyrir skv. verðskrá

hringras.is/verdskra

HRINGRÁS
ENDURVINNSLA

Sterkir í brotajárni

Verðmæti Málma fólgin í endurvinnslu

Málma hristi allverulega upp í brotajárnsmarkaðnum á Íslandi þegar fyrirtækið tók til starfa í september fyrir tveimur árum síðan. Eftir tvö farsæl ár hefur starfsemin sprengt utan af sér húsnæðið og er Málma flutt í stórt og glæsilegt rými að Flugumýri 12 í Mosfellsbæ.

Nýja húsnæðið er rúmgott og rúmar betur alla þjónustu fyrirtækisins, sem og gámaþjónustuna sem fyrirtækið byrjaði nýlega að bjóða upp á. „Við bjóðum fyrirtækjum og einstaklingum að fá hjá okkur sérmerkta gáma eða kör til þess að safna brotamálmi í. Við útvegum körin, komum með þau á staðinn, sækjum þegar þau eru orðin full og komum við með nýtt í staðinn. Þessi þjónusta er viðskiptavininum að kostnaðarlausu og fær hann greitt fyrir þá málma sem safnast í körin, eftir uppgefinni verðskrá. Viðskiptavinur fær þannig greitt fyrir efnið en þjónustan er þeim að kostnaðarlausu," segir Högni Auðunsson, framkvæmdastjóri og eigandi Málma.

Þegar Málma hóf störf á Íslandi var fákeppni á brotajárnsmarkaðnum. „Við hristum verulega upp í markaðnum meðal annars með því að borga hærra verð fyrir málma. Við fylgdum einfaldlega erlendum mörkuðum á brotajárni og brotamálmum," segir Högni.

Starfsfólk Málma tekur á móti þér með bros á vör. Endurvinnsla málma er klárlega framtíðin enda er skortur á málmum víða um heim. MYNDIR/AÐSENDAR

Málma tekur við öllum gerðum málma og brotajárns og greiðir fyrir eftir verðskrá.

Stórt og glæsilegt húsnæði

„Nýja húsnæðið í Mosfellsbæ er frábært í alla staði og mun stærra en rýmið í Stangarhyl, þar sem við vorum áður. Við höfum sett upp akstursleið í gegnum bygginguna og aukum þannig þægindi viðskiptavina okkar. Fólk getur þá losað brotajárn inni í hlýjunni í öllum veðrum. Við leggjum að auki mikinn metnað í að halda rýminu hreinu og snyrtilegu.

Við viljum ekki að fólki finnist eins og það sé að koma inn í einhvern brotajárnshaug. Við höfum hlustað vel á viðskiptavini okkar hvernig þeim þætti best að haga sinni endurvinnslu og viljum gera þetta einfalt, þægilegt og ánægjulegt fyrir fólk."

Verð á málmum fer síhækkandi

Að sögn Högna er endurvinnsla á málmum gríðarlega mikilvægt og þarft verkefni. „Hér í Flugumýri flokkum við alla málma og gerum flutningshæfa. Svo eru þeir fluttir ýmist með gámum til Hollands eða upp á Akranes þar sem við erum með járnaport. Þaðan fer málmurinn til Hollands með skipi og Hollendingar endurvinna efnið. Hollenskt fyrirtæki á helminginn í Málma og sjálfur á ég ásamt lykilstarfsmönnum hinn helminginn."

Málma tekur á móti öllum málmum og borgar eftir verðskrá. Verðlistann er að finna á vefsíðu malma.is en þar er einnig að finna reiknivél sem viðskiptavinir geta nýtt sér. „Hver sem er getur komið til okkar og fengið greitt fyrir málma og það er ekkert lágmark á þyngd. Við tökum við öllu magni, hvort sem það er lítil eða mikil þyngd. Ef fólk er óvisst með hvernig það eigi að flokka málmana þá geta starfsmenn Málma mætt á svæðið og hjálpað til við að finna út hvernig sé best að standa að flokkun. Þannig hámarkast verðmætin sem fólk er með í höndunum," segir Högni.

„Frá því við hófum störf höfum við sent út um 8.000 tonn af járni og 2.000 af góðmálmum. Eins og er tökum við ekki á móti spilliefnum eins og rafgeymum og fleiru, en það er klárlega eitthvað sem við sjáum fram á að bæta við hjá okkur á næstunni. Flesta málma er hægt að endurvinna og þetta er í raun framtíðin í málmvinnslu. Verð á málmum fer síhækkandi því það er skortur alls staðar. Það er orðið vandamál að byggja skip, flugvélar, flutningsgáma og annað vegna skorts á málmum. Faraldurinn hefur eflaust eitthvað að segja í því en einnig hafa hertar reglur er varða starfsöryggi við uppgröft málma þar áhrif."

Verðmæti í hverjum kút

Það eru mikil verðmæti í málmum. „Til dæmis gera sér ekki allir grein fyrir því að gríðarleg verðmæti geta falist í hvarfakútum. Verðmætasti málmur í heimi er ródíum en hann finnst meðal annars í hvarfakútum bifreiða ásamt palladíum og platínum. Þessir málmar eru þeim eiginleikum gæddir að hvarfast við koltvísýring í útblæstri bíla. Í heiminum eru ekki til nema um 100 tonn af ródíumi og í hverjum kút er þennan verðmæta málm að finna í mjög litlu magni. En þetta litla magn tapast úr umferð fari það í urðun.

Hvarfakútar eru í raun eins og happaþrenna. Stundum er mikið af dýrmætum málmum í þeim og stundum nánast ekkert. Þessu er hægt að fletta upp í sérstakri hvarfakútaskrá, en hver kútur er númeraður og finnst þannig í skránni. Ég hef mest borgað 120.000 kr. fyrir einn hvarfakút sem innihélt mikið af málmum, en algengt er að fólk fái um 15-20.000 kr. fyrir kútinn. Við viljum vekja fólk til vitundar um að allir málmar hafa verðmæti. Það er alltaf þess virði að endurvinna alla málma," segir Högni að lokum. ■

Nánari upplýsingar má nálgast á malma.is

Hneykslast ef þau sjá rusl á götunni

Leikskólinn Drafnarsteinn er umhverfisvænn. Hann hlaut á dögunum fimmta Grænfánann. Verkefnið var á vegum Landverndar og er alþjóðlegt verkefni um umhverfismennt um líffjölbreytileika.

elin@frettabladid.is

Halldóra Guðmundsdóttir leikskólastjóri segir að bæði starfsfólk og börn séu afar stolt af þessum heiðri. „Það var frábært að flagga fimmta Grænfánanum okkar. Grænfáninn er samstarfsverkefni með Landvernd um umhverfismennt. Hver fáni er veittur fyrir sérstakt þema og ef skólinn sýnir fram á að starfa eftir því, hlýtur hann fánann," segir Halldóra.

Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu. „Við vinnum með umhverfisvernd, flokkum öll úrgangsefni, hugum að notkun á rafmagni og vatni, ásamt því að vinna með átthagana og lífsfjölbreytileika. Einnig höfum við verið í alþjóðlegu verkefni að búa til námsefni fyrir 5-9 ára börn um líffjölbreytileika. Bæði leik- og grunnskólar tóku þátt í því verkefni," segir hún.

Drafnarborg var með umhverfismarkmið þegar leikskólinn sameinaðist Dvergasteini fyrir tíu árum. Skólinn fékk þá nafnið Drafnarsteinn. „Okkur hefur alltaf fundist það svo sjálfsagður hlutur og eðlilegur að virða umhverfisvernd, ekki síst í námi barna. Mér hefur alltaf þótt það einstaklega skemmtilegt að sjá hversu eðlilegt þetta er fyrir börnin," segir Halldóra, sem var verkefnisstjóri umhverfisstefnu á fyrstu árunum. „Það þurfti ekkert átak því krakkarnir voru svo tilbúnir í að flokka og fannst það áhugavert. Sorpa í Ánanaustum er í nálægð við okkur og við göngum iðulega þangað með rusl. Við erum með moltugerð og eldhúsið tekur mikinn þátt í þessu starfi. Foreldrar barnanna hafa líka verið áhugasamir um þetta verkefni okkar. Þeir hafa verið með fataskiptamarkað og starfsfólkið tekur þátt í honum. Það má segja að þetta vindi upp á sig í allar áttir," segir Halldóra.

„Elstu börnin mynda umhverfisnefnd ásamt kennurum og foreldrum. Haldnir eru fundir reglulega og sett markmið. Þannig finna börnin til sín og taka verkefninu af mikilli ábyrgð. Flest börnin halda áfram í Vesturbæjarskóla en hann vinnur eftir Grænum skrefum Reykjavíkurborgar. Við munum verða þátttakendur í því áður en langt um líður, en það er stefna borgarinnar. Ég vona innilega að það sem börnin læri á leikskólanum fylgi þeim áfram í lífinu. Við höfum heyrt sögur af börnunum heima þar sem þau passa upp á að foreldrarnir eyði ekki of miklu rafmagni, slökkvi jafnvel ljósin," segir Halldóra og hlær.

„Fyrstu árin fannst okkur margt virka mjög erfitt í flokkunarkerfi og umhverfisvernd, en með árunum er þetta bara orðinn hluti af tilverunni. Það heyrðust alveg hljóð úr horni þegar við ræddum um að taka upp moltugerð, en öllum finnst hún sjálfsögð í dag. Umræðan hefur auðvitað snarbreyst á tíu árum og ég finn vel að starfsfólkið tekur þetta með sér heim eins og börnin. Allir taka höndum saman um að skapa betra umhverfi," segir hún.

„Í rauninni hefur leikskólinn alltaf verið umhverfisvænn. Leikskólakennarar hafa alltaf þurft að nýta alla hluti. Við söfnum pappírshólkum og málum þá. Sömuleiðis söfnum við krukkum og kaupum mjög lítið af því efni sem við vinnum með. Fyrir tíu árum vorum við að prenta út alls konar sem þekkist ekki í dag. Starfshættir kennara hafa því líka breyst enda flestir áhugasamir um græn málefni," segir Halldóra. „Það er ótrúlegt hvað margt í dag er einfalt sem þótti flókið fyrir nokkrum árum."

Halldóra er leikskólastjóri á Drafnarsteini en skólinn fékk nýlega Grænfánann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Fyrstu árin fannst okkur margt virka mjög erfitt í flokkunarkerfi og umhverfisvernd, en með árunum er þetta bara orðinn hluti af tilverunni.**

Halldóra segir að þótt börnin séu ung að árum séu þau meðvituð um umhverfið og fylgist með umræðunni. „Dóttir mín sem er í tíunda bekk tók fullan þátt í umhverfisbaráttu unga fólksins með mótmælaspjöldum við Alþingi í fyrra. Leikskólabörn taka miklu meira eftir umræðunni en maður telur og hafa sterkar skoðanir. Í leikskólann koma alltaf ný börn og við höldum áfram að leiða þau í grænni umræðu og erum alltaf að rifja upp. Þegar við erum í gönguferð eru þau afar athugul varðandi umhverfið. Hneykslast síðan mikið ef þau sjá rusl á götunni. Að mínu viti ættu allir skólar að hafa græn skref eða Grænfána." ■

Málmaendurvinnslan

Við tökum á móti öllum tegundum af brotamálmi. Kynntu þér starfsemi okkar á malma.is

Nú finnur þú okkur í nýju
húsnæði að Flugumýri 12
270 Mosfellsbæ

Fylgdu okkur á Facebook og Instagram:
@malmaendurvinnslan

MÁLMA
ENDURVINNSLAN

Þessi flöskuhaldari þurfti sárlega á yfirhalningu að halda og Kristbjörg var með flotta hugmynd um að breyta honum í jólalegan kólakassa með upptakara og öllu.

Hönnun kókflaskna hefur verið stórskemmtileg gegnum tíðina og rauði liturinn smellpassar inn í jólin. Þá bjó hún einnig til glasamottur sem passa á aðra hlið kassans.

Kristbjörg hefur gífurlega gaman af því að föndra og er alltaf með eitthvað skemmtilegt verkefni í gangi. Hún sýnir og segir frá fönduræv intýrum sínum á Facebook-síðunni Litla fönduramman.
MYNDIR/AÐSENDAR

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Kristbjörg er litla fönduramman á Akureyri

Kristbjörg Ólafsdóttir er líklega betur þekkt sem Litla fönduramman á Akureyri, en hún er að eigin sögn alltaf með einhver skemmtileg föndurverkefni í gangi. Best þykir henni að vinna með hluti sem hún finnur á nytjamörkuðum.

Kristbjörg er ein af þeim sem hefur alltaf verið föndrandi gegnum lífið. „Ég get ekki sagt hvenær þetta byrjaði hjá mér, en ég held hreinlega að þetta hafi alltaf verið í blóðinu," segir Kristbjörg, sem stofnaði Facebook-síðu í sumar þar sem hún sýnir loks öllum sem hafa áhuga verkin sín. Oftar en ekki sýnir hún hlutinn eins og hann var áður og svo hvernig hann lítur út eftir breytinguna. Þá lýsir hún ferlinu enn fremur og segir frá á hverju gekk.

Best að gefa nýtt líf

„Ég skoða mikið nytjamarkaði eins og Rauða krossinn og Hertex á Akureyri, en ég fer líka í endurvinnsluna hjá henni tengdamóður minni og hef tekið áldósir þaðan og ýmislegt annað til að föndra með. Ef ég get notað eitthvað í föndrið sem hefur verið notað áður og gefið nýtt líf, þá geri ég það. Það er einfaldlega alltof miklu hent hérna," segir Kristbjörg.

Hefurðu gaman af því að leita að hráefni?

„Jahá! Ég elska að leita og finna eitthvað til að föndra með. Minn draumastaður er Kolaportið eða Góði hirðirinn. Ég elska þá staði."

Hverju leitarðu að þegar þú ert á höttunum eftir hráefni?

„Ég leita eftir öllu sem er úr viði. Sérstaklega viðarskurðbretti. Það er ótrúlega margt fallegt hægt að gera úr þeim. Um daginn var ég að klára að föndra úr stóru aflöngu viðarskurðbretti. Ég málaði það með kalkmálningu, setti á það klemmur og skrifaði „Gleðileg jól". Þetta er þá staður fyrir jólakortin. Eitt af uppáhaldinu mínu sem ég hef gert undanfarið föndraði ég úr viðarhjarta sem ég fann í Góða hirðinum. Það var einhver texti á því, „Live, laugh, love", sem ég pússaði bara niður. Svo málaði ég yfir með grárri kalkmálningu og skrifaði: „Mömmur eru eins og tölur, þær eru litríkar, koma í öllum stærðum og gerðum og halda öllu saman." Svo límdi ég slaufu og hnappa á hjartað. Ég held mikið upp á þetta."

> **Ef ég get notað eitthvað í föndrið sem hefur verið notað áður og gefið nýtt líf, þá geri ég það. Það er einfaldlega alltof miklu hent hérna.**
>
> Kristbjörg Ólafsdóttir

Einstök hráefni

Hver hlutur sem Kristbjörg býr til er einstakur. „Hráefnin sem ég nota koma oftar en ekki úr nytjamörkuðum, og þá er oftast bara eitt eintak í boði og ekki hægt að fjöldaframleiða. Og ef ég finn eitthvað í Tiger eða Søstrene Grene, þá stenst ég yfirleitt ekki mátið að breyta þeim hlutum líka. Ég nota líka mikið efni sem eru ódýr eða jafnvel ókeypis, eins og hrærupríkin úr málningarbúðunum. Þau nota ég oft sem bakgrunn í skilti og ýmislegt.

Ég nota mikið kalkmálningu, en mér finnst áferðin sem kemur af henni skemmtileg. Hún verður alveg mött, þekur vel og þornar fljótt. Svo nota ég líka mikið Mod Podge, sem er límlakk. Það er frábært til þess að setja myndir á alls konar hluti.

Uppáhaldstíminn minn er jólin. Ég er mikil jólamanneskja og elska að föndra fyrir jólin og gefa í jólagjafir. Sjálf myndi ég vilja kveikja á jólaljósunum sem allra fyrst, en maðurinn myndi ekki samþykkja það. Ég er ekki enn búin að smita hann af jólabernskunni," segir Kristbjörg og hlær.

Er hægt að nálgast föndrið þitt einhvers staðar?

„Ég hef ekki verið að selja mikið af því sem ég bý til, en gef mikið til vina og vandamanna. Þá er ég dugleg að gefa verkin mín í jólagjafir. Í fyrra langaði mig til að vera með borð inni á Glerártorgi og selja föndrið mitt fyrir jólin, svona eins og Rauði krossinn gerir, en faraldurinn kom því miður í veg fyrir það. Núna í ár ætla ég að láta reyna á það og sé fram á að vera komin með fullt af fallegum munum til að selja í nóvember og desember. Það verður meðal annars hægt að nálgast mömmuhjartað sem ég föndraði um daginn." ■

Hún pússaði myndina af og málaði fallegan texta á. Slaufan og viðarperlurnar setja punktinn yfir i-ið.

Þetta spilaborð fann Kristbjörg í Hertex og vissi strax að hún gæti gert einhverja gersemi úr því.

Áldósir utan af tómötum, túnfiski og ýmsu fleira er vel hægt að endurnýta í fallegt föndur.

Kalkmálning, Mod Podge, blúndur, snæri og hæfileikar Kristbjargar gera óspennandi áldósir úr endurvinnslutunnunni að gersemum.

„Dekkaðu“ kolefnis sporið ...naglana burt!

Kæri vegfarandi

**Nú er umræðan hávær um notkun nagladekkja og skaðann sem af þeim hlýst.
Það er kominn tími til að hætta að tala og sýna umhverfisvernd í verki!
Við höfum um árabil boðið raunhæfan valkost sem leysir nagladekk af hólmi.**

Þar sem umhverfisvitund- og vernd er mikilvægari en nokkru sinni fyrr og umræðan hávær um að grípa þurfi til „allra“ aðgerða sem stuðla að minni mengun, þá er brýnt að koma fram með raunæfa valkosti.

Green Diamond harðkornadekk hafa algjöra sérstöðu af tveimur ástæðum: 1. Í þeim er allt að 10x meira af iðnaðardemanti en í öðrum auglýstum harðkornadekkjum. 2. Þau eru íslensk uppfinning, framleidd úr endurunnu hráefni og hafa með rannsóknum sýnt fram á að geta leyst nagladekk af hólmi í vetrarakstri og um leið verið góður kostur sem heilsársdekk.

Nagladekk sverfa hættuleg hjólför/rásir í malbikið með tilheyrandi hættu og óþægindum fyrir vegfarendur og miklum kostnaði fyrir samfélagið, sem er þó aðeins brot af þeim himinháa kostnaði sem hlýst af heilsubresti og allt að 60 ótímabærum dauðsföllum sem árlega verða af völdum svifryks, að sögn lækna.

Rannsóknir sýna að í yfir 98% tilvika er ekið á blautu eða þurru malbiki á höfuðborgarsvæðinu og við þær aðstæður henta nagladekk hreinlega ekki og gera fremur ógagn en hitt, sbr. skýrslu dr. Haraldar Sigþórssonar umferðarverkfræðings „Falskt öryggi“ – Þessi 2% tilvika geta aldrei réttlætt notkun negldra dekkja.

Dekkin hafa farið í gegnum prófanir VTI í Svíþjóð og sannað sig sem öruggan valkost til að leysa nagladekkin af hólmi. Sem dæmi má nefna að forgangsbifreið björgunarsveitarinnar á Flúðum hefur verið á Green Diamond dekkjum í 8 ár og ekkert staðfestir í raun þetta próf betur.

Á vefsíðu okkar hardkornadekk.is má finna frekari fróðleik um eiginleika dekkjanna, allt frá öryggi- til umhverfisþátta. Það er von mín lesandi góður að þetta opni augu þín fyrir þeirri tímaskjekkju sem nagladekk eru, sér í lagi á suðvesturhorni landsins. Vertu þátttakandi í sífellt stækkandi hópi Íslendinga sem með öryggi að leiðarljósi ekur um með góða umhverfissamvisku.

Green Diamond harðkornadekk eru umhverfisvænn kostur fyrir grænt bókhald.

F.h. Harðkornadekkja ehf.
Kristinn R. Sigurðsson

Kristinn R. Sigurðsson

Öruggasti valkosturinn
í stað nagladekkja*

*www.hardkornadekk.is/pages/profanir-dekk

UMHVERFISVÆN OG ENDURUNNIN HEILSÁRSDEKK

20 ÁRA REYNSLA!

FYRIRSPURNIR
info@hardkornadekk.is
611 77 99

Nestispokar úr plastumbúðum. MYNDIR/AÐSENDAR

Neyslusamfélagið er helsti óvinur skapandi hugsunar og vinnu

Ásta Vilhjálmsdóttir hefur um sextán ára skeið kennt grunnskólanemum að endurnýta ýmislegt úr daglegu lífi og að huga betur að nýtingu og náttúrunni.

starri@frettabladid.is

Í starfi sínu sem textílkennari til sextán ára hefur Ásta Vilhjálmsdóttir kennt grunnskólanemendum að endurnýta margt úr daglegu lífi og að hugsa almennt betur um nýtingu og náttúruna.

„Mér finnst öll skapandi vinna skemmtileg og fæ mikið út úr því að prófa nýja hluti tengda alls konar sköpun, sem ég reyni svo að nýta í starfi mínu sem kennari. Ég hóf kennslu í aðdraganda góðærisins og fann hvernig það ástand hafði letjandi áhrif á sköpun og handverk nemenda. Allir áttu nóg af öllu og þeir sáu ekki tilgang með sköpun sinni og verki, enda vildu allir það fjöldaframleidda og handverkið þótti púkó. Þetta var náttúrulega mikil synd því krakkar búa yfir skapandi hugsun, en þau þurfa líka að fá hrós og sjá tilgang með vinnu sinni. Ég lít svo á að neyslusamfélagið sé helsti óvinur skapandi hugsunar og vinnu."

Ásta er menntaður klæðskerameistari og starfaði við það í mörg ár, þar sem hún rak meðal annars verkstæði og verslun með eigin hönnun.

Börn hafa lítið breyst

Mikil aukning á neyslu á þessum tíma sannfærði hana um að hún þyrfti að leggja áherslu á nýtingu og endurgerð hjá öllum aldurshópum í skólastarfinu. „Jafnframt reyndi ég að finna vinnu þeirra tilgang með sjálfboðaliðastarfi, svo sem að sauma töskur fyrir vinaskóla í Afríku, gera innkaupapoka til að minnka plast og safna fyrir flóttabörn.

Í öll þessi verkefni notum við textílúrgang: gamlar gardínur, efnisbúta og sængurfatnað. Yngstu börnin vinna mikið með gamla sokka og útbúa til dæmis sokkabrúður af ýmsu tagi og stundum heimili fyrir þær úr umbúðadrasli. Við notum líka ýmislegt úr náttúrunni eins og greinar, plöntur, steina og skeljar. Og það skemmtilega er að börn eru ekkert öðruvísi núna en þegar ég var að alast upp. Þeim þykir jafn gaman og mér þótti að skapa eitthvað úr engu og eru dugleg við að finna sjálf lausnir á þessum verkefnum. Það er mikil mötun fólgin í allri þessari neyslu og lítilli þörf fyrir skapandi hugsun og frumlegar lausnir."

Hlutverk skóla er stórt

Hún segir hlutverk skóla og kennara vera stórt þegar kemur að endurvinnslu og endurnýtingu

„Það er auðvitað ljóst að eitthvað róttækt þarf að gerast ef það á að takast að snúa þróuninni við sem á sér stað í loftslagsmálum. Við sjáum að ráðamenn virðast ekki hafa getu, eða jafnvel vilja, til að taka á þessum málum af þeim krafti sem nauðsynlegt er, svo það lítur út fyrir að almenningur þurfi að taka málin í sínar hendur. Til þess þurfum við að fræða fólk um alvarleika málsins, rétta því verkfæri og vekja von um lausn.

Innkaupapokar úr gömlum lökum sem hafa verið máluð.

Gallajakki sem hefur fengið yfirhalningu hjá nemendum Ástu.

Sokkabrúða frá yngri nemanda Ástu í híbýlum sínum.

Því fleiri sem breyta sínum lifnaðarháttum og snúa baki við neyslusamfélaginu, þeim mun meiri þrýstingur skapast á ráðamenn og framleiðendur að bæta ráð sitt," bætir hún við. „Þar skipar menntun höfuðmáli. Sjálfbærnimenntun á öllum sviðum menntunar, í öllum námsgreinum. Allt of oft hefur verið litið á list-og verkgreinar sem hvíld frá krefjandi námi og að í þessum greinum felist lítil alvöru menntun. En ég tel að þessar greinar gegni lykilhlutverki í þeirri menntun sem er nauðsynleg í framtíðinni sem við blasir. Nefnilega skapandi, lausnamiðaðri og gagnrýnni hugsun.

Endurnýting og endurvinnsla er stór hluti þess að leysa vandamál tengd úrgangi á meðan við erum ekki komin lengra á vegferðinni til sjálfbærari lífshátta. Hráefni er nefnilega dýrmæt auðlind sem ekki er hægt að sóa lengur. Um leið þurfum við að hjálpa nemendum við að tengjast náttúrunni og bera virðingu fyrir henni."

Mörg tækifæri til staðar

Ásta stendur á bak við vefinn gerasjalfur.is þar sem hún setur fram námsefni sem hún hefur þróað og hentar sjálfbærnimenntun í textílmennt. „Ég hef miklar áhyggjur af ástandi Jarðarinnar: neyslunni, menguninni og náttúrunni. Sem kennari finnst mér það vera skylda mín að reyna að gera eitthvað í málunum. Á síðasta ári kláraði ég meistaranám í listkennslu frá LHÍ og sem hluta af meistaraverkefni mínu setti ég saman þennan vef."

Ásta Vilhjálmsdóttir, textílkennari og klæðskerameistari.

Hún segir textílframleiðslu, neyslu og úrgang spila stóran þátt í loftslagsbreytingum. „Fatnaður og tíska eru óneitanlega hluti af lífi nemenda og því býður textílmennt fram mörg tækifæri til sjálfbærninnáms. Námsvefurinn inniheldur fræðslu um vandann sem við stöndum frammi fyrir og stuðlar að gagnrýninni hugsun." Þar má meðal annars finna verkefni sem þjálfa nemendur í skapandi vinnubrögðum, tilraunir þar sem þeir fá tækifæri til að byggja á eigin reynslu og reyna á getu sína til lausnaleitar, og veita verkkunnáttu sem getur hjálpað þeim að bjarga sér með sjálfbærum hætti.

„Þetta eru verkefni sem snúast um raunveruleikann og dagsdaglegt líf nemenda og gefa þeim tækifæri til að þróa hugmyndir sínar út frá eigin áhugasviði og nýta sér kunnáttu sína og færni til eigin sköpunar. Það er trú mín að nám þar sem áhersla er lögð á slíkar aðferðir hjálpi nemandanum að vera gerandi í eigin lífi og efli trú hans á getu til aðgerða. Slík færni, kunnátta og hugsun er grundvallarþáttur í sjálfbærnimenntun, sem hefur verið vanræktur og vanmetinn í menntakerfinu og í samfélaginu." ■

Alur álvinnsla er nýsköpunarfyrirtæki í stöðugri þróun. Það tekur árlega við 7.000 tonnum af álgjalli til endurvinnslu frá álverum landsins.
MYNDIR/BIG

Ótvíræður ávinningur af endurvinnslu áls

Alur álvinnsla er staðsett á iðnaðarsvæði Grundartanga og hefur starfað þar síðan árið 2012.

Áður var verksmiðjan starfandi í Helguvík, eða frá árinu 1998. Á undanförnum árum hefur starfsemin á Grundartanga tekið miklum breytingum, undir stjórn Brynju Silness framkvæmdastjóra. Mikil vinna hefur verið lögð í framþróun, bestun framleiðsluferla og öryggi á starfsstað. Þetta hefur skilað bættri nýtingu endurvinnsluferla og gert verksmiðjuna að enn öruggari starfsstað fyrir þá sem þar starfa.

„Fyrirtækið er nýsköpunarfyrirtæki í stöðugri þróun. Við gerum ríkar kröfur til bæði umhverfis- og öryggismála, en það má með vissu segja að Alur álvinnsla hafi mætt þeim kröfum og gott betur," segir Brynja.

Árlega tekur fyrirtækið á móti 7 þúsund tonnum af álgjalli til endurvinnslu frá álverum landsins.

„Úr þessu eru framleidd um 3.300 tonn af áli, sem fara til baka inn í framleiðsluferli álveranna. Alur hefur samkvæmt starfsleyfi heimild til að taka á móti 15.000 tonnum árlega og horft er til þess að nýta þær heimildir enn betur í framtíðinni," upplýsir Brynja.

Best vaktaða iðnaðarsvæðið

Ál er dýrmætur málmur og ávinningur endurvinnslu ótvíræður.

„Orkuþörf endurvinnslu nemur aðeins 5 prósentum af þeirri orku sem þarf við frumframleiðslu áls. Álið heldur öllum sínum gæðum við endurvinnsluferlið og eru engin takmörk fyrir því hversu oft er hægt að endurvinna það. Eitt tonn af endurunnu áli sparar um tvö tonn af súráli og 1,65 tonna losun koltvísýrings (CO2). Á heimsmælikvarða sparar því endurvinnsla áls meira en 100 milljóna tonna losun á koltvísýringi árlega," greinir Brynja frá.

Brynja Silness, framkvæmdastjóri Als álvinnslu, hefur lagt mikla vinnu í framþróun, bestun og öryggi á vinnustað.

Ál er dýrmætur málmur. Á heimsmælikvarða sparar endurvinnsla áls meira en 100 milljóna tonna losun á CO^2.

Alur álvinnsla framleiðir árlega um 3.300 tonn af áli sem fara aftur til baka inn í framleiðsluferli álveranna.

> **Ál heldur öllum sínum gæðum við endurvinnsluferlið og eru engin takmörk fyrir því hversu oft er hægt að endurvinna það.**

Samhliða uppbyggingu í verksmiðjunni á Grundartanga hefur verið unnið að úrbótum í umhverfismálum hjá Al álvinnslu.

„Við fjárfestum í búnaði sem tryggir að álagnir skili sér í endurvinnsluferilinn og hámarkar nýtingu þess efnis sem unnið er með. Bættir ferlar hafa minnkað úrgang. Einnig hefur fyrirtækið komið upp flokkunarkerfi sorps í samstarfi við Terru," segir Brynja.

Alur álvinnsla tilheyrir sameiginlegri umhverfisvöktun fyrirtækja á iðnaðarsvæði Grundartanga í Hvalfirði.

„Svæðið er eitt best vaktaða svæði á landinu en umhverfisvöktunin nær yfir 100 mæliþætti í lofti, á sjó og ferskvatni, húsdýrum og gróðri í og við Hvalfjörð. Tilgangurinn er að ganga úr skugga um að starfsemi fyrirtækja á Grundartanga hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið," útskýrir Brynja. ■

Alur álvinnsla
-endurvinnsla á áli-

Nánari upplýsingar um vöktun er að finna á vef Als álvinnslu, alur.is, og á vef Umhverfisstofnunar, ust.is.

Sigurður Halldórsson framkvæmdastjóri er afar stoltur af Bláskelinni sem fyrirtækið hlaut nú fyrir skömmu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Frumkvöðlar í úrgangsmálum á Íslandi

Pure North Recycling er ungt íslenskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í endurvinnslu á plasti. Fyrirtækið er staðsett í Hveragerði og nýtir jarðvarma úr nágrenninu í starfsemina, en aðferðir fyrirtækisins við endurvinnslu hafa vakið töluverða athygli út fyrir landsteinana.

Pure North Recycling hlaut nýverið Bláskelina, sem er viðurkenning umhverfis- og auðlindaráðuneytisins fyrir árangur í málefnum plastúrgangs. Sigurður Halldórsson, framkvæmdastjóri Pure North, segir að starfsmenn séu ákaflega ánægðir og stoltir að hafa hlotið þessi verðlaun. „Þetta er mikil viðurkenning fyrir okkar starf. Ég segi sjálfur að Pure North Recycling sé eitt flottasta umhverfisverkefni sem hefur verið sett upp hér á landi," segir hann.

Pure North hóf starfsemi árið 2016 og byrjaði sem tilraunavinnsla í að nýta jarðvarma til að endurnýta plast. Sigurður hafði starfað við endurvinnslu á timbri frá árinu 2008, en þá var einnig nýttur jarðvarmi í vinnslunni. „Þegar reglur um meðhöndlun og endurvinnslu plasts voru settar í Evrópu 2018, ásamt banni við að senda það til endurvinnslu í Kína, kom upp þörf fyrir úrbætur í hverju landi fyrir sig. Pure North Recycling er eina fyrirtækið á Íslandi á þessu sviði. Við tökum við plastúrgangi og breytum honum í verðmæta afurð," útskýrir Sigurður.

Pure North er millistykkið í hringrásarhagkerfinu

„Aðalafurð Pure North Recycling er endurunnið plast til framleiðslu á ýmsum plastvörum, bæði hérlendis og erlendis. Við höfum látið gera vistferilsgreiningu á okkar framleiðsluferli og viljum meina að hjá okkur verði til umhverfisvænasta endurunna plast sem til er í heiminum í dag. Þar sem við nýtum jarðvarma og hreina orku, erum við með um 75% lægra kolefnisspor heldur en sambærilegt plast sem er endurunnið í Evrópu," útskýrir Sigurður og bætir því við að fyrirtækið hafi vaxið hratt og nú séu þrettán starfsmenn í vinnu.

„Framleiðslan hefur tvöfaldast á hverju ári frá 2018. Við erum að endurvinna yfir eitt þúsund tonn af plasti á þessu ári. Umhverfisvernd hefur verið mér hugleikin lengi og ekki síst að tengja umhverfisvernd og viðskipti. Menn höfðu ekki mikla trú á þessari starfsemi í upphafi, sögðu að margir hefðu reynt en ekki gengið. Við náðum að afsanna það með því að hanna allt ferlið upp á nýtt með nýtingu á jarðvarma og á sama tíma að gera fyrirtækið arðbært. Hveragerði var sérstaklega valið vegna aðgengis að grænni orku sem bæði gerir ferlið umhverfisvænna og rekstrarkostnað lægri. Það er draumur minn að nýta þá þekkingu sem við höfum byggt upp og flytja hugverkið út, því það fellur til mikil glatorka í heiminum sem hægt er að nýta til endurvinnslu," segir Sigurður.

Hugsunarhátturinn breyttur

Sigurður segir að umræðan um plast sé að breytast og að fólk sé farið að umgangast það með ábyrgari hætti en áður. Það er búið að sýna fram á að plast er umhverfisvænt þegar kemur að matarsóun. Plastumbúðir eru ódýrari en margar aðrar umbúðir og kostar minna að flytja það en til dæmis gler. Notkunin mun breytast en hún mun ekki minnka. Það er í raun engin önnur lausn í sjónmáli sem er betri en plast. Kröfur eru á framleiðendur um að plastið sé endurvinnanlegt," segir Sigurður.

Pure North Recycling hefur meðal annars komið á samstarfi við bændur um að endurvinna heyrúlluplast á Íslandi og gera úr því nýjar vörur, til að mynda girðingarstaura. „Við sjáum mikil tækifæri í að loka hringrás plasts og annarra efna innanlands, þar sem úrgangur er endurnýttur eða endurunninn í hráefni hérlendis, fer þaðan til framleiðenda og aftur á innlendan markað."

Nýjar lausnir í boði

Pure North Recycling fékk mikið magn af plastpokum frá fyrirtækjum þegar plastpokabannið var sett á, meðal annars frá Fríhöfninni. Það var allt endurunnið. „Þegar kemur að úrgangs- og umhverfismálum erum við bjartsýn á framtíðina. Það er fullt af spennandi lausnum og hönnun í þróun. Við erum á tímamótum núna þar sem enn er verið að nota gamaldags vinnsluaðferðir, en það er mjög jákvæð og spennandi þróun í gangi í þessum málum. Bæði fyrirtæki og einstaklingar eru sífellt að verða jákvæðari í að leggja sitt af mörkum til umhverfisverndar. Hráefnisverð fer hækkandi í heiminum og það er mjög mikilvægt að nýta það sem er til nú þegar. Sú þróun á eftir að verða hraðari, til dæmis að nýta aftur allt plast," segir Sigurður.

„Það hefur aukist mjög mikið að fyrirtæki skili beint til okkar sínum plastúrgangi. Þegar fyrirtækin skila plastinu gefum við þeim vottun um endurvinnslu. Þetta er allt mjög gagnsætt ferli. Sömuleiðis höfum við aðstoðað fyrirtæki og sveitarfélög við að koma úrgangsmálum þeirra í betra horf, meðal annars með nýjum lausnum sem hafa ekki verið í boði hingað til. Við settum til að mynda í gang verkefni sem nefnist Þjóðþrif fyrir tveimur árum, sem er landsátak til að vekja athygli á nauðsyn þess að Íslendingar sem þjóð taki ábyrgð á eigin endurvinnslu og tryggi að endurnýtanleg hráefni verði hluti af hringrásarhagkerfi Íslands."

Innviðir og kerfi eftir á

Plastmengun er alvarlegt umhverfisvandamál af mannavöldum sem fer sívaxandi. Plastmengun er farin að hafa áhrif á vistkerfið í heild og ekki síst vistkerfi hafsins. Íslendingar eiga mikið undir í sjávarútvegi og ferðaþjónustu með ósnortna náttúru og nú ógnar þessi þróun afkomu okkar og velferð. „Hjá Pure North Recycling vinnum við með lausnir. Okkar stefna er að vinna með fyrirtækjum og sveitarfélögum, með því að koma þeirra úrgangsmálum í gagnsæjan, umhverfisvænan farveg. Við teljum að fyrirtæki og einstaklingar séu tilbúin að ganga mun lengra í úrgangs- og umhverfismálum en innviðir og kerfi bjóða upp á í dag, því þurfi stjórnvöld að móta og búa til umhverfi þannig að hægt sé að taka hröð og árangursrík skref á næstu þremur til fimm árum." ■

> **Hráefnisverð fer hækkandi í heiminum og það er mjög mikilvægt að nýta það sem er til nú þegar. Sú þróun á eftir að verða hraðari, til dæmis að nýta aftur allt plast.**

Fyrirtækið Pure North Recycling ehf. er staðsett að Sunnumörk 4 í Hveragerði. Hægt er að hafa samband í síma 483 5100. Einnig er hægt að kynna sér starfsemina á heimasíðunni purenorth.is og á Facebook-síðu fyrirtækisins.

Tækjabúnaðurinn er umhverfisvænn eins og fyrirtækið.

Fyrirtækið er staðsett í Hveragerði og nýtir jarðvarma í vinnslunni.

Plastúrgangur berst til fyrirtækisins frá sveitarfélögum, fyrirtækjum og gámastöðvum.

Hérna heldur Sigurður framkvæmdastjóri á endurunnu plasti í formi plastperlna sem er síðan pakkað í sekki og selt til plastvöruframleiðenda.

Hjá Pure North Recycling eru þrettán starfsmenn.

Taktu fagnandi á móti deginum með Saffrox!

Saffrox inniheldur 28mg af affron®sem er virka efnið í Saffron kryddjurtinni ásamt útvöldum vítamínum og steinefnum.

Saffrox er 100% náttúrulegt.

- **Magnesíum stuðlar að eðlilegri starfsemi taugakerfisins og dregur úr þreytu og lúa.**
- **B6-vítamín stuðlar að eðlilegri sálfræðilegri starfsemi, auk þess að halda reglu á hormónastarfsemi líkamans.**
- **B12 stuðlar m.a. að eðlilegri starfsemi tauga- og ónæmiskerfisins.**



Vítamín eru ekki ætluð til þess að lækna sjúkdóma eða koma í veg fyrir þá og fæðubótaefni eiga ekki að koma í staðinn fyrir fjölbreytt og hollt mataræði.

Fæst í apótekum og Nettó

Dásamlegur og ermalaus Maí-telpnakjóll er draumur.

Hlýtt September-ungbarnasett er ein nýrra uppskrifta.

Mjúk Maí-samfella fyrir lítil kríli.

Litla September heitir hún þessi.

Peysan Maí er stolt Kristínar.

Kristín elskar að prjóna gatamunstur. MYNDIR/KRISTÍN NORÐFJÖRÐ RAGNARSDÓTTIR

Undir áhrifum af japanskri munsturs-biblíu

Skagamærin Kristín Norðfjörð Ragnarsdóttir er með prjónið í æðunum. Hún reyndi snemma á þolrif móður sinnar í prjónaskap.

thordisg@frettabladid.is

„Það var hún mamma sem kenndi mér að prjóna og frá henni hef ég hannyrðaáhugann. Mamma er mesta prjónamaskína sem ég þekki og hún kenndi mér allt sem ég kann," segir Kristín, sem er hjúkrunarfræðingur, fiðluleikari, prjónahönnuður og tveggja barna móðir á Akranesi.

„Mín fyrsta minning um prjónaskap er þegar ég ákvað að prjóna dúkkupeysu og vettlinga á dúkkuna mína. Ég gleymi því aldrei hvað mamma var ekki að nenna þessari vitleysu og reyndi eins og hún gat að tala mig ofan af því að prjóna flókna dúkkupeysu. Best þótti henni að ég byrjaði á einhverju einföldu, eins og húfu eða trefli, en ég hélt nú ekki og kláraði bæði peysuna og vettlingana úr örfínu garni á prjóna númer 2,5 og 3, með gatamunstri og ísaumuðum ermum," segir Kristín og skellir upp úr, sællar minningar.

Gatamunstur í uppáhaldi

Kristín minnist þess ekki að hafa alltaf fengið hæstu einkunn í handavinnutímum bernskunnar.

„Handavinna af öllu tagi hefur alltaf legið vel fyrir mér og ég hef ekki þurft að hafa mikið fyrir henni. Því kom í snemma í ljós að þetta lægi vel fyrir mér," segir hún.

Fyrsta prjónastykki Kristínar var garðaprjónsrenningur í hannyrðum, áður en hún byrjaði á dúkkusettinu, en það var með því allra fyrsta sem hún prjónaði.

„Gatamunstur og klukkuprjón eru mitt uppáhald, en ég verð fljótt leið ef það er alltaf það sama í gangi. Ég elska að prufa mig áfram með nýtt garn og er ekki mikið föst í því sama," segir Kristín, sem velur garn eftir því hvert notagildi flíkurinnar á að verða og hverjum hún er ætluð.

Hún tekur oftast í prjónana yfir sjónvarpinu á kvöldin, eða ef færi gefst á kvöld- og næturvöktum á lyflækningadeild Heilsustofnunar Vesturlands.

„Annars er ég alltaf með prjóna á mér, ef vera skyldi að færi gæfist á að taka í lykkju, og ég hika ekki við að prjóna hvar sem er og hvenær sem er, nema það sé hreinlega óviðeigandi," segir hún og hlær.

Stoltust af barnapeysunni Maí

Í byrjun sumars setti Kristín á laggirnar vefsíðuna kristinragnarsknits.com, með eigin prjónauppskriftum.

„Ég ætlaði mér aldrei að semja prjónauppskriftir en þetta byrjaði allt þegar ég var að leita að uppskrift af peysu sem ég var með í kollinum en fann hvergi. Ég ákvað því að prófa mig áfram sjálf og úr varð peysan Maí. Í kjölfarið fékk ég fleiri hugmyndir og ákvað að stofna vefsíðu þar sem hægt væri að kaupa uppskriftirnar mínar. Viðtökurnar hafa svo farið fram úr öllum vonum. Það er mikil prjónabylgja núna, sem er æðislega gaman," segir Kristín.

Hún er stoltust af gullfallegu barnapeysunni Maí.

„Það sem einkennir uppskriftirnar mínar eru sennilega gatamunstrin. Ég bara elska að prjóna munstur og prófa mig áfram með þau. Ég spái mikið í munstur sem ég sé í kringum mig, tek myndir af því sem mér þykir fallegt og safna í hugmyndabankann. Ég hef jafnframt fengið hugmyndir að samsetningum úr japanskri munsturs-biblíu sem inniheldur fleiri hundruð munstershugmyndir," greinir Kristín frá.

Þessa dagana er hún að skrifa tvær nýjar uppskriftir og klára opna fullorðinspeysu sem hún kallar September. Spurð hvort hún ætli að prjóna sér jólakjól, sem nú eru í móð, svarar Kristín:

„Ég hugsa ekki, en það er aldrei að vita hvað manni dettur í hug. Ég hef séð nokkra mjög fallega prjónakjóla sem ég gæti vel hugsað mér að gera, en stelpurnar mínar verða örugglega í prjónuðu um jólin," segir Kristín, sem hefur í nógu að snúast sem hjúkrunarfræðingur, mamma og fiðluleikari í hljómsveitinni Slitnir strengir.

> **Ég er heppin að áhugamálið mitt er einnig mín slökun. Að prjóna er mitt „me time".**
>
> Kristín Norðfjörð Ragnarsdóttir

„Ég er bara heppin að áhugamálið mitt er einnig mín slökun í amstri daganna. Að prjóna er mitt „me time"," segir hún sæl yfir prjónaskapnum. ■

Skoðið undurfallegar prjónaflíkur Kristínar á kristinragnarsknits.com og fylgist með uppskriftagerðinni á Instagram @kristinragnars.knits

VEGAN

Föstudaginn 29. október gefum við út sérblaðið Vegan í tilefni af alþjóðlega vegan deginum, 1. nóvember.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Arnar Magnússon
Sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
arnarm@frettabladid.is Sími: 512 5442

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Breytingarskeiðið þarf ekki að vera tabú

Halldóra Skúladóttir er sannarlega kjarnakona en breytingaskeið kvenna er henni hugleikið og þykir henni mikilvægt að breyta hugsunargangi og útrýma fordómum gagnvart þessu tímabili í lífi kvenna, enda um eðlilegt skeið að ræða sem allar konur ganga í gegnum.

Halldóra Skúladóttir hvetur konur til að líta á breytingarnar sem nýjan kafla í lífinu.

Halldóra Skúladóttir er sannarlega kjarnakona en breytingaskeið kvenna er henni hugleika og þykir henni mikilvægt að breyta hugsunargangi og útrýma fordómum gagnvart þessu tímabili í lífi kvenna, enda um eðlilegt skeið að ræða sem allar konur ganga í gegnum.

Halldóra Skúladóttir er 4 barna móðir, markþjálfi og með dimplómu í NLP ásamt lausnamiðaðri dáleiðslu- og sálmeðferð. Halldóra hefur hjálpað fólki að bæta lífsstíl sinn í meira en tvo áratugi og hefur mikla ástríðu fyrir breytingaskeiði kvenna og áhrifum þess á konur, andlega sem líkamlega.

„Fyrst var það mest tengt næringu og hreyfingu en fljótlega fór ég að sjá að ef að hugarfarið var ekki á réttum stað var lífsstíllinn fljótur að fara aftur í sama gamla farið. Ég fór því að einbeita mér meira að því að hjálpa fólki að breyta hugarfarinu sínu gagnvart lífsstílsbreytingum.“ segir Halldóra en í dag einblínir hún mest að því að hjálpa konum á breytingaskeiðinu og hvernig best sé að vinna sig í gegnum það tímabil, sem getur reynst mörgum afar erfitt.

Estrógen framleiðsla minnkar

Breytingaskeið kvenna er náttúrulegt ferli og hluti af æviskeiði kvenna. Á þessu tímabili hætta eggjastokkarnir að framleiða kvenhormónin estrógen sem veldur því að blæðingar stöðvast og breytingaskeið hefst. Breytingaskeiðið leggst þó mismunandi á konur en stór hluti kvenna finnur fyrir neikvæðum og hamlandi áhrifum á líf sitt þar með talið vinnu, áhugamál og sambönd. Helstu einkenni þessara hormónabreytinga eru skyndileg hitakóf en köstin koma óháð aðstæðum og geta komið hvenær sem er sólarhrings á byrjun breytingaskeiðs. Konur geta að auki glímt við skapsveiflur, minni orku, þreytu, pirring og minni kynlöngun en að auki eru þær mun útsettari fyrir ýmsum kvillum, svo sem beinþynningu.

Konur þjást í hljóði

Breytingaskeiðið er Halldóru mjög ofarlega í huga en ástæðan fyrir því er að hún sjálf hefur verið að glíma við einkenni og vissi lítið sem ekkert þegar hormónabreytingar gerðu vart við sig. Konur eru helmingur mannkynsins og fara allar í gegnum þetta tímabil breytingaskeiðs. „Það er engin fræðsla og helst ekkert talað um þetta í samfélaginu en það liggur einhver skömm yfir þessu tímabili. Konur eru að þjást í hljóði af ótta við að það sé gert grín að þeim, en það versta er að mjög margir læknar eru illa upplýstir um þetta skeið í lífi kvenna. Algengt er að konur séu settar á allskyns lyf í stað þess að hormónaskorturinn í líkamanum sé meðhöndlaður.“ segir Halldóra sem vill að talað verði opinskátt um breytingaskeið kvenna en hún heldur úti vefsíðu og instagram aðgangi sem ber heitið kvennarad.is. Á tilteknum miðlum er má nálgast ýmsan fróðleik varðandi breytingaskeið kvenna.

> *„Breytingaskeiðið þarf svo sannarlega ekki að vera alslæmt með réttri meðhöndlun, skilningi í samfélaginu og skilningi hjá konum á því hvað er að gerast í líkamanum þegar tímabilið gengur í garð.“* Halldóra Skúladóttir

Femarelle Rejuvenate
Hentar konum sem eru að upplifa fyrstu einkenni hormónabreytinga og áður en óregla kemst á blæðingar.

Femarelle Recharge
Fyrir konur sem eru komnar á breytingarskeiðið og blæðingar óreglulegar eða hættar.

Femarelle Unstoppable
Fyrir konur sem eru komnar yfir breytingaskeiðið og vilja viðhalda kraftmiklum lífsstíl og vernda beinin þegar árin færast yfir.

Hvað er hægt að gera til að fræða konur frekar?

„Í fyrsta lagi þurfum við konur sem erum á þessum stað að tala um þetta, hætta að þagga niður í þessu, hætta að gera þetta að einhverju tabúi, fatta að það er ekkert til að skammast sín fyrir. Við förum allar í gegnum þetta tímabil á lífsleiðinni og lífið er alls ekki búið þegar maður er kominn á breytingaskeiðið, heldur er hægt að líta á þetta sem nýjan kafla í lífinu.“ segir Halldóra. Að auki þykir Halldóru mikilvægt að fræða þurfi samfélagið, allar konur ættu að ræða þetta við einhvern þar sem tímabilið getur reynt gífurlega á sambönd og samskipti. „Allir þurfa þó fræðslu en með aukinni fræðslu, til bæði kvenna, heilbrigðisstéttarinnar og samfélagsins þá vonandi verður litið á breytingaskeiðið sem eðlilegt ferli í lífi kvenna og þannig myndast vonandi betri skilningur allstaðar í samfélaginu.

300 kr.
af hverjum seldum Femarelle pakka
í október rennur
til **Bleiku slaufunnar**

Femarelle á tímum breytingaskeiðs

Femarelle nýtur mikilla vinsælda hjá konum allt frá 35 ára aldri og ekki að ástæðulausu. Þarna er um náttúrulega lausn að ræða en vörurnar eru hannaðar fyrir konur á mismunandi stigum tíðarhvarfa sem hefjast yfirleitt upp úr þrítugu þó svo að einkenna verði ekki vart strax. Breytingarnar sem konur upplifa eru ekki allar eins og því er Femarelle frábær fyrsta úrræði áður en konur prófa hormóna. Femarelle getur slegið á fjölmörg einkenni sem tengja má hormónabreytingum en vörurnar innihalda einkaleyfisvarið efnasamband, DT56a, sem unnið er úr óerfðabreyttu soya, ásamt hörfræi og B vítamínum sem stuðlar að því að halda reglu á hormónastarfsemi.

Femarelle fæst í öllum stórmörkuðum, apótekum og heilsuverslunum

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069 eða 663 5315

Bókhald

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA
Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is
Rétta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla
með leiðsögn að handan
VISA **562 8211** EURO

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

STARFSMENN
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
551 5000
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Heilsa

Heilsuvörur

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Auglýst eftir umsóknum og skráningum í Ljósvakasjóð

Rithöfundasamband Íslands auglýsir eftir umsóknum um greiðslur úr Ljósvakasjóði. Rétt til úthlutunar eiga handritshöfundar, leikskáld, rithöfundar, þýðendur og aðrir höfundar og þýðendur leikins efnis og annarra skáldverka, sem flutt (frumflutningur og endurflutningur) hafa verið í hljóð- eða sjónvarpi árið 2020.

Sótt er um á rafrænum eyðublöðum á heimasíðu Rithöfundasambandsins: **https://rsi.is/ljosvakasjodur/**

Skráningar og umsóknir skulu berast fyrir 5. nóvember 2021. Ekki er tekið við umsóknum eftir þann tíma.

Þeir handritshöfundar sem þegar eru skráðir hjá sjóðnum þurfa ekki að skrá sig aftur.

CHEVENING

Langar þig til Bretlands í framhaldsnám?

Breska sendiráðið auglýsir eftir umsóknum um Chevening-námsstyrk til íslenskra ríkisborgara fyrir skólaárið 2022/23

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar: www.chevening.org/iceland

Umsóknarfrestur er til 2. nóvember

British Embassy Reykjavík
facebook.com/UKinIceland
@UKinIceland

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

EYJALIND

Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Hænsnahús á lager

- 6 fm innistýja.
- 4 fm útistyja.
- Aðrar stærðir fáanlegar.
- Öflug hús með rafmagni og einangrun.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Danska dýnamítið líklegt til frekari afreka

Danir eru komnir með miða til Katar og eru 180 mínútum frá því að fara í gegnum undankeppnina án þess að fá á sig mark, fyrst liða í 47 ár og fyrst liða í sex liða riðli.

kristinnpall@frettabladid.is

Markvörðurinn Kasper hefur haft það ansi náðugt til þessa í átta leikjum í undankeppni HM 2022. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

FÓTBOLTI Danska landsliðið varð í vikunni annað liðið til að tryggja sér þátttökurétt á Heimsmeistaramótinu sem fer fram í Katar á næsta ári, á eftir Þjóðverjum. Danir innsigluðu farmiðann til Doha með 1-0 sigri á Austurríki. Það var áttundi sigurleikur Dana í röð, sem hafa haft alveg hreint ótrúlega yfirburði í riðlinum. Markatalan er 27 mörk í plús og hefur Kasper Schmeichel ekki enn þurft að sækja boltann í eigið net á þessum 720 mínútum sem eru liðnar.

Danska landsliðið hefur átt ótrúlegu gengi að fagna undanfarin ár. Á síðustu tveimur stórmótum hafa Danir fallið úr leik eftir venjulegan leiktíma gegn liðum sem léku til úrslita, gegn Króötum á HM í Rússlandi 2018 og gegn Englandi á EM fyrr á þessu ári. Ef leikurinn gegn Finnum, þar sem Christian Eriksen fékk hjartastopp en leikmenn Dana voru neyddir til að klára leikinn, er tekinn út fyrir svigann, eru það aðeins Belgar sem hafa unnið Dani í keppnisleik í venjulegum leiktíma undanfarin fimm ár.

Fram til þessa virðast Danir ekki hafa fundið fyrir fjarveru Eriksen sem var um árabil sóknartengiliðurinn sem leiddi sóknarleik liðsins, en varnarleikur liðsins hefur verið framúrskarandi. Danska liðið er nú 180 mínútum frá því að verða fyrsta evrópska liðið í 47 ár til að fara í gegnum heila undankeppni fyrir stórmót án þess að fá á sig mark. Fyrra metið er í eigu Belgíu og Ítalíu sem náðu að halda hreinu í undankeppninni fyrir HM 1972 en þá voru aðeins sex leikir í riðlakeppninni. Metið í tíu leikja riðli er eitt mark sem er í eigu Serbíu frá undankeppi HM 2026.

Freyr Alexandersson, þjálfari Lyngby í Danmörku, sem mætti danska landsliðinu í hlutverki aðstoðarþjálfara karlalandsliðsins, segir að það sé Dönum í hag hvað þeir eru sterkir á mörgum sviðum knattspyrnunnar.

„Það sem heillar mig mest er hvað þeir geta spilað á marga strengi í sínum leikjum. Þeir geta haft yfirburði í leikjum með boltann, þeir eru góðir án bolta. Þeir eru góðir að hápressa og mjög sterkir í lágpressunni. Þeir eru ekkert of flottir með sig til að leyfa andstæðingum að vera með boltann. Svo geta þeir sett kröfu á sig að vera með boltann. Ég er hrikalega hrifinn af þessu liði," segir Freyr, aðspurður hvað útskýri gott gengi danska landsliðsins undanfarin ár. Hann hefur um leið miklar mætur á þjálfara danska liðsins.

„Kasper Hjulmand er frábær þjálfari. Hann er svo hrikalega vel undirbúinn. Hann var í viðtali í gær eftir leik og var svo ánægður með að tryggja sig inn á HM. Þá getur hann byrjað að skipuleggja alla daga árið 2022. Hann er svo skipulagður og með skýra hugmyndafræði. Þeir skipta um leikkerfi en halda alltaf í sín gildi."

Freyr tekur undir að það sé magnað afrek að vera 180 mínútum frá því að halda hreinu út alla undankeppnina, en til þess þurfa Danir að halda hreinu gegn Skotum og Færeyingum í næsta mánuði.

„Þetta er frábær árangur og Kasper Schmeichel hefur ekki haft mikið að gera. Hann grípur vel inn í og stjórnar en hann hefur ekki þurft að taka margar stórar vörslur. Svo eiga þeir ótrúlegt magn af gæða miðvörðum," segir Freyr. ■

Danmörk og Þýskaland urðu í vikunni fyrstu löndin til að tryggja sér þátttökurétt á HM á næsta ári.

VINNUPALLAR EHF

- ÖRUGGAR LAUSNIR -

JAFNVÆGISVOG FKA 2020 VIÐURKENNING

Vinnupallar minna viðhaldsunnendur á að öryggi er margfalt meira virði en slys og tjón. Verum vel búin í krefjandi aðstæðum og komum heil heim.

Jafnrétti er ákvörðun EN ákvörðun er aðeins skoðun ef framkvæmdin fylgir ekki með.

Vinnupallar • Smiðsbúð 10, 210 Garðabæ • vpallar@vpallar.is • www.vpallar is

Merkisatburðir

1201 Guðmundur Arason er kjörinn biskup á Hólum.
1890 Dwight Eisenhower, sem síðar varð 34. forseti Bandaríkjanna, fæðist á þessum degi.
1898 Gufuskipið SS Mohegan sekkur skammt frá Cornwall í Bretlandi með þeim afleiðingum að 106 manns farast.



1927 Breski leikarinn **Roger Moore** fæðist.
1933 Þjóðverjar ganga úr Þjóðabandalaginu, forvera Sameinuðu þjóðanna, og hætta þátttöku í alþjóðlegri afvopnunarráðstefnu.
1953 Núverandi merki Atlantshafsbandalagsins er tekið upp.
1957 Að minnsta kosti 81 lætur lífið í gríðarlegum flóðum í spænsku borginni Valencia.
1961 Á Siglufirði er aldarafmælis séra Bjarna Þorsteinssonar minnst. Hann safnaði íslenskum þjóðlögum og gaf þau út.



1964 **Martin Luther King** fær Friðarverðlaun Nóbels fyrir friðsamlega baráttu sína gegn kynþáttamisrétti.
1968 Bandaríski spretthlauparinn Jim Hines verður sá fyrsti í sögunni til að hlaupa 100 metra á undir 10 sekúndum en hann kemur í mark á 9,95 sekúndum.
1972 Veitinga- og skemmtistaðnum Klúbbnum er lokað vegna lögregluransóknar.
1981 Hosni Mubarak er settur forseti Egyptalands.

Sviðslistahópurinn Óður leggur upp með tilgerðarlausar og skemmtilegar óperur.
MYND/AÐSEND

Sussaðir niður af snobbuðu liði fyrir að hlæja á gamanleik í Vín

Sviðslistahópurinn Óður frumsýnir Ástardrykkinn í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld.

arnartomas@frettabladid.is

Óperudagar hefjast í kvöld með frumsýningu Ástardrykksins eftir ítalska tónskáldið Donizetti í Þjóðleikhúskjallaranum. Sviðslistahópurinn Óður stendur fyrir verkinu og var settur saman sérstaklega í kringum sýninguna.

„Ég var að læra söng úti í Vín og Ragnar Pétur, sem fer með bassahlutverk í sýningunni, heimsótti mig út og við fórum saman að sjá uppsetningu á Ástardrykknum í Staatsoper," segir Þórhallur Auður Helgason sem fer með aðalhlutverk í sýningunni. „Sýningin var rosalega fyndin, sem er alls ekki alltaf þegar kemur að gamanóperum."

Þórhallur segir þá Ragnar hafa furðað sig á því hvernig óperugestirnir í Vín hafi sussað á þá í hvert skipti sem þeir skelltu upp úr. „Þetta átti að vera svo fínt og maður átti ekki að hlæja, jafnvel þótt óperunni væri að takast ætlunarverk sitt," segir hann. „Þegar við komum heim vorum við í vægu sjokki yfir því að það mætti ekki hlæja á gamansýningu."

Í kjölfarið tók við langt og loðið ferli þar sem þeir félagar stefndu að því að setja saman hóp sem hefði það að markmiði að setja upp skemmtilegar söngvasýningar.

Wikipediu-laus upplifun

Ástardrykkurinn segir frá hinum óframfærna Nemorino sem er ástfanginn af hinni ríku og fögru Adinu. Nemorino er fátækur og Adinu ekki samboðinn en herforinginn Belcore ágirnist hana líka. Þá vill svo heppilega til að Nemorino hittir töfralækninn Dulcamara, sem prangar upp á hann ástardrykk. Þegar Adina kemst að því að Nemorino hefur skráð sig í herinn til þess að hafa efni á drykknum verður hún hrærð og áttar sig á hve heit og sönn ást hans í raun og veru er. Hún greiðir fyrir lausn hans undan herskyldu og þau ná saman að lokum.

„Þetta er farsakennt verk, sem var einmitt ein af ástæðunum fyrir því að við völdum það," segir Þórhallur. „Þetta er mjög aðgengilegt og jafnvel fólk sem hefur ekkert kynnt sér óperur ætti að þekkja þrjú stykki. Það sem er í fyrirrúmi hjá okkur er að þetta sé skemmtilegt og að fólk eigi ekki að þurfa að vera á Wikipediu í röðinni áður en það gengur inn í sal."

Þá segir Þórhallur að margir hafi miklað fyrir sér óperuna sem listform sem sé algjör óþarfi.

„Við vildum líka sýna fram á að óperur geta staðið í lappirnar þegar maður tekur í burtu sinfóníutónlistina og stóra sviðið," útskýrir hann. „Þegar þetta verk var samið í kringum 1830 þá var þetta ekki svona fínt. Þess vegna eru einkennisorð hópsins okkar að setja upp óperur sem eru skemmtilegar, punktur!"

> Þegar við komum heim vorum við í vægu sjokki yfir því að það mætti ekki hlæja á gamansýningu.

Kjólfötin óþörf

Upphaflega stóð til að hópurinn myndi setja Ástardrykkinn upp sem eins konar bar-óperu þar sem nálægðin við áhorfendur væri mikil.

„Það kom okkur skemmtilega á óvart hvað Þjóðleikhúsið skildi vel hvaða pælingu við vorum að vinna með og voru spennt fyrir því að fá okkur í kjallarann," segir Þórhallur. „Sviðið er fyrir miðju og það teygir sig í raun út um allan salinn og í kringum áhorfendur. Við hvetjum fólk til að taka því rólega og fá sér nóg að drekka. Þetta er ekki eitthvað þar sem þú þarft að sitja allan tímann og mæta í kjólfötum."

Talandi um drykki þá hefur Brugghúsið Eimverk framleitt nýjan ástardrykk í tilefni verksins, sem verður til sölu fyrir gesti á meðan á sýningu stendur. Sýningin hefst klukkan 21 og hægt er að nálgast miða á tix.is. ■

†

Ástkær móðir mín,
tengdamóðir og amma,

Þóra Jónsdóttir

Vallarbraut 6, Njarðvík,

lést miðvikudaginn 6. október.
Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 21. október klukkan 13.

Sigurður Bergmann **Sólveig St. Guðmundsdóttir**
Aðalheiður Kristjánsdóttir
og barnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóhanna R. Jóhannsdóttir

frá Stóru-Brekku, Hörgársveit,

lést 8. október.
Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju miðvikudaginn 20. október kl. 13.00.

Hannes R. Reynisson **Margrét Sigurðardóttir**
Stefán Guðmundsson **Guðrún H. Sigtryggsdóttir**
og fjölskyldur.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .

Þetta gerðist: 14. október 1066

Orrustan við Hastings er háð

Þann 25. september 1066 tókust nafnarnir Haraldur III. harðráði Noregskonungur og Haraldur II. Guðinason Englandskonungur á, við Stanfurðubryggju. Orrustunni lauk með sigri Englendinga og Haraldur harðráði lét líf sitt.

Þremur dögum síðar sigldi normanski hertoginn Vilhjálmur bastarður með her sinn yfir Ermarsund á um sjö hundruð skipum. Þegar Englandskonungur frétti af herliðinu flýtti hann sér suður og mættust herirnir tveir við Hastings þann 14. október. Þar tók við hörð orrusta, sem lauk með falli Haraldar og sigri Normanna. Í kjölfarið náðu Normannar yfirráðum í landinu og urðu að yfirstétt.

Atburðarás orrustunnar við Hastings er rakin á Bayeux-reflinum sem saumaður var í kjölfarið. Þrátt fyrir að vera hálfgert áróðursplagg er hann samt sem áður einn merkasti safngripur frá miðöldum Evrópu í dag.

Nýtt heyrnartæki frá Beltone
Beltone Imagine™
Skert heyrn spyr ekki alltaf um aldur
Þó aldur sé vissulega ein af ástæðum skertrar heyrnar koma ýmsir aðrir þættir til. Margir viðskiptavinir okkar tala um að þeir vildu hafa komið fyrr. Hágæða heyrnartækin frá Beltone Imagine™ geta bætt lífsgæðin þín til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Leggðu við hlustir með Beltone Imagine™ – komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN

Veðurspá Fimmtudagur



Hægari vindur og léttir til í dag, en gengur í suðvestan 10-18 á norðanverðu landinu síðdegis og þykknar upp vestan til í kvöld. Hiti 1 til 8 stig, mildast syðst, en allvíða nætur-frost. ■

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik

Oll átti leik gegn Ruban í Sovétríkjunum sálugu árið 1983.

1...Rxf3! 2. Hxf3 Bxf3 3. Bc4+ Kf8! 4. Bxg7+ Kxg7 5. gxf3+ Kf6 6. Df1 He1! 0-1. Skákfélag Sauðárkróks er í forystu í 4. deild Íslandsmóts skákfélaga. E- og F-sveitir Taflfélags Reykjavíkur og C-sveit Skákdeildar Breiðabliks eru í 2.-4. sæti. Guðmundur Kjartansson hefur 3 vinninga eftir 4 umferðir í Fagranesi.

www.skak.is: Æskan og ellin á sunnudaginn. ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 feyskinn
5 skilaboð
6 vafi
8 ógæfa
10 í röð
11 stjaka
12 aflraun
13 heiður
15 bikkja
17 pirraður

LÓÐRÉTT
1 mótast
2 málmur
3 svelg
4 hafna
7 djarfar
9 not
12 ker
14 gruna
16 í röð



LÁRÉTT: 1 fúinn, 5 orð, 6 ef, 8 raunir, 10 mn, 11 ýta, 12 átak, 13 sómi, 15 trunta, 17 argur.
LÓÐRÉTT: 1 formast, 2 úran, 3 lóu, 4 neita, 7 frakkar, 9 nýting, 12 æmur, 14 óra, 16 tu.

Sudoku

4	2				9			
1	3	8		4	7	2		
	7				1		4	
6	4	1				3		
		2						
8				2	5		1	
7	8			1			9	
			9			8		
9		4	8		2		7	

							3	4
7		6				5	1	
					1			7
	5	9	4					1
			9	3		6		
	2							
				9		7	4	2
		5		6		9		
3			8		7			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPENNANDI SAGA

Síðasta bókin í þríleik Snæbjörns Arngrímssonar um vinina í Álftabæ. Fyrri bækurnar hafa hlotið mikið lof og báðar verið verðlaunaðar.

★★★★½ EM / MORGUNBLAÐIÐ (UM RANNSÓKNINA Á *LEYNDARDÓMUM EYÐIHÚSSINS*)

★★★★½ KLJ / LESTRARKLEFINN (UM *DULAFULLU STYTTUNA OG DRENGINN SEM HVARF*)



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is**
Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17

idealcombi

Betri gluggar - Bjartari framtíð



Ideal gluggar og hurðir eru framleidd með gæði og endingu í huga.
Ideal core gluggakarmarnir eru árangur áratuga þróunar hjá Ideal combi. Ideal core kerfið skilar okkur gluggum með langan líftíma, gefa betri endingu og lægri kostnað þegar fram líða stundir

CE - merkt framleiðsla

Byggðu til framtíðar með Ideal combi gluggum

www.idex.is

IDEX

Víkurhvarfi 6 - 203 Kópavogur - Sími 412 1700 - idex@idex.is

Vetrarferðin er eins og að klífa Everest

Jóhann Kristinsson barítónsöngvari flytur Vetrarferðina eftir Franz Schubert í Salnum í Kópavogi sunnudaginn 17. október klukkan 15.00.

kolbrunb@frettabladid.is

Jóhann syngur Vetrarferðina í Salnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

Jóhann lærði söng í Berlín en hefur verið búsettur í Hamborg síðustu ár. Þetta er í fyrsta sinn sem hann flytur Vetrarferðina.

„Vetrarferðin er ein af ástæðunum fyrir því að ég lærði að syngja. Ég heyrði hana í fyrsta sinn í Salnum þar sem pabbi (Kristinn Sigmundsson) og Jónas Ingimundarson fluttu hana og hún hitti mig beint í hjartastað. Þegar ég varð vitni að því hversu mikið er hægt að hreyfa við fólki með tónlist og söng vissi ég að þetta var nokkuð sem ég gæti hugsað mér að gera."

Allt gengur upp

Hann segist hafa stúderað Vetrarferðina síðan hann var í námi í Söngskólanum í Reykjavík fyrir tíu árum. „Að flytja Vetrarferðina er dálítið eins og að klífa Everest, það er ekki hægt að gera neitt stærra í ljóðasöng. Nú syng ég mína fyrstu Vetrarferð og það er ákveðin manndómsvígsla."

Hvað er það sem honum finnst svo heillandi við Vetrarferðina? „Tónmálið er svo sterkt og vel skrifað við ljóð Wilhelms Müller. Schubert var við dauðans dyr þegar hann samdi þennan flokk, sem er algjört meistaraverk. Þarna gengur allt upp. Að takast á við Vetrarferðina er fyrir söngvara eins og fyrir leikara að leika burðarhlutverk í Shakespeareleikriti."

Upptaka með föður sínum

Með Jóhanni á tónleikunum er pían óleikarinn Ammiel Bushakevitz, en þeir hafa komið fram á nokkrum af virtustu tónlistarhátíðum heims. Síðast héldu þeir tónleika saman í mars síðastliðnum og hlutu einróma lof fyrir.

„Ammiel er Ísraeli alinn upp Suður-Afríku. Ég kynntist honum árið 2017 þegar hann vann sem pían isti í ljóðasöngskeppni sem ég tók þátt í. Síðan höfum við unnið mikið saman og ég tek hann með mér í öll verkefni sem ég get. Hann er einn af eftirsóttustu meðleikurum sinnar kynslóðar í ljóðasöng og mun til dæmis koma fram í hinum virta tónleikasal Wigmore Hall í London daginn eftir tónleikana okkar í Salnum. Við náum mjög vel saman og það er sérstaklega gaman að vinna með honum," segir Jóhann.

> Nú syng ég mína fyrstu Vetrarferð og það er ákveðin manndómsvígsla.

Fram undan hjá Jóhanni er upptaka með föður hans, Kristni Sigmundssyni, á geisladisk með íslenskum lögum og er hann væntanlegur á næsta ári. Í lok mánaðarins kemur Jóhann fram í Elbfílharmóníunni í Hamborg þar sem hann syngur verk eftir Ralph Vaughan Williams og Samuel Barber. Hér á landi mun hann syngja í Jólaóratoríu Bachs í nóvember og í mars á næsta ári syngur hann í Sálumessu Brahms. ■

Fjórtán ára sló í gegn á tónleikum

TÓNLIST

Dmitrí Sjostakóvitsj og Richard Strauss

Einleikarar: Stefán Jón Bernharðsson og Ásta Dóra Finnsdóttir. Stjórnandi: Eva Ollikainen

Eldborg í Hörpu miðvikudaginn 6. október

Jónas Sen

Ásta Dóra lék sér að konsertinum, segir gagnrýnandi.

Rússneska tónskáldið Dmitrí Sjostakóvitsj hneigðist til þunglyndis. Hann gat þó verið gamansamur inn á milli. Þegar sonur hans Maxim, sem var efnilegur píanóleikari, varð 19 ára gamall samdi Sjostakóvitsj píanókonsert og gaf honum hann í afmælisgjöf. Inn í síðasta kaflann fléttuðust fingraæfingar eftir Charles Louis Hanon, sem uppi var á 19. öld. Sjostakóvitsj sagðist hafa gert þetta svo að Maxim yrði duglegri við að æfa fingraæfingar, sem hann átti til að vanrækja!

Frábær píanókonsert

Konsertinn var á dagskránni á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á miðvikudagskvöldið, sem voru í beinni útsendingu á RÚV. Hann er eldfjörugur og er mjög ólíkur flestum verkum eftir tónskáldið: Þau eru yfirleitt þungbúin og hrikaleg. Einleikari var Ásta Dóra Finnsdóttir, aðeins fjórtán ára gömul. Hún lék sér að konsertinum. Í honum eru alls konar tónahlaup upp og niður hljómborðið, en inn á milli eru grípandi laglínur. Atburðarásin er yfirleitt hröð og spennuþrungin. Allt þetta hafði Ásta Dóra fullkomlega á valdi sínu. Fingralipurðin var aðdáunarverð og stefin voru mótuð af alúð og smekkvísi. Samspil einleikara og hljómsveitar var prýðilegt, þetta var frábær skemmtun.

Erfitt að vera undrabarn

Undrabörn eru sjaldgæf, þess vegna eru þau kölluð þessu nafni. Slíkir hæfileikar eru vandmeðfarnir. Mikilvægt er að barnið fái að vaxa úr grasi eins eðlilega og frekast er unnt. Það að ná miklum árangri á tónlistarsviðinu byggist ekki bara á hæfileikum og vinnu, heldur líka andlegu jafnvægi. Hið mikla álag er fylgir athyglinni sem undrabarnið óhjákvæmilega fær, stuðlar ekki að því, heldur þvert á móti. Af þessum ástæðum er tónlistarsagan full af dæmum um undrabörn sem ekki stóðu undir væntingum. Vonandi ber aðstandendum Ástu Dóru gæfu til að veita henni eins heilbrigt umhverfi og stuðning og mögulegt er.

Glæsilegur hornkonsert

Hitt verkið á dagskránni var hornkonsert nr. 1 eftir Richard Strauss. Hann ólst upp við hornleik, því faðir hans var framúrskarandi hornleikari. Sjaldan launar kálfur ofeldið, eins og sagt er, og Richard samdi fyrir pabba sinn svínslega erfiðan konsert. Hann átti í miklu basli með að valda honum og svitnaði ríkulega við æfingarnar. Einleikarinn núna var Stefán Jón Bernharðsson. Hann spilaði forkunnarfallega. Tónarnir voru hreinir og prýðilega mótaðir. Framvindan í verkinu var sannfærandi og flæðið eðlilegt. Tónlistin ber það með sér að vera æskuverk, Strauss var aðeins nítján ára þegar hann samdi það. Hann var ekki búinn að finna sína eigin rödd þarna, og tónlistin er undir töluverðum áhrif af Mendelssohn.

Hljómsveitin spilaði ágætlega á tónleikunum undir öruggri stjórn Evu Ollikainen. Bæði í konsertunum, og ekki síður í tónaljóðinu Don Juan eftir fyrrnefndan Strauss. Ég verð að segja að hingað til hefur frammistaða hljómsveitarstjórans, ekki bara á þessum tónleikum heldur undanfarna mánuði, verið framar vonum. Það eru einhver heilindi í túlkun hennar sem eru einkar ánægjuleg. Óhætt er að fullyrða að Sinfónían er heppin að hafa hana sem aðalstjórnanda. ■

NIÐURSTAÐA: Frábærir einleikarar, sérstaka athygli vakti að annar þeirra er aðeins fjórtán ára. Hljómsveitin spilaði mjög vel.

Óperudagar

14. október - 20. nóvember

Ástardrykkurinn

Mexíkósk veisla Svönu

Music and the brain

KIMI og 15:15

FIDELIO *ATLAGA AÐ ÓPERU*



Andri Björn og Brák

David Lang

Bárur

Góðan daginn, frú forseti

Heiða, Hilmar og Ásbjörg

Fuglabjargið

TÓNLEIKAR FYRIR LOFTSLAGIÐ

Ljóð fyrir loftslagið



Ást í raun

Takk:

operudagar.is

...og margt fleira

Reykjavíkurborg · Samstarfsvettvangur jóðfæraleikara á Íslandi · LOFTSLAGSSJÓÐUR · Nordens Hus · Sendiráð Íslands Mennta- og menningarmálaráðuneytið · VINAFÉLAG IÓ · Félag íslenskra leikara · SÖNGSKÓLI SIGURÐAR DEMETZ · NORDISK KULTURFOND · Íslenski tónverkasjóður · artists' listenhous gallery fund

blómaval

Allar pottaplöntur

Ný sending vikulega

25% afsláttur

Októberstjarnan

Til styrktar Bleiku slaufunni

26%

Bleik og falleg.
126087321

1.990 kr
~~2.690 kr~~

Haustlaukar

Loforð um litríkt vor

25% afsláttur

28%

blómaval

Hausterikur 3 stk.

3 stk. að eigin vali.

1.299 kr
~~1.797 kr~~

Hausterikur 1 stk. **599 kr**

Blómavals-vöndurinn

29%

Blómavals-vöndurinn
10001050

4.990 kr
~~6.990 kr~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Raftækjadagar

Gildir til 17. október

Sparaðu 15.000 kr

AEG Þvottavél
L6FBI48S
8 kg, 1400 snúninga, með kolalausum mótor, Vigtar þyngd þvottar.
1860502

79.990 kr
~~94.990 kr~~

eta since 1943

20%

Airfryer
3,5 ltr., hitastilling 80-200°C.
1851560

11.990 kr
~~14.990 kr~~

eta since 1943

Hakkari Basto 500W
Fjögurra blaða hnífur. 500W.
Má fara í uppþvottavél. 1851300

4.550 kr
~~5.690 kr~~

20%

GROHE damixa™

Blöndunar-tæki

25% afsláttur

Nilfisk háþrýsti-dælur

20% afsláttur

80% 60% 50% 50% 70% 40%

HÚSASMIÐJAN

OUTLET

Útsölumarkaður Húsasmiðjunnar
í öllum verslunum

Flísar

25% afsláttur

Orthex geymslubox

25% afsláttur

Tilbo

Parket

25-40% afsláttur

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

LADY innimálning

25% afsláttur

Skannaðu QR kóðann
og skoðaðu blaðið
á husa.is

óðsveisla

LADY lita-kort 2022
Skannaðu
QR kóðann

Nýir litir frá LADY

Nokkrir af okkar uppáhaldslitum
úr nýja litakortinu frá LADY.

1376	12180	12181	12182	20185	20184
Frostrøk	Present	Soft Comfort	Gentle Whisper	Friendly Pink	Thoughtful

Fimmtudagur

Hringbraut

18.00 Kvennaklefinn (e) Heimsborgaralegur, hreinskilinn, fjörugur, óvenjulegur og ótrúlega skemmtilegur þáttur fyrir konur, um konur.
18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Mannamál - Helgi Pétursson í Ríó. Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga.
19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.00 Sir Arnar Gauti Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu og margt fleira.
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.

RÚV Sjónvarp

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Kastljós
11.25 Menningin
11.35 Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988
12.30 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
12.45 Fólkið í landinu Magnús Geir Þórðarson.
13.10 Fjársjóður framtíðar Skipsflak, þorskur og list.
13.45 Út og suður
14.15 Veröld Ginu
14.45 Popppunktur 2010 Hjaltalín – KK band.
15.45 Gulli byggir
16.15 Sporið
16.40 Loftlagsþversögnin
16.50 Neytendavaktin
17.20 Landinn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Holly Hobbie
18.25 Lúkas í mörgum myndum
18.32 Tryllitæki - Klósettsturtarinn
18.38 Matargat Ræskrispís kökur.
18.44 Miðaldafréttir Fyrsti pappírinn.
18.45 Krakkafréttir
18.50 Lag dagsins Er þetta ást? Flytjandir: Unnsteinn. Manúel Höfundar: Páll Óskar Hjálmtýsson og Örlygur Smári.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Tónatal Friðrik Dór Jónsson. Í þáttunum fá áhorfendur að sjá nýjar hliðar á mörgu af áhugaverðasta tónlistarfólki landsins.
21.05 Klofningur The Split
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Babýlon Berlín Babylon Berlin
23.10 Saknað - Seinni hluti Saknad
00.40 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

07.35 LET Tour Útsending frá Aramco Team Series – London á Ladies European Tour.
12.00 European Tour Bein útsending frá Estrella Damm N.A. Andalucia Masters.
17.00 LET Tour Bein útsending frá Aramco Team Series.
21.00 PGA Tour Bein útsending frá CJ Cup @ Summit.
00.00 PGA Tour. The Cut Skyggnst á bak við tjöldin hjá PGA mótaröðinni.

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 Best Home Cook Skemmtilegir þættir þar sem tíu ástríðukokkar mæta til leiks og fá tækifæri að sanna hæfni sína í eldhúsinu.
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 The Unicorn
20.35 Missir Áhrifamikil og vönduð íslensk þáttaröð. Sorg er viðbrögð við missi og ef við ætlum að elska verðum við að syrgja.
21.10 The Resident
22.00 Walker
22.45 Reprisal
23.30 The Late Late Show
00.15 The Equalizer
01.00 Billions Mögnuð þáttaröð um milljónamæringinn Bobby „Axe“ Axelrod sem hefur byggt upp stórveldi í kringum vogurnarsjóð og er grunaður um ólöglega starfshætti.
01.45 The Handmaid's Tale
02.35 The Walking Dead
03.20 Tónlist

RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Sankti María, sestu á stein
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hljómboxið Klakarnir mæta Öldunum.
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sinfóníukvöld. Á leið í tónleikasal
19.30 Sinfóníutónleikar
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin

Stöð 2 Bíó

12.00 Justice League vs. the Fatal Five
13.15 Monster in Law
14.55 Palm Beach
16.30 Justice League vs. the Fatal Five
17.45 Monster in Law
19.20 Palm Beach
21.00 Jumanji. The Next Level
22.55 John Wick. Chapter 3 - Parabellum
01.05 Blindspotting
02.35 Jumanji. The Next Level

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.15 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Grey's Anatomy
10.05 Gilmore Girls
10.45 Ísskápastríð
11.15 Vitsmunaverur
11.45 Friends
12.10 Friends
12.35 Nágrannar
12.55 The Office
13.15 God Friended Me Önnur þáttaröð þessara stórskemmtilegu og öðruvísi þátta um trúlausan ungan mann sem liggur síður en svo á skoðunum sínum.
14.00 Modern Family
14.20 Shipwrecked
15.10 Home Economics
15.30 12 Puppies and Us
16.30 10 Ways To Lose 10 Years
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Patrekur Jamie. Æði
19.25 Temptation Island
20.20 Hell's Kitchen
21.05 NCIS. New Orleans
21.50 Chucky
22.55 Real Time With Bill Maher
23.50 Wentworth
00.40 Dr. Death Joshua Jackson, Alec Baldwin og Christian Slater eru á meðal leikara í þessum mögnuðu þáttum sem byggðir eru á ótrúlegri sannri sögu.
01.35 Animal Kingdom
02.20 Beartown
03.10 Friends
03.35 Friends
03.55 Modern Family Frábær gamanþáttur um líf þriggja nútímafjölskyldna.

Stöð 2 Sport

07.35 Njarðvík - Þór Þ. Útsending frá leik í úrvalsdeild karla í körfubolta.
09.15 Stjarnan - ÍR
10.55 Tindastóll - Valur
12.35 Körfuboltakvöld karla
13.35 Valur - Breiðablik Útsending frá leik í úrvalsdeild kvenna í körfubolta.
15.15 Grindavík - Njarðvík
17.00 Körfuboltakvöld kvenna
18.00 Þór Þ. - Vestri Bein útsending frá leik í úrvalsdeild karla í körfubolta.
20.05 KR - Tindastóll Bein útsending frá leik í úrvalsdeild karla í körfubolta.
22.00 Tilþrifin 2. umferð
22.45 Körfuboltakvöld kvenna
23.40 Þór Þ. - Vestri

Stöð 2 Sport 2

07.00 Shakhtar - Inter
08.35 PSG - Manchester City
10.20 AC Milan - Atletico Madrid
12.05 Real Madrid - Sheriff
13.45 Meistaradeildarmörkin - 28. september
14.35 Arizona Cardinals - San Francisco 49ers
17.05 Lokasóknin 4. þáttur
17.40 Norður-Makedónía - Þýskaland
19.20 Valencia Basket - Real Madrid
20.55 The Fifth Quarter
21.15 NFL Gameday
21.45 Mörkin í undankeppni HM
22.35 West Ham - Rapid Vín
00.15 The Fifth Quarter
00.30 NFL Gameday

FRÉTTAVAKTIN

Fréttaumfjöllun fyrir alla kl. 18.30 á virkum dögum

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða +helstu mál líðandi stundar. Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is

HRINGBRAUT

Allra best

Bók

Stúlka, kona, annað

Bernardine Evaristo fékk Booker-verðlaunin árið 2019 fyrir Stúlka, kona, annað, sem nú er komin út í íslenskri þýðingu Helgu Soffíu Einarsdóttur. Skáldsagan segir frá lífi tólf persóna, flestar eru þeldökkar konur, jafn ólíkar og þær eru margar.

Seiðandi stíll Evaristo heillar lesandann og dregur hann inn í sagnaheim þar sem hver einasta persóna lifnar við. Skáldsagan er fyndin og harmræn og ákaflega skemmtileg. Svona á sagnalist að vera og engin furða að bókin hafi verið hlaðin lofi. Skyldulesning fyrir allar konur – og líka bók fyrir alla hina.

Leikhús

Ásta

Leiksýning Ólafs Egilssonar um Ástu Sigurðardóttur í Kassanum á Þjóðleikhússtorfunni er ágengasta leiksýning sem hægt er að njóta nú um stundir í íslensku leikhúsi. Enda þótt sýningin virðist helst til ruglingsleg framan af nær hún slíkum heljartökum á áhorfandanum þegar líður á hana, að leikhúsgesti setur hljóða í leikslok. Sjaldan hefur nokkurt íslenskt leikrit, sem byggir á ævi nafnkunnrar persónu, gengið jafn nærri henni – og afhjúpað breyskleika hennar og basl. Einmitt svona á leikhús að hreyfa við fólki.

Bíó

Dýrið

Dýrið, kvikmynd Valdimars Jóhannssonar, er magnað og margslungið verk sem leynir verulega á sér og reynir kannski dálítið á áhorfandann, sem uppsker ríkulega og fær heilmikið að hugsa um að myndinni lokinni. Gríðarlegar vinsældir myndarinnar erlendis þar sem hún hefur víðast varið ausin lofi, sýna svo ekki verður um villst að fólk var farið að þyrsta eftir einhverju öðruvísi og Valdimar og handritshöfundurinn Sjón hafa greinilega hitt á einhverja sammannlega taug. Dýrið er ómissandi öllum þeim sem vilja vera með á nótunum þar sem allt getur gerst, þegar verðlaunatíðin gengur í garð.

Netflix

Squid Game

Sama hvað segja má um hina mjög svo umdeildu suðurkóresku þætti Squid Game þá er einhver óræð snilld fólgin í öllu blóðbaðinu og subbuskapnum. Þættirnir eru klárlega það frumlegasta sem lengi hefur borið fyrir augu í sjónvarpi og vinsældir þeirra segja í raun allt sem segja þarf um hversu þreytt fjöldaframleitt sjónvarpsefni streymisveitanna er í raun og veru. Þar fyrir utan eru þættirnir frábærlega leiknir og snörp samfélagsádeila sem stuðar svo um munar.

Leikkonan Olga Boladz féll strax fyrir hugmynd Árna heitins Ólafs Ásgeirssonar að Wolka, sem segja má að hafi verið upphafið á fallegri vináttu. MYND/AÐSEND

Olga hefði vaðið eld fyrir Árna Óla

Náin vináttа tókst með leikstjóranum Árna Ólafi Ásgeirssyni heitnum og pólsku kvikmyndastjörnunni Olgu Boladz við gerð kvikmyndarinnar Wolka, sem því miður reyndist síðasta mynd Árna. Olga segist hafa notið þess að vinna með leikstjóranum ljúfa og traustið milli þeirra hafi verið slíkt að hún hefði kastað sér í eld fyrir hann og hlutverk Önnu í myndinni.

toti@frettabladid.is

Olga naut sín við tökurnar á Íslandi og kolféll fyrir landi og þjóð.

> Traustið milli okkar var svo mikið og sterkt eftir allan þennan tíma sem við höfðum talað um myndina.

Pólska leikkonan Olga Boladz sótti Ísland heim öðru sinni til þess að vera viðstödd frumsýningu pólsk-íslensku spennumyndarinnar Wolka, sem því miður varð hinsta verk leikstjórans Árna Ólafs Ásgeirssonar sem lést fyrr á þessu ári eftir snarpa baráttu við krabbamein.

Árni Ólafur lærði kvikmyndagerð í Póllandi þar sem hann var jafnan með annan fótinn og þar hófst náin vináttа hans og Olgu, þegar þau þróuðu söguna að baki myndinni um árabil áður en tökur hófust loks á Íslandi.

Ísland opnar hugann

„Ég hafði engin tengsl við Ísland fyrr en Árni Ólafur fann mig, hringdi og sagðist vera með hugmynd sem ég gæti haft áhuga á," segir Olga. „Við hittumst og ég las þetta hjá honum og féll alveg fyrir persónunni og hlutverkinu. Síðan beið ég spennt í mörg ár eftir að komast til Íslands og gera myndina.

Ég kolféll fyrir Íslandi. Ég elska andrúmsloftið hérna og umburðarlyndið. Veðrið og landslagið eru síðan auðvitað þannig að þér líður eins og þú sért komin inn í allt annan heim. Allt öðruvísi en þegar maður er fastur í vinnu í Varsjá."

Einstakur maður

„Ég á marga vini hérna og Árni Ólafur, sem er nýdáinn, var einn besti vinur minn," segir Olga og bætir við að Árni Ólafur hafi verið einstakur maður. „Ég er svo þakklát fyrir að við gátum gert þessa mynd saman eftir að hafa ætlað okkur það í mörg ár.

„Ég elska hann vegna þess að við urðum svo náin þegar við byrjuðum hugmyndavinnuna fyrir myndina. Þá hittumst við á börum í Varsjá þar sem við vorum alltaf að tala um hvað við ætluðum að gera. Hvernig Wolka ætti að vera og hvaða nálgun ég tæki á persónuna. Þannig að þetta voru fjögur ár þar sem við vorum úti að borða. Bjór og samræður, þannig að við þekktumst mjög vel þegar við byrjuðum loksins á myndinni og vorum þá svo tilbúin í þetta."

Olga segir Árna Óla hafa verið sérlega þægilegan leikstjóra sem hafi gefið henni fá fyrirmæli en þeim mun meiri hvatningu. „Traustið milli okkar var svo mikið og sterkt eftir allan þennan tíma sem við höfðum talað um myndina. Hann var mjög nærgætinn og ljúfur. Ég hefði sem leikkona vaðið eld fyrir hann."

Sammannleg saga

Wolka gerist á Íslandi en leikararnir eru flestir pólskir. Olga segist þó ekki líta á myndina sem pólsk-íslenska. „Þegar ég las handritið fannst mér þetta vera goðsögn. Forn saga um örlög manneskjunnar og hvaða stefnu hún tekur í lífinu. Þú getur reynt að flýja eða fela þig en örlögin ná þér alltaf," segir Olga og bætir við að Anna, sem hún leikur, sé einmitt í þessum gamalkunnu aðstæðum.

„Hún gerir mjög slæma hluti og þegar upp er staðið horfist hún í augu við það sem hún hefur gert. Þannig að fyrir mér er þetta ævaforn saga, eins og goðsögn, þannig að allir eiga að geta skilið Önnu og hver hún er," segir Olga.

„Ég sá eina af fyrri myndum Árna, Brim, á íslensku í bíó og mér finnst ekki skipta máli hvort maður kunni tungumálið eða ekki. Þú getur skynjað söguna vegna þess að kvikmynd er góð ef hún snertir við tilfinningum þínum. Og Wolka kemur við tilfinningar þar sem hún fjallar um móður sem er að leita að barninu sínu. Reyna að öðlast frelsi og fá að vera manneskja."

Sama kaldhæðnin

Olga er þess fullviss að Pólverjar á Íslandi muni kunna vel að meta myndina og segir aðspurð að margar hliðstæður megi finna með Pólverjum og Íslendingum og hún fái ekki betur séð en að löndum hennar, sem hafi sest hér að, líði mjög vel.

„Þetta voru tveir hópar sem unnu að gerð Wolku, Íslendingar annars vegar og Pólverjar hins vegar. Við unnum náið saman alla daga og vorum alltaf saman í þessum þrönga hópi út af Covid, þannig að við dönsuðum líka saman, hlógum og vorum í partíum. Við skemmtum okkur vel saman og höldum enn sambandi í gegnum Facebook."

Olga bætir við að Íslendingar og Pólverjar eigi það meðal annars sameiginlegt að telja ekki eftir sér að vinna mikið við erfiðar aðstæður. „Við kvörtum ekki mikið og erum með sömu kaldhæðnina og getum hlegið að sömu bröndurunum."

Olga segir íslenska umburðarlyndið heilla hana sérstaklega. „Ég veit ekki hvað hefur gerst á síðustu sjö til átta árum, þar sem pólska íhaldsstjórnin hefur klofið þjóðina. Mér finnst viðsýni ykkar það besta við Ísland. Hér er svo sjálfsagt að manneskjur megi vera þær sem þær eru," segir Olga og nefnir sérstaklega kynfrelsi og kvenréttindi. ■

Wolka

Þegar Anna fer á reynslulausn eftir fimmtán ár í fangelsi í Póllandi hefur hún aðeins eitt takmark. Að finna konu að nafni Dorota. Hún er við það að gefast upp á leitinni þegar hún kemst að því, sér til mikilla vonbrigða, að Dorota flutti til Íslands nokkrum árum áður.

Anna kastar öllu frá sér og ferðast til Íslands á fölsku vegabréfi, vitandi það að hún gæti verið að fórna frelsinu með því að taka áhættuna og rjúfa skilorð.

Síðasta mynd Árna Ólafs

Spennumyndin Wolka er síðasta kvikmynd leikstjórans ástsæla Árna Ólafs Ásgeirssonar sem var aðeins 49 ára þegar hann lést fyrr á þessu ári eftir skammvinn veikindi.

Árni lærði kvikmyndagerð við hinn virta Łódź-skóla í Póllandi. Blóðbönd og Brim eru meðal þeirra fjögurra mynda í fullri lengd sem hann leikstýrði á ferlinum, en Wolka er fyrsta leikna íslenska kvikmyndin sem veitir innsýn í pólskt samfélag á Íslandi.

Wolka var frumsýnd á Icelandic Panorama í tengslum við RIFF, en fer í almennar sýningar í Sambíónum, Bíó Paradís og Eyjabíói á föstudaginn.

NIVEA
Tímamóta uppgötvun gegn litablettum
með sjáanlegum árangri á 4 vikum
Skannaðu mig til að
byrja þitt tímamótaskref
fyrir ljómandi húð
NÝJUNG
NIVEA
CELLULAR
LUMINOUS 630°
ANTIDARK-SPOT
SERUM
ADVANCED TREATMENT
REDUCES & HELPS PREVENT THE
APPEARANCE OF DARK-SPOTS
FOR EVEN & LUMINOUS SKIN
VISIBLE RESULTS IN 4 WEEKS
LUMINOUS 630°
PATENTED
NIVEA
CELLULAR
LUMINOUS 630°
ANTI DARK-SPOT
SERUM
ADVANCED TREATMENT

Metsölulisti

Vikuna 6.-12.október

1 Heimskautsbaugur
Liza Marklund



2 Sjö systur
Lucinda Riley

3 Launsátur
Jónína Leósdóttir

4 Bréfið
Kathryn Hughes

5 Höggið
Unnur Lilja Aradóttir



6 Myrkrið milli stjarnanna
Hildur Knútsdóttir

7 Þögla ekkjan
Sara Blædel

8 Ferðalag Cilku
Heather Morris



9 Kynslóð
Harpa Rún Kristjánsdóttir



10 Stúlka, kona, annað
Bernardine Evaristo

Penninn Eymundsson

Pulp Fiction er ein uppáhaldsbíómynd kvikmyndaáhugamannsins Jóhanns Leplat, sem myndi þó kannski hugsa sig tvisvar um áður en hann legði í pólitískar rökræður við byssukjaftana Vincent og Jules. MYND/ MIRAMAX

Kvikmyndirnar að kafna í pólitíska réttrúnaðinum

Jóhann Leplat Ágústsson stofnaði Facebook-hópinn Kvikmyndaáhugamenn fyrir tíu árum, en hefur einnig vakið athygli fyrir afdráttarlausar skoðanir á ýmsu öðru en kvikmyndum. Hann segist alls ekki ætla að hætta að ræða pólitíska hugmyndafræði þótt allar skoðanir séu velkomnar í hópinn.

odduraevar@frettabladid.is

„Ég er algjör kvikmyndáhugamaður og elska góðar kvikmyndir. Þetta er bara áhugamál mitt og mér líður stórvel með þetta," segir Jóhann Leplat, um árin tíu með Kvikmyndaáhugamönnum. „Það er gaman að hóa fólki saman til að ræða kvikmyndir."

Jóhann fer ekki í grafgötur með skoðanir sínar á pólitískum réttrúnaði í hópnum. Hann segist telja miðla á borð við The Guardian og Twitter vera orðna áróðursmaskínur vinstrisins. „Það er engum hollt í rauninni að taka því sem gefnu að fólk sé gott eða vont," útskýrir Jóhann. Hann nefnir femínisma í þessu samhengi.

„Myndin Ghostbusters frá 2016, þar sem voru bara konur, er fullkomið dæmi um það þegar pólitísk hugmyndafræði yfirtekur kvikmyndir og í rauninni eyðileggur eitthvað sem á bara að vera skemmtun. Eitthvað sem á að vera gott. Það sjá allir að þetta er ekkert fyndið lengur, þetta er pólitískt," bætir Jóhann við. Hann tekur fram að markmiðið sé að hvetja til umræðu um þetta í hópnum, ekki vera stuðandi.

> Auðvitað má pólitík vera í myndum en listin á að vera ráðandi.

Jóhann Leplat Ágústsson

„Því ég hef sterkar skoðanir gagnvart þessari hugmyndafræði og finnst þetta vera að gera ógagn fyrir fólk sem virkilega þarf á stuðningi að halda," segir Jóhann. Inntur eftir svörum um það hvernig kvikmyndir tengist þessu, segist Jóhann oft hafa fengið þá spurningu.

„Þetta er allt byggt á ákveðinni forsendu um að konur séu minnihluti, vegni verr og ef ég er með einhverja skoðun sem tengist femínismanum, þá má hún ekki eiga rétt á sér því að femínískar pólitískar skoðanir eru æðstar og þetta tengist í rauninni allt. Þetta tengist kvikmyndum og þetta tengist öllu," útskýrir Jóhann. „Auðvitað má pólitík vera í myndum en listin á að vera ráðandi."

Jóhann segist eiga léttara með að taka harðar umræður í Kvikmyndaáhugamönnum nú heldur en fyrir tíu árum. Hann tekur fram að allar skoðanir séu velkomnar í hópinn og hann sé ekki að reyna að stuða einn né neinn.

„Ég hef gríðarlegan áhuga á kvikmyndum og ég hef líka gríðarlegan áhuga á pólitík og sögu. Og þeir sem hafa áhuga á pólitík, og þeir sem hafa áhuga á femínisma og vilja tjá sig með þeim hætti á þessari grúppu, þeim er alveg fyllilega leyfilegt að gera það, því að í grúppunni minni ríkir vestrænt gildi sem heitir málfrelsi. Þannig að ég er í rauninni ekkert að ritskoða neinn." ■

Hraðprófað í edrúpottinn

svavamarin@frettabladid.is
toti@frettabladid.is

Sóttvarnastíflur munu bresta svo um munar í kvöld, þegar þrenn langþráð framhaldsskólaböll verða haldin í Reykjavík þegar nemendur Menntaskólans í Reykjavík og Kvennó bregða undir sig betri fætinum, auk þess sem Tækniskólinn verður með nýnemaball í samstarfi við nemendafélög fjölbrautaskólanna í Breiðholti og Ármúla.

Sólrún Dögg Jósefsdóttir, inspector scholae, staðfesti í samtali við Fréttablaðið að eðli málsins samkvæmt væru MR-ingar í bullandi peppi fyrir kvöldinu, enda streymdu þeir í skólabókasafnið Íþöku í gær til þess að þreyta hraðpróf sem menntskælingarnir þurfa að standast til að fá að djamma.

Spennan var engu minni í Kvennó þar sem fjörið mun bókstaflega freyða. „Ballið er froðu rave þannig við erum með froðuvél, þannig að það er sápa og stemmning," segir Hekla Dís Kristinsdóttur, forseti nemendafélagsins Kveðjunnar.

„Það eru allir ótrúlega spenntir að það sé loksins ball og að vera orðin nokkuð frjáls aftur," segir hún um nemendurna, sem munu mæta til leiks málaðir með neon-litum. Aðspurð segir hún alla nemendur þurfa að fara í hraðpróf fyrir ballið en þau fóru fram hjá Öryggismiðstöðinni.

„Svo er edrúpottur þar sem allir þurfa að blása þegar þeir mæta og þeir sem fá jákvætt geta unnið flotta vinninga. Þetta ýtir undir edrúmennsku, " segir hún bjartsýn." ■

Nemendur MR þreyttu hraðpróf í Íþöku í gær til þess að komast öruggir á ballið í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ ERNIR

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Aðventan er framundan!

Jólaboðið

Sala á aðventu-sýningar hefst í dag kl. 10!

LEITIN AÐ JÓLUNUM

LÁRA OG LJÓNSI

Jólasaga

Þjóð leik húsið

Tryggðu þér miða í nóvember og desember á leikhusid.is!

Afmælisveisla

AFMÆLIS 20% AFSLÁTTUR

HOUSTON hornsófi

Bonded leður. Stærð: 275 x 210 x 85 cm. Einnig hægt að fá 2,5 og 3ja sæta sófa. **Fullt verð: 249.900 kr.**

Aðeins **199.920 kr.**

SEAFORD sjónvarpsskápur

Villt eik. 140 x 40 x 45 cm. **Fullt verð: 49.900 kr.**

Aðeins **39.920 kr.**

AFMÆLIS 25% AFSLÁTTUR

LICATA tungusófi

Tungusófi í tveimur litum af Kentucy áklæði, koníaksbrúnum og steingráum og einnig í River 66 Graphite áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 265 x 165 x 82 cm. **Fullt verð: 244.900 kr.**

Aðeins **183.675 kr.**

SEAFORD eldhúsvagn

Svart gler eða villt eik.
60 x 30 x 75 cm.
Fullt verð frá: 11.900 kr.

Aðeins **9.520 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Frábær afmælistilboð

BOSTON CITY
stillanlegt heilsurúm

AFMÆLIS 30% AFSLÁTTUR

Boston City fást í þremur stærðum; 160x200 og 180x200 cm. Botn, dýna og gafl eru klædd sama dökk-eða ljósgráa, slitsterka áklæðinu sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Efst er mjúk og þægileg yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun. Rúminu fylgir þráðlaus fjarstýring .

Boston City 160 x 200 cm stillanl. heilsurúm – Fullt verð: 479.900 kr.
Aðeins **335.930 kr.**

Boston City 180 x 200 cm stillanl. heilsurúm – Fullt verð: 499.900 kr.
349.930 kr.

DANA DREAM
stillanlegur koddi

Þægilegur dúnkoddi frá Quilts of Denmark. Dúnlag og svo stillanlegur með svampfyllingu. Áklæðið er úr 100% bómull. Stærð: 50x70cm. **Fullt verð: 18.900 kr.**

Aðeins **12.852 kr.**

ULTRA COOLING
koddi

Vandað, kælandi áklæði umlykur Ultra Cooling koddann. Stærð: 40x60cm. Sveigjanlegur Visco koddi sem lagar sig að háls- og höfuðsvæði þínu og léttir á þrýstingi.
Fullt verð: 9.900 kr.

Aðeins **6.930 kr.**

Nature's **LUXURY**
heilsurúm með Classic botni

Frábær heilsudýna með yfirdýnu fyrir betri hvíld.

Natures Luxury er frábær heilsudýna með 20cm háum svæðaskiptum pokagormuum, mýkri á mjöðmum og öxlum. Dýnan er samansett úr 5 lögum af mismunandi svampi með 4 cm minnissvampi sem aðlagast fullkomlega að líkamanum. Dýnan er millistíf en aukalögin af svampinum gefa sérstaka lúxustilfinningu þegar lagst er í hana. Natures Luxury er tilvalin á venjulegan botn sem og í stillanleg rúm.

Fullt verð 160 x 200 cm: 164.900 kr.

Aðeins **125.430 kr.**

RY kommóða

Á6 skúffur. Svört og hnota. Stærð: 102 x 40 x 95 cm.
Fullt verð: 69.900 kr.

Aðeins **49.900 kr.**

DORMA

Láttu drauminn rætast

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

Bleika slaufan fæst í Nettó
nettó

Bakþankar

Kolbeins Marteinssonar

Frægð

Fyrir nokkrum árum sat ég til borðs með forstjóra íslensks stórfyrirtækis sem var með starfsemi í mörgum löndum. Við ræddum um ýmislegt en þegar kom að fjölmiðlaumfjöllun um fyrirtækið var þessi stjórnandi með skýra og einfalda stefnu. „Það er mín skoðun að það sé betra fyrir fyrirtæki eins og okkar að halda sig til hlés þegar kemur að umræðu á Íslandi, “ sagði forstjórinn, en ekki af meðfæddri hógværð eða hlédrægni heldur að athuguðu máli. Hann bætti við að það væri nefnilega oft þannig að ef maður hefði sóst of mikið eftir frægð og frama, þess meiri athygli fengi maður ef manni yrði á. Þess vegna nálgaðist þetta fyrirtæki kynningarmál sín af varfærni. Færi aðeins út að vandlega yfirlögðu ráði með skýr markmið og tilgang.

Mér hefur alltaf fundist þessi stefna skynsamleg. Því stærra sem eitthvað er, því hærra verður fallið ef mistök verða gerð. Þess vegna er gott að setja sér stefnu í samræmi við markmið sín, hvort sem við erum að tala um okkur sem persónur eða fyrirtæki, félagasamtök eða stofnanir. Segja satt, vera samkvæm sjálfum okkur og velja okkur réttu slagina. Aðilar sem til dæmis taka alla slagi sem í boði eru, geta auðveldlega orðið eins og fulla frænkan sem hefur alltaf aðeins of hátt í öllum veislum. Hún fær að vera með út af fjölskyldutengslum, en flestir vildu vera lausir við hana.

Ég hef sagt það hér áður og segi enn, að þeir sem síðan ljúga eða hliðra sannleikanum gera það bara í skamman tíma. Að þessu sögðu þá máttu muna að það þýðir síðan lítið að fara að skæla yfir áhuga fjölmiðla á þér, eftir að þú hefur árum saman leitast eftir sviðsljósinu. ■

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ